



75. ÍPRÓTTAÞING ÍSÍ

LAUGARDAL, REYKJAVÍK

7. MAÍ 2021

Íþróttaping 2021

Haldið í laugardalnum í Reykjavík 7. maí

Þinggerð

1. Forseti ÍSÍ Lárus L. Blöndal ávarpar og setur þingið kl. 16.00

Góðir þingfulltrúar og aðrir gestir ég býð ykkur velkomin til 75. Íþróttapings ÍSÍ.

Frá síðasta íþróttapingi hafa fimm heiðursfélagar fallið frá, það eru þau Alfreð Þorsteinsson, Ástbjörg Gunnarsdóttir, Friðjón B. Friðjónsson, Sigurgeir B. Guðmannsson og Vilhjálmur Einarsson. Við skulum hefja fundinn á því að minnst þeirra og annarra látinna félaga úr hreyfingunni með stuttri þögn, takk fyrir.

Við lifum á óvenjulegum tímum og þingið er haldið með óvenjulegum hætti. Það er kannski fullmikið sagt að það sé svo eftir þennan Covid tíma því það er búið að halda býsna mörg þing á þessu vori og síðasta vori með fjarfundarbúnaði þar sem menn hafa ekki haft tækifæri til að hittast augliti til auglitis. Þetta er eitthvað sem við höfum tamið okkur og lært á þessum Covid tímum. Eins og kannski á fleiri þingum ætlum við að hafa hér ræður og kynningar í styttri kantinum til að spara tíma en hins vegar verður vísað á ítarlegri upplýsingar sem eru aðgengilegar á heimasíðu ÍSÍ.

Þetta Covid ár hefur verið mikil áskorun fyrir alla íþróttahreyfinguna bæði hér á Íslandi og annars staðar. Við þekkjum það hvernig árið hefur verið fyrir félögin okkar og sérsamböndin sem hafa haldið úti keppnishaldi og þurft að gera breytingar eftir því hvernig vindurinn hefur blásið í sóttvörnum. Við höfum verið í miklum samskiptum við sóttvarnaryfirvöld og höfum þurft að breyta, bæta, laga og bregðast við skyndilegum ákvörðunum á mjög skömmum tíma. Þetta höfum við gert í gegnum þetta rúma ár, við höfum átt góðan tíma inn á milli þegar veiran hefur verið í láginni, en því miður hefur stærri hluti þessa tíma verið á hinn veginn.

Við þekkjum það að við höfum þurft að fresta íþróttaviðburðum, bæði hérna heima og ekki síður erlendis. Ólympíuleikunum var frestað á síðasta ári til ársins í ár og það er í fyrsta skipti utan stríðstíma sem að það gerist. Það hefur verið meiriháttar röskum á öllu keppnishaldi á heimsvísu og þessar aðstæður eru í raun og veru einstakar í sögu íþróttanna í heiminum.

ÍSÍ gegndi mjög mikilvægu hlutverki á þessum tímum. ÍSÍ var tengiliður milli stjórnvalda og íþróttahreyfingarinnar. Framkvæmdastjóri ÍSÍ, Líney Rut Halldórsdóttir, vann ótrúlega vinnu á þessum tíma við að hafa milligöngu bæði við stjórnvöld og við íþróttahreyfinguna. Þetta hefur verið gríðarleg vinna sem tókst alveg frábærlega. Haldnir voru margir fundir um sóttvarnarmál, þar sem breytingar á sóttvarnareglum voru kynntar. Það leiddi til þess að íþróttahreyfingin hafði mögulega meiri áhrif en ella á viðbrögðum sóttvarnaryfirvalda. Margir fundir voru haldnir með sambandaðilum, bæði sérsamböndum og íþróttahéruðum. Það má kannski segja að við höfum haft

75. Íþróttaping ÍSÍ

meiri samskipti á þessu rúma ári heldur en oft áður þar sem við tileinkuðum okkur þessa nýju tækni sem að allir þekkja í dag.

Ég verð að segja að það hefur verið mikið álag fyrir íþróttahreyfinguna að bregðast við nýjum og nýjum sóttvarnaraðgerðum með mismunandi reglum. Allt hefur þetta gengið frábærlega vel. Menn hafa sýnt mikla hugkvæmni, hafa flutt íþróttaiðkun barna og unglinga inn á heimilin, verið mjög frjóir í hugsun og látið verkin tala. Ég held að það megi segja það um hreyfinguna í heild sinni að hún hefur staðið sig alveg frábærlega. Það er líka mjög ánægjulegt að sjá hvað það hefur verið mikil samstaða í hreyfingunni, við höfum verið mjög samstíga um að fylgja sóttvarnaryfirvöldum og styðja þær aðgerðir sem sóttvarnaryfirvöld hafa gripið til. Það held ég að hafi bæði verið okkur og þjóðinni til heilla. Við erum auðvitað mjög stór hreyfing og höfum mikil áhrif í þessu samfélagi og okkur ber auðvitað skylda til þess að vinna með yfirvöldum þegar svona stendur á.

Íþróttahreyfingin eins og aðrir hefur borið fjárhagslegan skaða vegna þessara sóttvarnaraðgerða. Það hefur hvorki verið hægt að stunda íþróttir, né að keppa í þeim, tekjufall hefur orðið töluvert mikið og það hefur komið niður á íþróttahreyfingunni eins og mörgum öðrum í þessu samfélagi. ÍSÍ hefur verið í samskiptum við stjórnvöld um það hvernig hægt er að bregðast við og ég verð að segja að við getum verið mjög ánægð með það hvernig yfirvöld hafa gengið fram í samningum við okkur. ÍSÍ hefur t.d. frá síðasta vori greitt út 750.000.000 króna. Á fyrra hluta síðasta árs voru greiddar út 300.000.000 krónur í almennum aðgerðum og 150.000.000 krónur í sértækum aðgerðum og síðan aftur 300.000.000 krónur í almennum aðgerðum fyrr á þessu ári. Þá höfum við einnig samið og verið í samstarfi við ríkið um með hvaða hætti er hægt að bæta íþróttahreyfingunni þetta fjárhagstjón sem m.a. hefur leitt til þess að ekki hefur verið auðvelt að standa við samninga um launa- og verktakagreiðslur. Það var gengið frá því í nóvember á síðasta ári að íþróttahreyfingin fengi greiddar allar þær verktaka- og launagreiðslur sem að hreyfingin greiddi á þeim tíma þegar röskun var á starfseminni og ekki var hægt að stunda æfingar eða keppnir. Samtals hefur mér reiknast það til að vegna þess tíma sem núna er liðinn þá sé búið að greiða á þriðja milljarð til íþróttahreyfingarinnar og er það gríðarlega mikill stuðningur og við erum í raun og veru mjög ánægð með hvernig þetta hefur atvikast. Það skemmtilega er að þegar frumvarp um launagreiðslur kom inn í þingið þá stóð allur þingheimur að því þannig að verktakagreiðslum var bætt við. Við höfum greinilega stuðning hjá þingmönnum.

Fjármál íþróttahreyfingarinnar voru auðvitað mjög í brennidepli og þar er mikil vinna búin að fara fram innan ÍSÍ við að greina alls konar kostnaðar- og tekjuliði til þess að veita stjórnvöldum upplýsingar til að hjálpa þeim við hvaða aðgerða yrði gripið. Þetta hefur kennt okkur ýmislegt um íþróttahreyfinguna. Við vitum núna að það vantar sárlega ákveðnar upplýsingar inn í það kerfið sem við höfum til að safna saman gögnum. Til að mynda var ekki hægt að sjá í okkar upplýsingakerfi greinarmun á verktakagreiðslum og launum. Síðan var ýmislegt annað sem að vantaði og við höfum nú þegar gripið til ráðstafana þannig að upplýsingagjöf núna á þessu ári og til framtíðar verður mun betri og mun gefa okkur betri mynd og upplýsingar um hvernig staðan er í hreyfingunni í heild sinni.

Ég ætla aðeins að fara yfir störf þeirra nefnda sem hafa verið að störfum frá síðasta þingi. Fyrsta nefndin var um þjóðarleikvanga. Vinnuhópnum var ætlað að kortleggja þarfir þeirra sérsambanda sem standast kröfur reglugerðar um þjóðarleikvanga í íþróttum og koma með tillögurum forgagnsröðun og úrlausnir. Nefndin skilaði af sér skýrslu í nóvember sem er á heimasíðu ÍSÍ, mjög ítarleg skýrsla sem ég hvet ykkur til að skoða. Það sem kom út úr þessari vinnu er að fyrst og fremst er verið að horfa á A sérsambönd, út frá skilgreiningu Afrekssjóðs, sem koma til greina að fáí þjóðarleikvanga en síðan er lögð áhersla á að okkar helstu íþróttir þar sem við erum að gera hvað

75. Íþróttaping ÍSÍ

best eigi að njóta forgangs miðað við aðrar. Þetta snýst svolítið um það hver aðkoma ríkisins á að vera og hver verður hlutur sveitarfélaganna. Það er í sjálfu sér málefni sem ríkið og sveitarfélögin þurfa að leysa úr. Hugmyndin er sú að ríkið komi til móts við sveitarfélögin til þess að auðvelda það að þjóðarleikvangar geti orðið til.

Það er rétt að nefna það líka að það var sett á fót nefnd, sem var ekki gert á síðasta þingi, til að fara í viðræður við Reykjavíkurborg og ríkið um þjóðarleikvanga fyrir innanhús íþróttir. Sú nefnd er búin að skila af sér, en skoðaði einnig rekstrarkostnað á svona mannvirki. Þannig að það er bæði búið að áætla byggingarkostnað á tilteknu húsi sem við höfum fyrirmynd af frá Noregi og síðan hver rekstrarkostnaðurinn er. Núna stendur fyrir dyrum að ríki og Reykjavíkurborg muni skoða það hvort ráðist verði í þessa framkvæmd en hugmyndin er að þetta hús yrði staðsett hér í Laugardalnum. KSÍ hefur líka gengið mjög ákveðið fram í því að tryggja að fá sinn þjóðarleikvang þannig að hann fullnægi öllum þeim kröfum og skilyrðum sem þarf og það er vonandi líka á góðu róli.

Síðan er vinnuhópur um stafrænt upplýsingarkerfi, sem settur var af stað eftir síðasta þing, en í hópnum er einnig fulltrúi frá UMFÍ. Það er búið að skoða málið ítarlega á þessum árum tveimur sem liðin eru. Þetta er býsna snúið mál og það kemur í ljós að það er töluverður munur á greiðslum til félaga eftir því hvort þau eru bara innan ÍSÍ eða hvort þau eru líka innan UMFÍ og meira segja munur innan þeirra sem eru á báðum stöðum á milli ákveðinna hópa. Við erum með þessi félög sem hafa beina aðild og síðan eru líka félög með nokkuð háar greiðslur miðað við aðra sem byggir þá á því að þeir njóta útreikninga sem byggja á félagsaðild en ekki bara íbúafjölda eða iðkendum. Staðan er sú núna að við erum með þennan vinnuhóp sem er áfram að reyna að ná saman um einhverja aðferð til að beita bæði reglum ÍSÍ og UMFÍ til þess að gera það mögulegt að jafna þá greiðslurnar milli allra félaga. Við leggjum áherslu á að þessi vinnuhópur haldi áfram og skili af sér á næsta þingi. Það er komin fram tillaga frá okkur um hvernig þessu gæti verið háttað en það ræður úrslitum í því hvort við náum samkomulagi við UMFÍ um breytingarnar, þetta á við um skiptingu lottótekna. Við gerum ráð fyrir að þetta klárast á framhaldsþingi í haust ef að samkomulag næst við UMFÍ.

Þar sem ég var byrjaður með skráningarkerfið þá er búið að vinna í því líka. Það átti sér uppruna með óánægju með Felix kerfið. Staðan er þannig að við erum með tilboð frá Sportabler og Nóra, það stendur til að ganga til samningaviðræðna. Gunnari Bragasyni gjaldkera ásamt framkvæmdastjóra ÍSÍ og UMFÍ hefur verið falið að ganga til samninga fyrirhönd samtakanna og vonandi gengur á næstu vikum að ná saman um það. Þá erum við komin með þetta á betri stað.

Síðan er það vinnuhópur um gístiaðstöðu. Það er búið að skila niðurstöðu þar og skýrsla hópsins er á heimasíðu ÍSÍ. Það var ekki talin þörf á sérstökum aðgerðum þar sem það eru töluverðir möguleikar á ódýrri gistingu á höfuðborgarsvæðinu. Síðan er gert ráð fyrir því að unnt sé að nýta skólahúsnæði og ekki talin ástæða til þess að íþróttahreyfingin fari í það að byggja sér gístiaðstöðu fyrir þá sem eru að koma utan af landi til keppni í Reykjavík.

Síðan er það vinnuhópur um rekstur íþróttafélaga í boltagreinum, sú vinna er enn í gangi og við gerum ráð fyrir að vinnuhópurinn kynni niðurstöðu sína á seinni hluta Íþróttapings.

Þá er vinnuhópur um rafleiki. Það snýst raunverulega um það hvernig íþróttahreyfingin eigi að hafa aðkomu að þessum rafleikjum sem eru að verða vinsælli og vinsælli út um allan heim. Hugmyndin er sú að þátttaka eða aðkoma íþróttahreyfingarinnar verði til þess að draga úr neikvæðum áhrifum af spilun sem eru töluverð og eru þekkt. Við erum hins vegar í þeirri stöðu að við höfum ákveðin gildi og við höfum reglur og stefnur sem eru kannski svolítið í aðra átt heldur en þessir leikir. Kunna að vera þar einhverjir þröskuldar sem þarf að leysa úr til þess að tölvuleikir geti heilt yfir verið hluti

75. Íþróttaping ÍSÍ

af starfsemi okkar., það er sem sagt vinnuhópur að störfum. Haldið var rafrænt málþing síðastliðinn mánudag sem ég hvet ykkur til að skoða en þar komu fram mismunandi sjónarmið og skoðanir og mjög áhugavert að hlusta á það. Við gerum ráð fyrir að vinnuhópurinn haldi áfram eftir þetta málþing sem hefur tafist mjög mikið út af ástandinu í samfélaginu.

Framkvæmdastjórn ÍSÍ setti fram tillögu til þingsins. Tillagan byggir fyrst og fremst á því að tryggja að rafíþróttanafnið verði eingöngu notað um íþróttir eða rafleiki sem að byggjast á íþróttum sem eru viðurkenndar af íþróttahreyfingunni. Það er gríðarlega mikilvægt að við látum það ekki gerast að íþróttahugtakið verði notað um eitthvað sem að tengist ekkert okkar starfsemi. Við vitum auðvitað að margir þessara leikja eru í beinni andstöðu við okkar gildi og það sem að við stöndum fyrir og það að menn geti orðið íþróttamenn í að iðka slíka hluti það er eitthvað sem að við teljum algjörlega óásættanlegt. Við höfum ekki tekið afstöðu til þess, eins og ég sagði áðan, hvernig þessir leikir aðrir en þessir íþróttaleikir hvernig þeir koma við okkar starf en það liggur hins vegar fyrir að þeir leikir sem byggja á viðurkenndum íþróttum að þeir verði fóstraðir hjá alþjóða sérsamböndum og síðan sérsamböndum. Knattspyrnurafleikir verða t.d. í umsjón KSÍ. Vinnuhópurinn mun starfa áfram og við vonumst til að hann skili af sér og vonandi verður eitthvað nýtt að fréttu á framhaldsþingi.

Varðandi framtíðina þá held ég að við getum sagt að Ísland komi vel út úr Covid og vel hafi tekist til við að halda uppi eðlilegu lífi og eðlilegri starfsemi í landinu. Ég tel að Ísland eigi eftir að rísa mjög hratt upp og það sama á við um íþróttahreyfinguna. Stjórnvöld hafa séð til þess að það er búið að styðja við fjárhagshlið íþróttanna sem á að gera okkur kleift að veita kröftuga viðspyrnu og fara af stað með látum og koma hreyfingunni á sama stað og hún var fyrir þessa Covid aðstæður. Þetta hafa verið erfiðir tímar fyrir hreyfinguna en við komum sameinuð út úr þeirri baráttu en ekki sundruð og það finnst mér skipta gríðarlegu máli, ég held að það hafi aldrei verið eins góð samstaða innan hreyfingarinnar og einmitt núna. Ég segi framtíðin er björt og við vonumst til þess að starfið verði komið á fullt innan fárra vikna frá deginum í dag.

Að síðustu ætla ég að fara yfir það sem stendur til að gera í lok þessa fundar en það er að fresta þinginu. Fram mun koma tillaga um að þinginu verði frestað fram á haust, fram í október. Við munum klára allar kosningar og afgreiðslu reikninga sambandsins og einnig þrjár tillögur sem við munum leggja áherslu á að verði samþykktar. Ástæðan er sú að við teljum það ekki ásættanlegt að taka til umræðu mikilvæga hluti eins og lagabreytingar, lottóskiptingamál, afreksstefnuna, rafíþróttir og rafleiki þegar menn geta ekki talað saman augliti til auglitis. Það er ástæðan fyrir því að við teljum nauðsynlegt að fresta.

Einnig höfum við áhuga á að heiðursveitingar fari fram þegar möguleiki verður að taka þátt í athöfninni og hægt verður að samgleðjast með viðkomandi. Síðan skiptir gríðarlega miklu máli að íþróttaforystan nái að hittast augliti til auglitis og rifjað upp hvernig mönnum líður við þær aðstæður. Að lokum höfum við velt því fyrir okkur að slá upp smá veislu í lok þingsins og þá er kjörið einmitt að halda áfram að geta átt orðastað við félagi í hreyfingunni. Ég vona að við munum gera úr þessu gott þing þrátt fyrir þessa aðstæður. Ég vil nota þetta tækifæri og þakka íþróttahreyfingunni allri fyrir frábæra frammistöðu í þessum ótrúlegu aðstæðum sem við höfum starfað við undanfarin misseri og ég segi að styrkleiki okkar skín í gegnum þá frammistöðu. Ég segi 75. íþróttaping sett.

75. Íþróttaping ÍSÍ

2. Kjörnir 1. og 2. þingforseti

Lárus lagði til að fyrsti þingforseti verði Guðrún Inga Sívertsen og annar þingforseti verði Viðar Helgason. Ef engin hreyfir við andmælum við því lít ég svo á að þau séu réttkjörin. Þau taka hér með yfir stjórn fundarins.

Kæru þingfulltrúar, stjórn ÍSÍ og aðrir góðir gestir. Við þökkum það traust sem okkur er sýnt með því að fela okkur að stýra þessu þinginu. Þingið er að þessu sinni rafrænt eins og þið eruð vitni að eins og margt annað um þessar mundir hjá okkur. Við ætlum að hvetjum þingfulltrúa til að vera í mynd því það er svo miklu skemmtilegra að sjá hvort annað þó að það sé á skjánum. Þá hvetjum við líka þingfulltrúa til virkan þátt eins og hægt er í þessu rafræna umhverfi. Kannski að við prófum aðeins búnaðinn og nú ætla ég að reyna aðeins á tæknimennina. Það eru alls konar tákni sem hægt er að merkja við og eigum við að prófa að þeir sem eru búnir að fá bólusetningu, eina sprautu eða báðar, að þeir setji þumalinn upp. Má ég sjá hver er fyrstur, glæsilegt. Tveir komnir með, þrír, það alla vega fjölgar í hópi þeirra sem eru bólusettir í íþróttahreyfingunni, það er gott að heyra.

Samkvæmt lögum ÍSÍ, grein 11.2 var boðað til íþróttapings með bréfi dagsettu 5. febrúar. Dagskrá og þinggöng voru send út með sama hætti 23. apríl í samræmi við ákvæði í grein 11.3 í lögum ÍSÍ. Þar með lít ég því svo á að löglega hafi verið boðað til þingsins samkvæmt lögum ÍSÍ.

Góðir gestir, rafrænu þingi fylgir að bregða þarf út af vananum varðandi nokkur formsatriði, þar á meðal hvernig málefni eru leidd til lykta.

Í lögum ÍSÍ, grein 12.6 segir: „*Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála nema annað segi í lögum þessum um tiltekin mál eða málaflokka. Þegar teknar eru ákvarðanir varðandi ráðstöfun lottótekna, þarf samþykki 2/3 hluta viðstaddra atkvæðisbærra fulltrúa. Enginn fulltrúi getur farið með fleiri en þrjú atkvæði og þá eingöngu fyrir það samband/bandalag sem hann er fulltrúi fyrir á þinginu.*“

Samkvæmt þingsköpum ÍSÍ fer „*Atkvæðagreiðsla fram með handauppréttingu, nema þar sem annað er ákveðið í lögum sambandsins.*

Óski a.m.k. 25 þingfulltrúar eftir skriflegri atkvæðagreiðslu skal þingforseti verða við þeirri ósk.

Í þingsköpum, nánar í grein 13.1, segir að ef skrifleg atkvæðagreiðsla fer fram skal þingforseti tilnefnda 2 eða fleiri til að telja saman atkvæði. Þar sem við erum í rafrænu umhverfi og þar með rafrænar kosningar mun þingforseti fela tölvu það hlutverk að telja saman atkvæði.

Í samráði við kjörnefnd eru eftirtaldar leiðir við atkvæðagreiðslu kynntar og nú ætla ég aðeins að fara yfir það:

Annars vegar

Kosning um þau málefni sem áður hefur verið kosið um með handauppréttingu, þið munið spjöldin sem við höfum notað á þinginu, svo sem sæti þingforseta, þingritara, kjörbréfanefnd og skipan í nefndir, verður nú framkvæmd þannig að þingfulltrúum sem eru á móti þeirri tillögu sem er til afgreiðslu verður boðið að kveða sér hljóðs á spjallþræði þingsins og gera athugasemdir um málefnið.

75. Íþróttaping ÍSÍ

Til að kveða sér hljóðs þarf þingfulltrúi að skrifa ATHUGASEMD á spjallþráðinn og hefur til þess 30 sekúndur eftir að þingforseti kallar eftir athugasemdum. Athugið að við sjáum nöfnin ykkar á spjallþræðinum og þið þurfið bara að skrá ATHUGASEMD.

Ef enginn skrifar athugasemd á spjallþráðinn er litið svo á að tillagan sé samþykkt.

Gerir 25 eða fleiri þingfulltrúar athugasemd, sem sagt skrifi ATHUGASEMD, er svo litið á að óskað sé eftir að fram fari rafræn kosning um málefnið þá skal þingforseti verða við því með þeim hætti sem ég lýsti hér áðan.

Skriflegar kosningar

Þá er lagt til að kosningar um eftirtalin málefni verði framkvæmd með rafrænum og skriflegum hætti á kosningavef Advania.

Um ræðir reikninga ÍSÍ og þær tillögur sem hafa fengið umræðu í nefndum þingsins, sem og kjör til framkvæmdastjórnar ÍSÍ.

Eru einhverjar spurningar eða athugasemdir um þetta fyrirkomulag? Vinsamlegast kveðið ykkur hljóðs á spjallþræði þingsins. Eingöngu þarf að skrifa ORÐIÐ þar sem við sjáum á skjánum nafn þeirra sem gefa sig fram. Þá vil ég nota tækifærið og biðja þingfulltrúa að nota spjallið eingöngu í þeim tilgangi að biðja um orðið en ekki til almennra samskipta. Ég vil nota tækifærið og hvetja þingfulltrúa til að skrá sig inn á kosningakerfið þeir sem hafa ekki gert það til að vera klárir í fyrstu kosningar.

Nú segi ég eru einhverjar spurningar eða athugasemdir við það fyrirkomulag sem ég er búin að lýsa hér? Eingöngu, munið þið, þarf að skrifa ATHUGASEMD á spjallþráðinn til að mótmæla þessu fyrirkomulagi.

Eigum við að gefa því 30 sekúndur, nú sjáið þið að klukkan er farin í gang og ég hinkra, einhver getur skrifað ATHUGASEMD ef hann er á móti þessu fyrirkomulagi varðandi kosningar.

Þá er tíminn liðinn, ekki hafa borist neinar athugasemdir og við höldum áfram í næsta lið.

3. Kjörnir 1. og 2. þingritari

Þingforseti bar upp tillögu um Brynju Guðjónsdóttur og Viðar Sigurjónsson.

Ef einhver þingfulltrúi gerir athugasemd við þessa tillögu þarf að gera vart við sig á spjallþræðinum á næstu 30 sekúndum.

Það ríkir mikið traust til þingritara og ég bið þau Brynju og Viðar um að taka til starfa.

4. Kosning 5 manna Kjörbréfanefndar

Þingforseti bar upp tillögu um eftirtalda aðila:

Frímann Ari Ferdinandsson, formaður	(ÍBR)
Valdimar Gunnarsson	(UMSK)
Bergrún Stefánsdóttir	(DSÍ)
Hjörný Snorradóttir	(LH)
Ingibjörg H. Arnadóttir	(SSÍ)

75. Íþróttaping ÍSÍ

Með nefndinni starfa þær Halla Kjartansdóttir og Linda Laufdal, starfsmenn ÍSÍ.

Lagt er til að þingið samþykki að gerð verði breyting á dagskrá þingsins frá því sem kveðið er á í lögum ÍSÍ sem hér segir:

5. liður dagskrár **Kjör heiðursfélaga ÍSÍ**, færist aftar á dagskrá þingsins.

Þessi tillaga er í raun og veru í samræmi við þau áform sem forseti ÍSÍ kynnti í upphafi þingsins um að fyrirhugað sé að þingið fari fram í tveimur áföngum, í rafrænu þingi í skugga samkomutakmarkana og framhaldsþingi vonandi án samkomutakmarkana með viðveru þingfulltrúa þann 9. október næstkomandi.

Það hæfir betur að þegar nýir heiðursfélagar eru kjörnir að þeir hafi tök á að vera viðstaddir og njóta verðskuldaðs þakklætis viðstaddra í eigin persónu.

Tillagan samþykkt samhljóða.

5. Ávörp gesta

Að þessu sinni eru ávörp gesta rafræn líkt og þingið sjálft.

Ávarp forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessonar

Ágætu fulltrúar á Íþróttapingi ÍSÍ og ágæta forystusveit samtakanna.

Ég fagna þessu tækifæri, að fá að árna ykkur heilla á merkum tímamótum, þingið er nú haldið í 75. sinn. Auðvitað hefði verið skemmtilegra að fá að hitta ykkur á staðnum, hitta mann og annan, spjalla um gengi okkar fólks í hvers kyns keppni, spá í spilin fyrir komandi mót s.s. Ólympíuleika og aðra viðburði en það er ekki á allt kosið. Síðustu misseri hefur allt íþróttastarf hér og um víða veröld gengið úr skorðum en um leið höfum við í raun verið minnt á mikilvægi íþróttá, hreyfingar og lýðheilsu í samfélaginu. Við höfum ekki getað komist í sund, ekki getað komist í líkamsrækt, ekki getað farið á völlinn að fylgjast með gengi okkar liðs en allt horfir þetta til betri vegar.

Íþróttir, ef rétt er á málum haldið sýna fram á mikilvægi þess að við eflum með okkur sjálfum heilbrigða sjálfsmýnd og sjálfstraust og íþróttir sýna okkur einnig fram á mikilvægi samvinnu og samkenndar, innan vallar sem utan. Þess vegna vil ég ítreka góðar óskir til ykkar og óska öllum sem að íþróttastarfi koma hér á landi alls velfarnaðar. Gangi okkur öllum vel, innan vallar sem utan, áfram Ísland.

Ávarp mennta- og menningarmálaráðherra, Lilju Alfreðsdóttur

Forseti ÍSÍ, þingfulltrúar og aðrir góðir gestir.

75. Íþróttapíng ÍSÍ

Til hamingju með daginn, það er stór dagur og það er mér sannur heiður að fá að ávarpa ykkur á þessu þingi. Við höfum sannarlega upplifað sérstaka tíma saman. Ein birtingarmynd þess er rafrænt Íþróttapíng en vonandi getum við hist mjög fljótlega í raunheimum og ég hlakka mjög mikið til þess. Þrátt fyrir miklar áskoranir hefur margt jákvætt spröttið upp úr þessum furðulega jarðvegi. Samtakamáttur íþróttahreyfingarinnar hefur verið mikill og mikilvægur. Við höfum undir ótrúlegum aðstæðum náð að snúa bökum saman og náð ótrúlegum árangri. Samskipti mín við íþróttahreyfinguna hafa verið tíð og góð og fjarfundir óteljandi þar sem við höfum skipst á skoðunum og reynt að hugsa í lausnum. Þið hafið sagt mér frá ykkar áskorunum og ég hef deilt með ykkur afstöðu stjórnvalda og hugmyndum um stuðning við ykkur við ykkar ómetanlega starf.

Íþróttamálin eru gríðarlega mikilvæg og ég einsetti mér það í upphafi farsóttarinnar að við myndum ná utan um stöðuna. En það var auðvitað mjög gleðilegt að finna fyrir stuðningi annarra ráðherra við okkar málflutningi þegar Covid björgunarpakkarnir voru smíðaðir. Í fyrstu stuðningsaðgerðinni vorið 2020 var 450 milljónum úthlutað til rúmlega 200 íþrótt- og ungmennafélaga sem var hluti af fjárfestingaátaki stjórnvalda. 900 milljónum var ráðstafað í sérstaka íþrótt- og tómsundastyrki fyrir börn á tekjulægri heimilum til niðurgreiðslu á þátttökugjöldum þeirra og milljarði var veitt til að tryggja áframhaldandi ráðningarsamband starfsfólks sem starfar við íþróttafélögin. Allt hefur þetta verið gert til að ná utan um íþróttahreyfinguna. Þá var í upphafi þessa árs 300 milljónum úthlutað til félaga sem starfsrækja íþróttastarf fyrir börn á aldrinum 6-18 ára. Með þessum stuðningi vonumst við til að lágmarka skaðann sem hlýst af Covid-19 og félögin nái að rétta úr kútnum hratt og örugglega.

Í stuttu ávarpi er aðeins hægt að nefna nokkur þeirra mikilvægu íþróttatengdu verkefna sem mennta- og menningarmálaráðuneytið kemur að. Mig langar þó að nefna sérstaklega tvennt. Annars vegar ráðningu samskiptaráðgjafa í íþrótt- og æskulýðsstarfi en nú er rúmt ár frá því að hann tók til starfa. Það er mikilvægt markmið með setningu laga um samskiptaráðgjafa að þau nái fram að ganga en með þeim er ítrekuð sú afstaða að einelti, áreitni og ofbeldi í hvers kyns mynd sé ekki liðið innan íþrótt- og æskulýðsstarfs í landinu. Þarna erum við að senda skýr skilaboð. Allir eiga að geta stundað íþróttir og leitað réttar síns án þess að óttast afleiðingar. Það er nefnilega hlutverk okkar allra að sjá til þess að starf samskiptaráðgjafans nýtist sem best og verði hreyfingunni allri til stuðnings og leiðsagnar.

Hins vegar vil ég nefna málefni þjóðarleikvanga en nú eru að störfum þrír starfshópar á vegum ráðuneytisins vegna þjóðarleikvanga fyrir fjölda íþróttagreina. Á þeirra vegum hefur mikilvæg vinna átt sér stað og ég er vongóð um að vinnan skili sér í glæsilegum heimkynnum fyrir hlutaðeigandi greinar næstu árin. Það er að mörgu að huga og þússlin í myndinni eru mörg en með góðri samvinnu, áráðni og raunhæfum hugmyndum munu nýir leikvangar rísa.

Framundan eru mikilvæg samfélagsleg verkefni, það þarf að koma tugþúsundum atvinnulausra í vinnu, við þurfum líka að vinna úr félags- og menningarlegum áhrifum farsóttarinnar og þar gegnir íþróttahreyfingin gríðarlega mikilvægu hlutverki. Auk augljósra tenginga við hreysti og líkamlegt atgervi má einnig horfa til forvarnargildis íþróttastarfs og mikilvægi hreyfingar fyrir andlega heilsu. Stjórnvöld munu áfram styðja við íþróttafélögin enda hefur það verið okkar stefna að hreyfingin standi að loknum heimsfaraldri ekki verr að vígi en hún gerði fyrir hann. Við þurfum að halda einbeitingunni, klára leikinn og sjá til þess að við séum tilbúin í þann næsta. Við sjáum jákvæðar fréttir af baráttunni við farsóttina nánast daglega og sá góði gangur sem verið hefur í bólusetningum síðustu vikur gefur okkur sannarlega tækifæri til bjartsýni. Ég hlakka til íþróttasumarsins og að fylgjast áfram með því þróttmikla starfi sem unnið er innan vébanda ÍSÍ. Góðar stundir.

75. Íþróttaping ÍSÍ

Ávarp formanns UMFÍ, Haukur Valtýsson

Góðir þingfulltrúar.

Nú er farið að hilla undir að við sjáum fram á að daglegt líf komist í samt lag á ný. Við höfum barist við COVID-veiruna í á annað ár og margir hafa fært miklar fórnir en við höfum gengið í gegnum þetta saman allan tímann. Samvinna innan íþróttahreyfingarinnar hefur hjálpað okkur mikið nú þegar.

Ég trúi því að enn frekari tækifæri leynist í samvinnunni. Stjórnvöld hafa stutt vel við íþróttastarfið frá því faraldurinn fór af stað. Það ber að þakka og er afar dýrmætt og sýnir að stjórnvöld gera sér grein fyrir mikilvægi íþróttastarfsins. En þótt lífið sé að komast í samt lag á ný þá verðum við að vera áfram á tánum. Við þurfum að horfa til framtíðar og halda áfram að styrkja starfið enn frekar.

Eitt af þeim atriðum sem ég og fleiri horfum til, er þörfin á því að við, fólk í íþróttahreyfingunni, eflum og samræmum starfsemi íþróttahéraða í landinu. Þar eru tækifæri til að styrkja enn frekar skipulagt íþróttastarf um allt land og þjónusta félögin í hverjum landshluta. Í því liggur besta þjónustan við iðkendur, við stjórnendur og sjálfboðaliða félaganna. Styrking og efling íþróttahéraða er í samræmi við íþróttastefnu mennta- og menningarmálaráðherra, sem gefin var út fyrir rúmlega tveimur árum. Þar er mikilvægi íþróttahreyfingarinnar rammað inn.

En íþróttahreyfingin þarf stuðning og fjármagn til að halda úti sínu starfi. Hún á með öðrum fyrirtækin Íslenska getspá og Íslenskar getraunir. Þau hafa reynst afar góður stuðningur við íþróttastarfið um allt land. Við þurfum að vera vakandi yfir því hvernig við getum auki virði þess fjár sem fyrirtækin skila til starfsemi okkar. Stuðningur við Íslenska getspá er okkur öllum mikilvægur og ég er mjög þakklátur fyrir aukaúthlutanir til hreyfingarinnar á Covid tímum.

Eitt af því sem við verðum að gera til að styðja enn frekar við rekstur íþróttastarfs á Íslandi er að vinna saman gegn starfsemi erlendra veðmálafyrirtækja á Íslandi. Þær eru ekki heimilar hér á landi og starfsemin er ólögleg. Talið er að Íslendingar verji um sjö milljörðum króna í veðmál á erlendum síðum. Það eru fjármunir sem íþróttafélög verða af, að minnsta kosti að stórum hluta.

Þessi fyrirtæki skila ekki neinu inn í íslenskt samfélag. Þetta er langt í frá ásættanlegt og þessu verður að breyta. Við getum gert það með því að hætta að flytja fjármuni úr landi í gegnum erlendar veðmálasíður og styðja frekar við fyrirtækin sem skila einhverju aftur inn í samfélagið.

Við þurfum líka að auka fræðslu um þessi mál. Ef við ætlum okkur að hafa sterk íþróttafélög á Íslandi þá þurfum við svo sannarlega að styðja Íslenska getspá og Getraunir og efla tekjumöguleika okkar. Það er samfélagi okkar til góða.

Ég óska ykkur öllum velfarnaðar og hvet alla til þess að horfa bjartsýn til framtíðar um leið og ég færi ykkur kveðjur frá Ungmennafélagshreyfingunni og einnig kveðjur héðan að norðan frá „Höfuðborg hins bjarta norðurs“.

Gangi ykkur vel í ykkar mikilvægu störfum og gleðilegt íþróttasumar.

Takk fyrir mig.

Álit kjörbréfanefndar

Þingforseti þakkar gestum fyrir ávörpin. Þingforseti biður Frímenn Ara Ferdinandsson formann kjörbréfanefndar að flytja álit nefndarinnar.

Frímenn sagði að kjörbréfanefndin væri búin að fara yfir öll kjörbréfin sem hafa borist og lýsa þau öll lögleg. Þingfulltrúafjöldi og atkvæðamagn þingsins getur að hámarki verið 224 atkvæði, þ.e. 111 fulltrúar frá 25 íþróttahéruðum og 111 fulltrúar frá 33 sérsamböndum auk tveggja fulltrúa

75. Íþróttaping ÍSÍ

Íþróttamannanefndar ÍSÍ. Það bárust kjörbréf frá 31 sérsambandi af 33 alls 105 þingfulltrúar af 111, kjörbréf frá 24 íþróttahéruðum bárust af 25 alls 110 þingfulltrúar af 111, Íþróttamannanefnd ÍSÍ á síðan tvo atkvæðisbæra fulltrúa á þinginu samkvæmt lögum ÍSÍ. Samtals eru þetta þá 217 atkvæði í kosningum á þinginu.

Réttmætir fulltrúar á kjörbréfum geta hvenær sem er skráð sig inn á kosningavef þingsins þegar það er opið og því getur fjöldi atkvæða tekið breytingum á meðan á þinginu stendur. Frímann þakkaði fyrir sig.

Guðrún Inga þingforseti þakkaði formanni kjörbréfanefndar fyrir og ítrekaði að 217 atkvæði væru skráð.

6. Skýrsla framkvæmdastjórnar

Næsti dagskrárliður er skýrsla stjórnar. Það er Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ sem flytur hana.

Þingforsetar, forseti ÍSÍ, framkvæmdastjórn, góðir þingfulltrúar. Skýrsla stjórnar hefur verið birt á heimasíðu ÍSÍ. Í skýrslunni er samantekt síðastliðinna tveggja ára en árin tvö sem eru liðin frá síðasta þingi voru eins ólík og hugsast getur.

Árið 2019 var fullt af stórum viðburðum, líflegt og starfssamt eins og flest ár þar á undan. Við sendum stóran hóp þátttakenda á Smáþjóðaleika í Svartfjallalandi, Evrópuleikana í Minsk og á sumar- og vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar. Eins var nefndastarf líflegt enda ÍSÍ falin mörg stór verkefni til úrlausnar á milli þinga.

Árið 2020 hófst með því að ÍSÍ sendi þátttakendur til Vetrarólympíuleika ungmenna í Lausanne í janúar en strax í febrúar birtust blikur á lofti og COVID-19 faraldurinn tók flugið fljótlega upp úr því. Þó má nefna að bæði árið 2019 og 2020 fóru öll verkefni á almenningsíþróttasviði ÍSÍ fram, þó að stundum hafi þurft að aðlaga þau að takmörkunum vegna sóttvarnaaðgerða. Eftirtektarverð aukning varð á fjölda þátttakenda bæði í Lífshlaupinu og Hjólað í vinnuna og má það eflaust rekja til bæði aukinnar vitundar um mikilvægi góðrar heilsu en einnig til þess að fátt annað var kannski í boði í samfélaginu. Verkefni voru því afar kærkomin tilbreyting fyrir landann.

ÍSÍ hóf í október 2020 að senda út hvatningarskilaboð til landsmanna í gegnum samfélagsmiðla, undir myllumerkinu #verumhraust - til að hvetja þjóðina til að huga að fjölbreyttri hreyfingu og bættu heilsufari.

Þróunar- og fræðsluvið hefur einnig haft í mörgu að snúast. Þjálfaramenntun ÍSÍ hefur verið í endurskoðun og skipt var um menntunargátt fyrir þjálfaramenntun ÍSÍ, í samstarfi við nokkur sérsambönd sem samnýta munu gáttina. Má segja að verið sé að koma þessum málum inn í framtíðina svo nýta megi betur þá tækniþróun sem orðið hefur í þessum efnum.

Ný og endurbætt þjálfraeðibók var gefin út af lðnú í samstarfi við ÍSÍ. Þessi bók verður helsta kennslubókin í þjálfaramenntun ÍSÍ og á íþrótt- og afreksbrautum framhaldsskólanna.

Sviðið hefur verið tengiliður við verkefni félags- og barnamálaráðuneytis er lýtur að fjölgun iðkenda og þá með áherslu á iðkendur af erlendum uppruna. Sama ráðuneyti hefur falið ÍSÍ að fara í verkefni í samstarfi við Landssamband eldri borgara um heilsueflingu eldri aldurshópa.

75. Íþróttaping ÍSÍ

Ekki má gleyma því að nýtt þróunarverkefni á vegum Sýnum karakter, sem ÍSÍ er aðili að, hlaut tæplega 30 milljón króna styrk úr Erasmus+ styrkjakerfinu. Verkefnið snýst um að þjálfa fimm þætti í sálrænni og félagslegri færni barna og unglunga í íþróttum, líkt og þá líkamlegu. Samstarfsaðilar að verkefninu eru ÍSÍ og UMFÍ, ásamt Loughborough háskóla í Bretlandi, Háskólanum í Reykjavík, KSÍ og FSÍ.

Eins og allir vita var Ólympíuleikunum í Tókýó frestað um eitt ár, sem og öðrum ólympískum verkefnum frá marsmánuði 2020 og fram til dagsins í dag. Afreks- og Ólympíusvið hefur nýtt tímann, meðfram undirbúningsvinnu ólympískra verkefna, til að kanna ýmsa þætti er varða afreksstarfið og afreksíþróttafólk og vinna upp gagnasöfn sem nýtast munu sviðinu á næstu misserum. Sú vinna hefur verið unnin í góðu samstarfi við sérsambönd ÍSÍ. Starfsmenn sviðsins hafa líka tekið að sér ýmis krefjandi verkefni er varða COVID-19, svo sem vinnslu upplýsinga og útreikning í tengslum við skiptingu fjármagns frá stjórnvöldum til stuðnings íþróttastarfi. Starfsmenn sviðsins starfa í nánu samstarfi við stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ og vinna mörg verkefni fyrir sjóðinn.

Starfsemi skrifstofu ÍSÍ hefur á tímum COVID-19 verið undirlögð í verkefnum sem tengjast beint eða óbeint afleiðingum faraldursins. ÍSÍ hefur verið milliliður á milli stjórnvalda og almannavarna annars vegar og íþróttahreyfingarinnar hins vegar, allt frá febrúarlokum 2020. Það starf hefur verið krefjandi og tímafrekt, það hefur falið í sér útreikning og útteilingu fjármagns, umsjá undanþága, gerð sniðmátsreglna fyrir sérsambönd ÍSÍ í samstarfi við sóttvarnaryfirvöld í samstarfi við sóttvarnaryfirvöld, upplýsingagjöf til allrar íþróttahreyfingarinnar í hvert sinn sem reglur hafa breyst og samskipti um allar ábendingar og athugasemdir hreyfingarinnar við gildandi reglur hverju sinni. COVID-19 faraldurinn hefur tekið mikla orku frá öllum einingum íþróttahreyfingarinnar og vonandi getum við fljótlega aftur beint óskiptum kröftum okkar að kjarnastarfsemi íþróttar. Þrátt fyrir síbreytilegt starfsumhverfi í faraldrinum hefur hreyfingin staðið vel af sér þennan storm og stendur nokkuð sterk eftir.

Ég dáist að því hversu vel þeir sem standa að starfi íþróttahreyfingarinnar hafa staðið sig í þessum ófyrirsjáanlegu erfiðleikum.

Á tímum COVID-19 hefur mikilvægi íþróttastarfsins í landinu komið berlega í ljós og stjórnvöld hafa sýnt það í verki að þau telja starfið sem unnið er í hreyfingunni lykilþátt í samfélaginu. Einnig hefur faraldurinn sýnt fram á mikilvægi góðrar heilsu í baráttunni við heilsufarsógn sem þessa. Markviss og regluleg hreyfing í skipulögðu íþróttastarfi er forvörn, í mörgum skilningi þess orðs, og starfsemi íþróttahreyfingarinnar því hagsmunamál þjóðarinnar allrar.

Það væri hægt að halda langa tölu um þann fordæmalausa tíma sem við höfum upplifað síðastliðið eitt og hálf ár en ég vil vísa til ársskýrslu ÍSÍ sem hér liggur fyrir, þar sem tæpt er á flestu því sem á daga okkar hefur drifið í starfsemi ÍSÍ.

Öllum sambandsaðilum ÍSÍ vil ég þakka samstarfið og óska velfarnaðar í starfi. Forseta ÍSÍ og fráfarandi framkvæmdastjórn vil ég einnig þakka kærlega fyrir samstarfið á milli þinga. Starfsfólki ÍSÍ þakka ég kærlega fyrir þeirra óeigingjarna starf, ekki síst á þessum COVID tímum þar sem vinnufyrirkomulag tók stöðugum breytingum í takt við takmarkanir hverju sinni.

Kæru þingfulltrúar – það eru góð fyrirheit um að nú taki við bjartari tímar og vonandi getum við stefnt að því að eiga fleiri samverustundir í raunheimum á næstu misserum.

Gangi ykkur öllum sem allra best og kærar þakkir fyrir mig.

75. Íþróttaping ÍSÍ

Þingfulltrúar klöppuðu rafrænt fyrir skýrslu stjórnar. Viðar þingforseti tilkynnti að nú væri komið að næsta lið á dagskrá en umræður um skýrslu stjórnar fara fram samhliða umræðu um reikninga og núna mun Gunnar Bragason gjaldkeri fara yfir reikninga ÍSÍ.

7. Endurskoðaðir reikningar

Gunnar Bragason ræddi um að rekstrarumhverfi íþróttahreyfingarinnar hafi verið mjög sérstakt síðustu misseri en mikill og góður stuðningur ríkisstjórnarinnar vegna Covid áhrifa hafi skipt sköpum fyrir mörg félög og sambönd. Fyrir það ber að þakka.

Varðandi rekstur ÍSÍ eru tekjur frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu mjög mikilvægar. Það hefur gengið illa undanfarin ár að fá þau framlög hækkuð og spegla hækkanir á rekstrarframlögum ríkissjóðs alls ekki þær kostnaðarhækkunir sem orðið hafa á undanförunum árum. Jákvæðu fréttirnar eru stórefling Afrekssjóðs eins og fram hefur komið á undanförunum árum.

Hlutverki Íþróttaslyssjóðs ÍSÍ mun ljúka á árinu en Sjúkratryggingar Íslands hafa alfarið tekið við verkefninu.

Á formannafundi 2020 var farið yfir ársreikning 2019 þannig að ég mun aðallega fara núna yfir helstu breytingar árið 2020. Ég mun sleppa því að fara t.d. yfir tekju- og gjaldaliði sem hafa skroppið saman vegna Covid. Talsvert af áætluðum rekstrarkostnaði ársins 2020 falla á árið 2021 vegna frestunar á alþjóðlegum verkefnum eins og sumar Ólympíuleikum.

Í rekstrartekjum var enn eitt metárið hjá Lottóinu varðandi arð til eigenda og hærri arðgreiðsla hjá Íslenskum getraunum en vanalega. Komin er mikil viðhaldspörf á húsnæði Íþróttamiðstöðvar, farið var í nokkur verkefni í fyrra og viðhaldskostnaður jókst ásamt því að almennur rekstrarkostnaður hefur hækkað. Verið er að byggja upp viðhalds- og byggingarsjóð sem mun nýtast í þau brýnu verkefni sem eru framundan. Minna úthlutað frá Afrekssjóði fyrir árið 2020 vegna þess að sambandsaðilar fóru ekki í ýmis verkefni vegna Covid-19, en meiru verður úthlutað á þessu ári. Rólegt yfir úthlutun úr Verkefnasjóði árið 2020 en reiknað með fleiri styrkumsóknum í ár.

Áætlanir fyrra árs tóku breytingum eftir því sem verkefnum var slegið á frest og því mjög sérstakt rekstrarár árið 2020 hjá ÍSÍ eins og ykkur sambandsaðilum en rekstrarniðurstaða ársins ágæt.

Þingforseti þakkaði Gunnari þessa skýru yfirferð á reikningum ársins 2020.

8. Þingforseti gefur orðið laust um skýrslu og reikninga

Nú er komið að umræðu um skýrslu stjórnar og reikninga og eru þingfulltrúar minntir á að óski þeir eftir að taka til máls þurfa þeir að biðja um orðið á spjallþræði þingsins.

Í umræðum ætla ég að biðja fólk að ber virðingu fyrir tíma okkar allra og annarra þingfulltrúa. Miðum við að sá sem kveði sér hljóðs hafi um 1 mínútu. Að þeim tíma liðnum gef ég ræðumanni merki og bið hann að ljúka máli sínu. Þegar ein og hálf mínútu er liðin mun ég stoppa viðkomandi og hleypa öðrum að þannig að framsögur séu ekki of langar.

75. Íþróttaping ÍSÍ

Hannes S. Jónsson frá KKÍ bað um orðið. Hannes þakkaði stjórn ÍSÍ og starfsfólki fyrir samstarf og góða vinnu undanfarið ár. Þakkaði fyrir skýrsluna en benti á að hætta prentun hennar bæði vegna kostnaðar og umhverfissjónarmiða. Vildi ræða tvö mál sem vanalega falla undir liðinn “Önnur mál”. Forysta ÍSÍ má vera sýnilegri út á við og í fjölmiðlum, hefur bent á þetta oft upp á síðkastið en ÍSÍ á að vera sterkur málssvari íþróttahreyfingarinnar út á við en ekki bara inn á við því alltof fáir vita af því góða starfi sem ÍSÍ er að vinna. Má koma því betur til skila út á við hvað ÍSÍ gerir, fyrir hvað það stendur og það sem við erum að vinna að. Við eigum að vera mun sterkari rödd sem stærsta fjöldahreyfing landsins út á við og í fjölmiðlum.

Einnig langar mig að benda á varðandi Covid málin sem hafa mikið verið í umræðu hér. Sérstaklega langar mig að nefna það að við höfum unnið að því dag og nótt að íþróttafélögin okkar fái fjárhagslegan stuðning og ber að þakka forystu ÍSÍ, ríkisvaldinu, þingheimi og öllum þeim sem komið hafa að því að veita íþróttahreyfingunni þennan fjárstuðning sem er umtalsverður. Mig langar líka að benda á að sérsamböndin og íþróttabandalögin hafa ekki fengið neinn beinan fjárstuðning ennþá og við vitum það og hef talað fyrir því síðan fyrir rúmu ári þegar Covid kom en við vissum að við mundum lifa af árið 2020 en árið 2021 verður okkur öllum mjög erfitt, sérstaklega sérsamböndum og þá væntanlega íþróttabandalögum líka þar sem við vitum að fyrirtæki munu geta stutt minna við starfið okkar en verið hefur. Óska eftir að ÍSÍ fari líka í vinnu við það strax að loknu þingi að beina meiri fjárhag til sérsambanda og þá íþróttabandalaga.

Hannes hefur áhyggjur af sjálfbóðaliðum yfir Covid tímabilið sem hafa staðið sig mjög vel eins og ávallt. Á Covid tímabilinu hafa þeir þurft að takast á við ýmsar reglur og ýmislegt þurft að gera og hefur áhyggjur af því að sjálfbóðaliðar séu orðnir ansi þreyttir eftir mikið starf. Telur að við þurfum að setjast niður og ræða hvernig hægt er að styðja enn frekar við starf sjálfbóðaliðans, vill að ÍSÍ komi að þeirri vinnu sem allra fyrst og tekið verði utan um sjálfbóðaliðana í þessari hreyfingu.

Viðar þingforseti þakkaði Hannesi fyrir þessa yfirferð.

Hörður J. Oddfríðarson bað um orðið. Tekur undir orð Hannesar að öllu leyti. Hefur komið fram í ávörpum og skýrslu stjórnar að við þurfum að taka á veðmálum út fyrir Ísland. Þar skiptir máli fyrir okkur sem eru fulltrúar sambandsaðila að beina orðum okkar til stjórnámálanna og ráðherra ráðuneyta sem málið varðar. Engin leið að ætla stjórn málafólki að taka þetta mál upp af sjálfsdáðun.

Viðar þakkaði Herði fyrir hans ábendingar.

Valdimar Leó Friðriksson hefur kvatt sér hljóðs. Hann tekur undir orð hinna tveggja. Telur sig hafa skilið það rétt að ætlunin sé að skipta um skráningarkerfi sem hann fagnar. Liggur fyrir hvenær nýtt kerfi verður tekið í notkun – liggur fyrir áætluð dagsetning?

Svar barst frá Gunnari Bragasyni sem Viðar þingforseti endurtók. Starfsskýrslum næsta árs verður skilað í nýju kerfi.

Freyr Ólafsson hefur beðið um orðið. Þakkar gott samstarf á liðnu starfsári. Minnir á að ÍSÍ á fulltrúa í starfshópi um þjóðarleikvang í frjálsíþróttum og væntum þess að ljúka störfum á næstu vikum.

Viðar þingforseti þakkað Frey fyrir og gefur orðið laust.

Hrafnhildur Theodórsdóttir óskaði eftir orðinu. Varðandi framhaldsþing, verða sömu fulltrúar sem sitja framhaldsþing og þessu þingi?

75. Íþróttaping ÍSÍ

Viðar þingforseti svaraði því til að kjörbréfin gilda áfram á framhaldsþingi og sömu fulltrúar hafa kjörgengi þar eins og á þessu þingi.

Nú er komið að því að kjósa um staðfestingu á reikningum ÍSÍ fyrir árin 2019 og 2020 með því að fara í rafræna kosningakerfið hjá Advania og að hefja atkvæðagreiðslu.

Þingfulltrúar hafa 3 mínútur til að skila inn atkvæði sínu.

Viðar þingforseti tilkynnir að kosningu sé lokið. Tölva sér um talningu atkvæða.

Niðurstöður eru eftirfarandi:

Fjöldi greiddra atkvæða: **158**

Atkvæði með: **157**

Atkvæði á móti: **1**

Reikningar ÍSÍ fyrir árin 2019 og 2020 eru samþykktir.

Þingheimur klappar rafrænt fyrir staðfestingu reikninga.

9. Kosning þingnefnda

Nú er komið að því að kjósa í nefndir þingsins.

Eins og forseti kynnti í upphafi þingsins þá verða nefndarstörf á framhaldsþingi í haust, nánar tiltekið föstudaginn 8. október klukkan 16:00. Þar geta allir sem áhuga hafa tekið þátt í störfum nefndanna þ.e. þingfulltrúar.

Fjárhagsnefnd er undantekning frá þessu en hún mun starfa hér á eftir í rafrænu umhverfi og þeir þingfulltrúar sem vilja geta tekið þátt í þeim fundi.

Rétt er að árétta að þingsköp ÍSÍ gera ráð fyrir að efnisleg umræða um þau mál sem nefndir fjalla um eigi sér stað inni í nefndunum. Þegar formaður fjárhagsnefndar mun kynna niðurstöður hennar, er ekki heimilt að koma fram með athugasemdir eða breytingartillögur, sem ekki hafi verið lagðar fram á fundi nefndarinnar.

Áður en nefndin tekur til starfa þarf að kjósa í fjárhagsnefnd. Áður en lestur hefst um skipan fjárhagsnefndar er athugasemd á spjallinu um hvernig eigi að biðja um orðið þannig að það sjáist. Viðar svaraði því til að beðið er um orðið með því að skrifa ATHUGASEMD eða ORÐIÐ á spjallþráðinn og þingforsetar fylgja því eftir.

Viðar þingforseti ber upp tillögur um nefndarmenn:

Fjárhagsnefnd – fimm manna

1. Gunnar Svavarsson, formaður (FRÍ)
2. Birna Lárusdóttir (KKÍ)
3. Geir Kristinn Aðalsteinsson (ÍBA)
4. Elísabet Ólafsdóttir (ÍBH)
5. Guðmundur Sigurbergsson (UMSK)

Samþykkt samhljóða.

75. Íþróttaping ÍSÍ

Starfsmenn ÍSÍ: Steinunn A. Í. Tómasdóttir og Andri Stefánsson

Allsherjarnefnd – fimm manna

1. Klara Bjartmarz, formaður (KSÍ)
2. Gry Ek (KRA)
3. Gunnar Þór Gestsson (UMSS)
4. Helga Katrín Stefánsdóttir (AKÍS)
5. Jónas Egilsson (HSP)

Samþykkt samhljóða.

Guðrún Inga þingforseti tekur við af Viðari og heldur áfram með tillögur um nefndarmenn.

Laganefnd – fimm manna

1. Haukur Örn Birgisson, formaður (GSÍ)
2. Guðríður Aadnegard (HSK)
3. Haukur Hinriksson (KSÍ)
4. Guðmundur B. Ólafsson (HSÍ)
5. Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir (ÍBR)

Samþykkt samhljóða með rafrænu lófaklappi.

Afreksnefnd – fimm manna

1. Sólveig Jónsdóttir, formaður (FSÍ)
2. Þórður Árni Hjaltested (ÍF)
3. Róbert Geir Gíslason (HSÍ)
4. Freyr Ólafsson (FRÍ)
5. Jórunn Harðardóttir (STÍ)

Samþykkt samhljóða með rafrænu lófaklappi.

10. Stofnun nýrra sérsambanda (sérliður í dagskrá þingsins)

Í gögnum þingsins er tillaga merkt sem þingskjal númer 1 um heimild til þess að stofna nýtt sérsamband.

Tillagan er svohljóðandi:

75. Íþróttaping ÍSÍ, haldið 7. maí 2021, samþykkir að heimila framkvæmdastjórn ÍSÍ að vinna að stofnun sérsambands um klifur fram að Íþróttapingi ÍSÍ árið 2023.

Á hefðbundnu Íþróttapingi hefur tillögu um stofnun nýrra sérsambanda verið vísað til Allsherjarnefndar. Að þessu sinni er í rauninni verið að óska eftir áframhaldandi heimild þingsins til stofnunar sérsambands, en tillaga vegna þessarar íþróttageinar var samþykkt á síðasta Íþróttapingi ÍSÍ 2019.

Tillagan er samþykkt með rafrænu lófaklappi.

75. Íþróttaping ÍSÍ

11. Lagabreytingatillögur

Guðrún Inga þingforseti tekur við. Fyrir þinginu liggur tillaga um breytingar á lögum ÍSÍ og er það þingskjal merkt sem þingskjal númer 2. Auk þess liggur fyrir tillaga um breytingar á þingsköpum ÍSÍ og það skjal merkt sem þingskjal númer 3.

Þingforseti lagði til að þessum tillögum verði vísað til laganefndarþingsins. Samþykkt.

12. Móta- og keppendareglur ÍSÍ

Engar tillögur liggja fyrir þinginu sem snúa að móta- og keppendareglum ÍSÍ og þessi liður fellur niður.

13. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði – vísa tillögum til nefnda

Viðar þingforseti tekur við. Fyrir þinginu liggur tillaga um **skráningarmál í íþróttahreyfingunni** og er það þingskjal merkt sem þingskjal númer 4.

Jafnframt liggur fyrir tillaga um skilgreiningu á rafíþróttum og er það þingskjal merkt sem þingskjal númer 5.

Lagt er til að þessum tillögum sé vísað til umfjöllunar hjá allsherjarnefnd þingsins.

Nú stendur þingfulltrúum til boða að kveða sér hljóðs ef þeir hafa athugasemdir við að vísa tillögunum til allsherjarnefndar. Jafnframt er komin ábending á spjallið að við greinagerð við þingskjal nr. 1 sé vísað í 49 grein en mögulega þarf að vísa í 48 grein, þarf að skoða það.

Þingfulltrúum verða gefnar 30 sekúndur til þess að kveða sér hljóðs.

Þar sem engar athugasemdir eru gerðar er litið svo á að það sé samþykkt að vísa þingskjölum 4 og 5 til allsherjarnefndar.

Fyrir þinginu liggur tillaga um **afreksstefnu ÍSÍ** og er það þingskjal merkt sem þingskjal númer 6.

Lagt er til að tillögunni sé vísað til umfjöllunar hjá afreksnefnd þingsins.

Nú hafa þingfulltrúar 30 sekúndur til að biðja um orðið ef þeir hafa athugasemdir við að vísa tillögunni til afreksnefndar.

Þar sem engar athugasemdir eru gerðar er litið svo á að það sé samþykkt að vísa þessari tillögu til afreksnefndar.

Þá er komið að tillögu um fjárhagsáætlun ÍSÍ 2021 til 2022 og er hún merkt sem þingskjal númer sjö.

75. Íþróttaping ÍSÍ

Einnig liggja fyrir tvær aðrar tillögur sem tengjast fjárhagsmálum íþróttahreyfingarinnar. Er það þingskjal númer átta um skiptingu á aukaarðgreiðslu Íslenskrar getspár. Þingskjal númer níu um breytingar á skiptingu tekna frá Íslenskri getspá:

Lagt er til að þessum tillögum sé vísað til umfjöllunar hjá fjárhagsnefnd þingsins.

Nú stendur þingfulltrúum til boða næstu 30 sekúndur að kveða sér hljóðs ef þeir hafa athugasemdir við að vísa tillögunum til fjárhagsnefndar.

Þar sem engar athugasemdir eru gerðar er litið svo á að það sé samþykkt að vísa þingskjöllum nr. 7, 8 og 9 til fjárhagsnefndar.

14. Þingnefndir starfa

Guðrún Inga þingforseti tekur við. Eins og kom fram í ávarpi forseta ÍSÍ við setningu þingsins er ætlunin að óska eftir því við þingfulltrúa að hluta af þingstörfum verði framhaldið í haust og þar með nefndarstörfum þingsins.

Óskað er eftir því að störfum laganefndar, allsherjarnefndar og afreksnefndar verði frestað og boðað verði til funda þeirra nefnda í haust.

Þá er óskað eftir því að nefndarstörf um tillögu 9, um breytingar á skiptingu tekna frá Íslenskri getspá verði jafnframt frestað fram til haustsins og þeim vinnuhópi sem er að störfum vegna þessara mála verði gefinn kostur á að vinna að málinu í samvinnu við fjárhagsnefnd þingsins.

Hins vegar er lagt til að aðrar tillögur, þ.e. sem snúa að fjárhagsáætlun og skiptingu á auka arðgreiðslu Íslenskrar getspár verði afgreiddar .

Nefndarstörf fjárhagsnefndar munu fara fram í gegnum fjarfundarkerfi þingsins þar sem þingfulltrúar geta valið að taka þátt störfum nefndarinnar eða taki sér hlé frá þingstörfum.

Nú stendur þingfulltrúum tækifæri til að kveða sér hljóðs ef þeir hafa athugasemdir við þetta fyrirkomulag. Við setjum klukkuna í gang í 30 sekúndur.

Þar sem engar athugasemdir eru gerðar er litið svo á að það sé samþykkt að fresta ákveðnum nefndarstörfum en halda áfram með störf fjárhagsnefndar.

Hægt er að velja um fund fjárhagsnefndar í glugga efst á skjánum ykkar. Stjórn fundarins verður í höndum formanns nefndar, en að sjálfsögðu er öllum þingfulltrúum boðið að sitja nefndarfundinn. Ekki er hægt að vera með umfjöllun á þinginu aðra en þá sem fram hefur komið í nefndarstarfi varðandi málefnið um fjárhag ÍSÍ.

Gert er ráð fyrir að nefndarstörf taki um 25 mínútur og að lokum færast þátttakendur sjálfkrafa yfir á þingfundinn.

75. Íþróttapening ÍSÍ

Einnig verður boðið upp á að fara inn á annan hliðarfund sem við köllum kaffistofuna, þar geta þingfulltrúar spjallað óformlega án afskipta þingforsetanna.

Við hefjum svo leik aftur eftir 25 mínútur á aðalrás þingsins.

Guðrún Inga þingforseti bauð þingfulltrúa aftur velkomna. Fjárhagsnefnd var að ljúka störfum og fóru fram líflegar umræður meðal þingfulltrúa. Farið verður yfir störf fjárhagsnefndar hér á eftir samkvæmt dagskrá.

15. Kjörnefnd kynnir framboð

Þingforseti bauð formann kjörnefndar, Jón Ásgeir Eyjólfsson, að kynna framboð til framkvæmdastjórnar ÍSÍ.

Eitt framboð barst um embætti forseta ÍSÍ frá Lárusi Blöndal. Ellefu gild framboð bárust til framkvæmdastjórnar.

Nöfn frambjóðenda í framkvæmdastjórn lesin upp í stafrófsröð, þau eru:

- **Arnar Guðjónsson**
- **Garðar Svansson**
- **Guðmunda Ólafsdóttir**
- **Haukur Þór Haraldsson**
- **Hildur Karen Aðalsteinsdóttir**
- **Hörður Oddfríðarson**
- **Hörður Þorsteinsson**
- **Úlfur Helgi Hróbjartsson**
- **Valdimar Leó Friðriksson**
- **Viðar Garðarsson**
- **Þórey Edda Elísdóttir**

Frambjóðendur fá að kynna sig rafrænt með stuttum erindum, ca. 2 mínútur, og dregið var um röð þeirra.

- Hildur Karen Aðalsteinsdóttir
- Þórey Edda Elísdóttir
- Hörður Þorsteinsson
- Úlfur Helgi Hróbjartsson
- Arnar Guðjónsson
- Haukur Þór Haraldsson
- Viðar Garðarsson
- Garðar Svansson
- Hörður Oddfríðarson
- Valdimar Leó Friðriksson
- Guðmunda Ólafsdóttir

Þingforseti pakkaði frambjóðendum fyrir þeirra kynningu.

75. Íþróttaping ÍSÍ

16. Þingnefndir gera grein fyrir störfum sínum

Guðrún Inga þingforseti tilkynnti að nú yrði gerð grein fyrir störfum þingnefnda. Tek það fram að við ætlum að ræða þingskjal nr. 7 og 8. Fyrir störf fjárhagsnefndar bar ég upp tillögu sem er svohljóðandi: Þá er óskað eftir því að nefndarstörf um tillögu 9 um breytingar á skiptingu tekna frá Íslenskri getsþá verði frestað til haustsins. Þeim vinnuhópi sem er að störfum vegna verði gefinn kostur á að vinna að málinu í samvinnu við fjárhagsnefnd þingsins. Samþykkt var að fresta umræðu um þingskjal nr. 9 til haustsins, en taka til umræðu þingskjal nr. 7 og 8.

Fjárhagsnefnd:

Þingforseti biður Gunnar Svavarsson, formann fjárhagsnefndarað gera grein fyrir störfum nefndarinnar.

Nefndarstörf fóru fram á rafrænan hátt og tóku 20-25 gestir þátt í fundinum fyrir utan nefndarfólk. Gunnar fór yfir starfsreglur með vísan til regluumhverfis þingsins til að gera nefndarstörf skilvirkari. Starfsreglurnar voru samþykktar. Til fjárhagsnefndar var vísað tveimur tillögum þ.e. þingskjölum nr. 7 og 8 og ítrekaði nefndin að þingið hefði þegar samþykkt að vísa þingskjali nr. 9 til framhaldsþings á komandi hausti.

Tillaga 7 um fjárhagsáætlun ÍSÍ 2021-2022.

Gunnar Bragason, gjaldkeri ÍSÍ, gerði grein fyrir tillögunni. Orðið var gefið laust en enginn tók til máls og engar breytingatillögur bárust. Tillagan var samþykkt samhljóða með vísan til afgreiðslu á Íþróttapingi ÍSÍ og hvatningu til þingsins um samþykkt tillögunnar.

Viðar þingforseti tilkynnti að fregnir hefðu borist að við þingskjal nr. 8 sé breytingatillaga sem ekki gafst tóm til að ganga frá með atkvæðagreiðslu í nefndinni og tillögunni vísað þar með til þingsins. Þingskjal nr. 8 hefur áhrif á þingskjal nr. 7 og telur þingforseti rétt að kjósa fyrst um breytingartillögu við þingskjal 8. áður en umræða hefst umþingskjal nr. 7.

Þingforseti óskaði eftir að Gunnar tæki við.

Tillaga 8 um skiptingu á auka arðgreiðslu Íslenskrar getsþár.

Gunnar þakkaði þingforseta fyrir og tilkynnti að næst verði tekin fyrir tillaga um þingskjal 8 en Gunnar Bragason gjaldkeri gerði grein fyrir tillögunni. Gunnar kynnti stuttlega fyrstu umræður þingfulltrúa.

Gissur Jónsson HSK lagði til að öll greiðslan fari til sambandsaðila.

Hannes S. Jónsson KKÍ lagði til óbreytta frumtillögu.

Jónas Egilsson HSP lagði til að breytingatillaga Gissurar yrði samþykkt.

75. Íþróttaping ÍSÍ

Gunnar Bragason ÍSÍ gerði grein fyrir því af hverju tillagan var komin fram og lagði áherslu á að frumtillagan verði samþykkt.

Ingvar Sverrisson ÍBR lýsti yfir stuðningi við frumtillöguna en benti jafnframt á að setja þyrfti frekari fjármuni til héraðssambandanna.

Gunnar nefndi að öll umræða um breytingatillögur og tillöguna fóru fram í nefndinni. Umræðum var lokið í nefndinni og breytingatillagan var borin upp svohljóðandi: 75. Íþróttaping ÍSÍ, haldið 7. maí 2021, samþykkir að auka arðgreiðsla frá Íslenskri getsþá 2021 að upphæð kr. 93.340.000,- verði greidd út að fullu samkvæmt hefðbundinni lottóskiptingu. Þá hófst atkvæðagreiðsla en ekki hafði tekist að telja formlega í atkvæðagreiðslunni þegar þingforseti rauf fund nefndarinnar og í ljósi þess lagði formaður nefndarinnar til að breytingatillögunni væri vísað til þingsins til afgreiðslu áður en frumtillagan yrði tekin fyrir. Tillaga formanns var samþykkt samhljóða.

Formaður nefndarinnar þakkaði fyrir góð störf innan nefndarinnar.

Viðar þingforseti þakkaði Gunnari fyrir sitt framlag.

Viðar fór yfir breytingatillöguna sem var sýnileg á skjá. Viðar gaf orðið laust með hefðbundnum hætti um tillöguna.

Gunnar Bragason ÍSÍ kom í pontu. Ræddi um góða greinagerð sem fylgdi með tillögunni og fjárþörf í allri íþróttahreyfingunni. Minnti á auka arðgreiðslu frá Íslenskri getsþá á síðasta ári sem fór til íþróttahreyfingarinnar. Byggingasjóður hefur eflst lítillaga síðustu ár en er alls ekki nógu sterkur til að geta ráðist í einhverjar byggingaframkvæmdir. Hann mælti með frumtillögunni.

Jónas Egilsson HSP bað um orðið. Þykir nóg um aukinn skrifstofukostnað milli ára hjá ÍSÍ. Jónas óskaði eftir að sjá verk- og fjárhagsáætlun fyrir verkefnum byggingarsjóðs áður en lengra verður haldið.

Gissur Jónsson HSK bað um orðið. Lýsti því yfir að hann vill að arðgreiðslan gangi beint til grasrótarinnar þ.e. íþróttafélaga og bandalaga. Lottótekjurnar eru ein af fáum tekjupóstum sem íþróttfélögin geta gengið að sem vísun. ÍSÍ verður að afla sér fjármuna til viðhalds á annan hátt.

Hannes S. Jónsson KKÍ bað um orðið. Ítrekaði að ÍSÍ útvegi fjármagn til sérsambanda og héraðsamböndin fyrir grasrótina og treystir á að það verði gert. Telur samt að styðja þurfi frumtillöguna til viðhalds á Íþróttamiðstöðinni.

Lárus Blöndal ÍSÍ bað um orðið. Vildi leiðrétta Jónas að fjárhagsútlát skrifstofu ÍSÍ hafi farið vaxandi á undanförunum árum sem er ekki rétt. ÍSÍ þarf að byggja við íþróttamiðstöðina sem er ekki nægjanlega stór. ÍSÍ hefur fáa möguleika að afla fjár nema með sértækum arðgreiðslum sem fara fyrir þing til ákvarðanatöku. Leggur til að frumtillagan verði samþykkt.

Gunnar Gestsson bað um orðið. Þakkaði fyrir mikilvægar og góðar umræður. Allir aðilar að ÍSÍ standa líka í rekstri og viðhaldi sinna skrifstofa og hefur hann skilning á stöðunni í Laugardalnum. Óvísst hvora tillöguna hann mun gefa atkvæði sitt.

75. Íþróttaping ÍSÍ

Ingvar Sverrisson ÍBR bað um orðið. Á síðastliðnum þingum hefur oft verið rætt um að styðja þarf héraðsamböndin fjárhagslega í erfiðum rekstri með auknum kröfum um þjónustu fyrir grasrótarstarfið. Lítið hefur verið um efndir frá forystu ÍSÍ. Hefur skilning á að húsnæðið í Laugardalnum þarf viðhald og má ekki fara í niðurníðslu með miklum viðhaldskostnaði. Biðlar engu að síður til forystu ÍSÍ að auka fjármagnið til héraðssambanda sem er orðið nauðsynlegt að efla. Nú þarf að koma til móts við fjármagn til héraðssambandanna.

Mælendaskrá er lokið og þakkaði Viðar þingforseti fyrir umræðurnar.

Nú er komið að því að ganga til atkvæða um breytingatillöguna. Breytingatillagan fjallar um að auka arðgreiðsla frá Íslenskri getsþá 2021 verði greidd út að fullu samkvæmt hefðbundinni lottóskiptingu. Viðar mælir með að nota farsímana til að tengja við kosningakerfið.

Breytingatillaga við þingskjali 8 eru eftirfarandi:

Fjöldi greiddra atkvæða: 161

Atkvæði með: 87

Atkvæði á móti: 74

Breytingatillagan er samþykkt.

Gerri þingheimur ekki athugasemdir við þá málsmeðferð að þingskjalið sé orðið breytt og vilji þingheims í þeim efnum er ljós þá óskar þingforseti eftir því að, komi ekki fram neinar athugasemdir, að þingheimur samþykki þingskjalið með þessari breytingu. Óskar eftir viðbrögðum frá þingfulltrúum með lófaklappi, fékk góðar undirtektir og tilkynnti að þar með er þingskjal nr. 8 með breytingum samþykkt.

Tillaga 7 um fjárhagsáætlun ÍSÍ 2021-2022, framhald

Viðar þingforseti fer yfir að eðli máls samkvæmt miðað við samþykkt á þingskjali nr. 8 með breytingum þurfi að gera einhverjar breytingar á þingskjali 7. Þingforseti biður Gunnar Bragason gjaldkera að skýra í meginatriðum í hverju breytingarnar felast varðandi þingskjal 8.

Gunnar Bragason gerir grein fyrir 5% hækkun tekna hjá ÍSÍ sem kemur frá Íslenskri getsþá og vísar til uppfærslu á fjárhagsáætlun sem birtist á skjánum.

Til að flýta fyrir málsmeðferð óskaði þingforseti eftir því við þingheim að tillagan um fjárhagsáætlun ÍSÍ verði samþykkt, með þeim breytingum sem gera þarf á því sem afleiðing af þingskjali 8. Þingfulltrúar gefa þessu klapp og engar athugasemdir á spjallinu, tillaga nr. 7 samþykkt.

17. Kosningar

Guðrún Inga þingforseti kynnir að komið sé að því að kjósa til framkvæmdastjórnar ÍSÍ fyrir starfsárin 2021 til 2023.

Þingforseti biður Jón Ásgeir Eyjólfsson formann kjörnefndar að taka við.

75. Íþróttaping ÍSÍ

Kosning forseta ÍSÍ.

Framboð barst frá Lárusi L. Blöndal, fleiri framboð bárust ekki og er Lárus L. Blöndal því réttkjörinn forseti ÍSÍ til fjögurra ára.

Þingforseti tekur til máls og úrskurðar forseta ÍSÍ rétt kjörinn. Þingforseti lýstir því yfir að Lárus S. Blöndal sé réttkjörinn forseti ÍSÍ, undirtektir með lófaklappi.

Kosningar til framkvæmdastjórnar ÍSÍ, sjö meðstjórnendur til fjögurra ára, 2021-2025.

Jón Ásgeir tilkynnir um kosningu til framkvæmdastjórnar ÍSÍ, en kosið er um sjö sæti til fjögurra ára: Í framboði eru, lesin í þeirri röð sem dregið var um:

- 1 Hildur Karen Aðalsteinsdóttir
- 2 Þórey Edda Elísdóttir
- 3 Hörður Þorsteinsson
- 4 Úlfur Helgi Hróbjartsson
- 5 Arnar Guðjónsson
- 6 Haukur Þór Haraldsson
- 7 Viðar Garðarsson
- 8 Garðar Svansson
- 9 Hörður Oddfríðarson
- 10 Valdimar Leó Friðriksson
- 11 Guðmunda Ólafsdóttir

Þingforseti tekur við og fer yfir fyrirkomulag kosninga.

Þingfulltrúar með kosningarétt þurfa að skrá sig inn á kosningakerfið, um er að ræða annan tengil en fyrri kosningar. Kosningaseðilinn er með myndum af frambjóðendum og skal kjósa sjö aðila. Hægt er að velja viðkomandi mynd eða merkja við kassa við hlið myndar.

Þingforseti gaf Jóni Ásgeiri Eyjólfssyni formanni kjörbréfanefndar orðið, en engar breytingar hafa orðið á kjörbréfum frá því hann lýsti fjölda kjörbréfa í byrjun þingsins.

Atkvæðagreiðsla er nú opin og hafa þingfulltrúar 3 mínútur til að skila inn atkvæði sínu, munið að kjósa sjö hvorki fleiri né færri. Við göngum til atkvæða.

Þingforseti tilkynnir að atkvæðagreiðslu sé lokið.

Guðrún Inga þingforseti tilkynnir að ákveðið væri að opna aftur fyrir kosningar þar sem öll atkvæði hafa ekki skilað sér. Það geta allir farið inn aftur á kosningavefinn, það geta allir kosið aftur en það er síðasta atkvæðagreiðslan sem gildir. Þeir sem hafa þegar kosið þurfa ekki að gera það aftur.

Þingforseti ítrekar að þeir sem hafa lokið kosningu þurfa ekki að kjósa aftur. Þingfulltrúar sem eru í vandræðum geta skráð símanúmer sitt á spjallþráðinn og hringt verður í viðkomandi.

Viðar þingforseti minnir þingfulltrúa á að nota spjallið eingöngu fyrir athugasemdir en ekki spjall.

75. Íþróttaping ÍSÍ

Guðrún Inga þingforseti tilkynnir að 1 mínúta sé eftir. Tilkynnir að atkvæðagreiðslu sé lokið.

Jón Ásgeir tilkynnir niðurstöður atkvæðagreiðslu úr kosningakerfi. Niðurstöður eru eftirfarandi, í stafrófsröð:

- 1 Garðar Svansson
- 2 Hildur Karen Aðalsteinsdóttir
- 3 Hörður Þorsteinsson
- 4 Úlfur Helgi Hróbjartsson
- 5 Valdimar Leó Friðriksson
- 6 Viðar Garðarsson
- 7 Þórey Edda Elísdóttir

Nánari upplýsingar um kjörið verða birtar á heimasíðu ÍSÍ.

Formaður kjörnefndar tilkynnir um niðurstöðu kosninga sjö efstu

Viðar þingforseti staðfestir að þeir sjö fulltrúar sem formaður kjörnefndar tilgreindi hér áðan séu réttkjörnir fulltrúar í framkvæmdastjórn ÍSÍ. Öllum frambjóðendum þakkað fyrir þeirra framboð.

Þá er komið að því að staðfesta fulltrúa íþróttamannanefndar í framkvæmdastjórn ÍSÍ. Íþróttamannanefnd ÍSÍ hélt kosningarfund sinn fimmtudaginn 29. apríl sl. og var ný stjórn kosin. Stjórnin skipti á milli sín embættum á fundi sínum 2. maí sl. Fyrir liggur bréf frá Íþróttamannanefnd ÍSÍ sem tilnefna Ásdísi Hjálmsdóttur Annerud til setu í framkvæmdastjórn ÍSÍ til næstu tveggja ára.

Samkvæmt lögum ÍSÍ er óskað eftir því að Íþróttaping ÍSÍ staðfesti fulltrúa íþróttamannanefndar í framkvæmdastjórn ÍSÍ. Um er að ræða setu til tveggja ára.

Þingforseti óskar eftir klappi í stað atkvæðagreiðslu, komi ekki fram mótbárur.

Tilnefning á Ásdísi Hjálmsdóttur Annerud sem fulltrúa íþróttamannanefndar er staðfest.

Jón Ásgeir tekur við aftur og tilkynnir að nú er komið að kosningu tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara til næstu tveggja ára.

Tillaga er um:

2 skoðunarmenn og 2 til vara. Tilnefnd eru:

Sigríði Ármannsdóttur
Jón Þorkelsson

Til vara:

Halla María Helgadóttir
Sigurjón Pétursson

Samþykkt samhljóða.

Dómstóll ÍSÍ. Tilnefnd eru:

75. Íþróttaping ÍSÍ

Björg Ásta Þórðardóttir,
Gunnar Guðmundsson,
Halldór Frímannsson,
Hilmar Gunnlaugsson,
Ingibjörg Halldórsdóttir,
Ólafur Björnsson.

Samþykkt samhljóða.

Jón Ásgeir tekur við og segir að komið sé að kosningu í Áfrýjunardómstól ÍSÍ.

Áfrýjunardómstól ÍSÍ. Tilnefnd eru:

Björgvin Þorsteinsson
Gestur Jónsson
Helga Melkorka Óttarsdóttir
Helgi Sigurðsson
Hulda Árnadóttir
Karl Gauti Hjaltason

Samþykkt samhljóða.

Kjörnefnd 5 manna og 2 til vara. Tilnefnd eru:

Jón Ásgeir Eyjólfsson formaður,
Elísabet Ólafsdóttir,
Guðríður Aadnegard,
Guðrún Inga Sívertsen,
Frímann Ari Ferdinandsson

Til vara:

Hjörny Snorradóttir
Einar Haraldsson

Samþykkt samhljóða.

Þar sem engar athugasemdir eru gerðar en mikið klappað er litið svo á að tillagan sé samþykkt.

Formaður kjörnefndar þakkar fyrir sig og nefndina og óskar nýkjörnum fulltrúum til hamingju og að sjálfsögðu óskað hann forsetanum til hamingju með endurkjörið.

Viðar Þingforseti þakkar formanni kjörnefndar fyrir hans störf. Þingforseti tilkynnir að Lárus Blöndal hafi beðið um orðið.

Lárus fjallaði um frestun Íþróttapings ÍSÍ til 9. október kl. 13:00. Hann telur mikilvægt að fulltrúar íþróttahreyfingunnar hittist augliti til auglitis í haust og fjalli um þau málefni sem eru óafgreidd. Lárus óskaði nýjum aðilum sem voru kosnir í framkvæmdastjórn ÍSÍ til hamingju, þakkaði og lofaði aðra frambjóðendur sem buðu sig fram en náðu ekki kjöri.

Að lokum leggur Lárus fram formlega tillögu um frestun.

75. Íþróttaping ÍSÍ

75. Íþróttaping ÍSÍ, haldið þann 7. maí 2021, samþykkir að fresta þingstörfum til kl. 13:00 laugardaginn 9. október nk. og þar með þeim verkefnum sem eftir eru, þ.e.: heiðranir og nefndarstörf vegna tillagna á þingskjöllum nr. 2, 3, 4, 5, 6 og 9 sem og afgreiðslu á þeim. Um er að ræða dagskráliði 5, 12, 14, 15, 16, 18, 19 og 21. Þingnefndir starfi til loka framhaldspings.

Þingnefndir 75. Íþróttapings taka til starfa í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal föstudaginn 8. október klukkan 16:00. Þar með gefst öllum þingfulltrúum tækifæri til að taka þátt í því nefndarstarfi.

Lárus tilkynnti að í lokin muni þingforseti bera þessa tillögu upp.

Lárus Blöndal þakkaði fyrir það traust sem honum var sýnt með endurkosningu til næstu fjögurra ára. Hann þakkaði þingforsetum kærlega fyrir þeirra störf, afhenti þeim sitt hvorn blómvöndinn og þau mynduð með Lárusi. Hann þakkaði öllum þeim sem tóku þátt í starfi þingsins við óvenjulegar aðstæður á löngum rafrænum fundi.

Lárus þakkaði einnig því stjórnarfólki sem hættu í vor fyrir mjög góð störf en þau eru Þráinn Hafsteinsson og Lilja Sigurðardóttir ásamt Sigríði Jónsdóttur sem hann þakkaði sérstaklega fyrir gott og langt samstarf. Að lokum þakkaði Lárus fyrir sig og kvaddi.

Guðrún Inga þingforseti tilkynnti að komin væri fram tillaga um frestun á þingi til haustsins sem búið er að kynna. Þingforseti tók sér það leyfi að ekki yrði kosið um tillöguna í kosningakerfinu. Þingfulltrúar tóku undir með lófaklappi og þar sem engar athugasemdir komu fram telst tillagan samþykkt.

Þingforsetar þakka fyrir sig að sinni og þökkuðu fyrir þátttöku allra á þessu rafræna þingi.

Brynja Guðjónsdóttir 1. þingritari

Viðar Sigurjónsson 2. þingritari

Íþróttaping ÍSÍ seinni hluti, okt. 2021

13:00 Setning framhaldspings 75. Íþróttapings ÍSÍ

Þingforseti bauð þingfulltrúa og aðra velkomna til framhaldspings ÍSÍ og bauð svo Lárus Blöndal forseta ÍSÍ velkominn í pontu.

Ávarp forseta ÍSÍ

Kæru Heiðursfélagar, þingfulltrúar og gestir!

Velkomin til framhaldspings 75. Íþróttapings ÍSÍ.

75. Íþróttaping ÍSÍ

Á fyrri hluta þingsins afgreiddum við ýmis mál og kusum til stjórnar ÍSÍ. Sú stjórn hefur hist átta sinnum á þeim fimm mánuðum sem liðið hafa og þurft að takast á við viðamikil og flókin mál strax á upphafstíma sínum.

Fyrir þessu framhaldsþingi liggja sex tillögur sem verða teknar til umfjöllunar og afgreiðslu síðar í dag. Þar á meðal eru tillögur að lagabreytingum. Ekki eru margar stórar efnislegar breytingar á lögnum en meðal annars er verið að uppfæra kaflann um dómstóla hreyfingarinnar, rýmka fresti og færa þá nær því sem tíðkast hjá almennum dómstólum. Einnig er verið að uppfæra ákvæði til samræmis við breytingu á Íþróttalögum. Breytingar voru einnig nauðsynlegar í ljósi þess að lyfjaeftirlitsmál hafa nú færst frá ÍSÍ, yfir til Lyfjaeftirlits Íslands.

Fyrir liggur tillaga um breytingu á þingsköpum ÍSÍ og er þar verið að færa í lög áratuga hefð sem viðhöfð hefur verið af þingforsetum Íþróttapinga varðandi stjórnarkjör, þ.e. að kjósa megi hvorki fleiri né færri en fjöldi sæta býður upp á.

Í gærkvöldi störfuðu þingnefndir og þar tókust á ólík sjónarmið, eins og gerist og gengur.

Við inntöku íþróttabandalaga í UMFÍ skapaðist þrýstingur á að ná lausn á skiptingu lottófjár og var samþykkt á síðasta Íþróttapingi ÍSÍ 2019 að fela framkvæmdastjórn ÍSÍ að skipa nefnd í samstarfi við sambandsaðila og UMFÍ um endurskoðun á regluverki um skiptingu tekna frá Íslenskri Getspá. Snérist tillagan um að jafna greiðslur til íþróttahéraða og félaga. Sú vinna hefur gefið af sér þá tillögu sem lögð var fyrir fjárhagsnefnd í gær.

Við útreikninga á skiptingu lottógreiðslna kom í ljós að allnokkur munur er á milli aðila miðað við núverandi skipan. Jöfnun á greiðslum hefði því valdið því að allmargir aðilar innan hreyfingarinnar hefðu fengið töluvert minna í sinn hlut en áður. Var það niðurstaða nefndarstarfsins í gær að bíða með stór skref í átt að jöfnuði og gefa okkur lengri tíma til að ná sáttum um niðurstöðu.

Töluverð umræða skapaðist um afreksstefnu ÍSÍ á meðan á Ólympíuleikunum í Tókýó stóð og þó að þar hafi komið fram ýmsar rangfærslur m.a. um að engin afreksstefna væri til hjá ÍSÍ, þá eru umræður um afreksmálin þörf. Kominn er tími á yfirferð og mögulega endurskoðun úthlutunarreglna Afrekssjóðs ÍSÍ enda eru liðin fimm ár frá því að reglunum var breytt í kjölfar stórauðinnar fjárveitingar til sjóðsins.

Það er rétt að nefna það að aldrei hafa verið jafn tíðir fundir á milli ÍSÍ og sérsambanda og séríþróttanefnda ÍSÍ heldur en síðustu 5 árin og tel ég gjörbyltingu hafa verið gerða á samtalinu á milli hagaðila með nýju reglunum.

Rafíþróttir eða rafleikir eru heitt umræðuefni í hreyfingunni og sitt sýnist hverjum. Alþjóða Ólympíunefndin hefur gefið það út að gera þurfi skýran greinarmun á tölvuleikjum þar sem viðkenndar íþróttagreinar eru fyrirmyndin og þeirra sem snúast um eitthvað óskyld íþróttum og byggjast oft á ofbeldi og stundum mjög grófu. Leggur Ólympíunefndin upp með að kalla leiki sem byggjast á íþróttum, rafíþróttir eða e-sport en aðra leiki rafleiki eða e-gaming.

Fyrir allsherjarnefnd var lögð fram tillaga í gær þar sem gert var ráð fyrir þessari aðgreiningu en á það féllst nefndin ekki og felldi út úr tillögunni að aðrir leikir en íþróttaleikir yrðu kallaðir rafleikir til aðgreiningar frá rafíþróttum. Ég verð að segja að þessi niðurstaða nefndarinnar eru mér vonbrigði.

75. Íþróttaping ÍSÍ

Bæði vegna þess að við erum ekki að fara að vilja Alþjóða Ólympíunefndarinnar sem er okkar æðsti aðili, heldur einnig finnst mér mikilvægt að við látum því ekki ómótmælt að aðrir aðilar noti íþróttahugtakið um hátterni sem fer í bága við okkar hugsjónir og gildi. Þá erum við að tala um að það teljist til íþróttaiðkunar að stunda dráps- eða skotleiki og leiki sem ýta jafnvel undir brenglaða sýn á hlutverki kynjanna og hversdagsgerir ofbeldi. Og það á sama tíma og við horfumst í augu við víðtæk vandamál í samfélaginu og þar með íþróttahreyfingunni, sem ekki er annað en þverskurður af okkar samfélagi, er varða nákvæmlega þessi vandamál.

Það er enginn ágreiningur um tölvuleikina sem við viljum kalla rafíþróttir. Þeir geta margir hverjir stutt vel við íþróttaiðkun og dýpkað skilning okkar á viðkomandi íþróttagreinum, hvatt okkur áfram og skapað skemmtilega samveru og sýndarkeppni. Það eru bara að leikirnir sem ganga þvert á gildi íþróttahreyfingarinnar skuli kenna sig við íþróttir sem stendur í okkur, að minnsta kosti sumum okkar.

Þó stutt sé síðan við hittumst þá er samt ekki hægt að segja annað en að þessi tími frá þinginu í maí hafi verið viðburðarríkur.

Fyrst ber auðvitað að nefna Ólympíuleikanna sem haldnir voru í Tokió í sumar. Þeir voru mjög sérstakir enda haldnir í skugga COVID faraldursins eftir að hafa verið frestað um eitt ár. Ísland átti fjóra keppendur á Ólympíuleikunum og sex tóku þátt í Ólympíumóti fatlaðra.

Ólympíuleikarnir voru nánast án áhorfenda í þetta skiptið og auk þess að vera í fjötrum harðra sóttvarnaraðgerða. Varð það mjög skrítið að sitja með nokkrum tugum annarra í stúkum sem hefðu getað tekið þúsundir eða tugþúsundir áhorfenda. Þrátt fyrir allt þá tókust Ólympíuleikarnir vel og er það mikið gleðiefni að tekist hafi að halda þá þrátt fyrir ástandið undanfarin misseri.

Kastljósi hefur undanfarnar vikur verið beint að íþróttahreyfingunni og þá ekki síst knattspyrnuhreyfingunni og ófyrirséð atburðarrás fór á flug. Erfið staða kom upp í okkar stærsta sérsambandi og um tíma leit út fyrir að það yrði án stjórnar, sem mögulega hefði haft alvarlegar afleiðingar í för með sér, bæði fyrir sambandið sjálft og landslið Íslands í knattspyrnu. Sem betur fer náðist landing í því máli og nú hefur verið kjörin bráðabirgðastjórn KSÍ. Vanda Sigurgeirsdóttir, nýkjörinn formaður KSÍ, er fyrsta konan til að gegna því embætti og einnig fyrsta konan sem gegnir formennsku í aðildarsambandi innan UEFA. Það eru gleðileg tíðindi.

Bráðabirgðastjórn KSÍ mun starfa fram að næsta reglulega þingi sambandsins sem haldið verður í febrúar á næsta ári.

Atburðir síðustu vikna hafa leitt í ljós að bæta má enn frekar ferla, viðbrögð og fræðslu innan íþróttahreyfingarinnar bæði hvað varðar forvarnir gegn ofbeldi sem og viðbrögð við tilkynningum um atvik og meðhöndlun þeirra. Hafin er ýmis úrbótavinna til að tryggja að allir innan vébanda hreyfingarinnar hafi þau tól og tæki sem þarf til að bregðast rétt við atvikum sem upp koma í starfi hreyfingarinnar og auka þannig öryggi allra innan hennar.

Samskiptaráðgjafi íþrótt- og æskulýðsstarfs er með starfshóp sem settur var á laggirnar í apríl og hefur meðal annars það hlutverk að samræma ferla varðandi tilkynningar um atvik og viðbrögð þar að lútandi er varða þá aðila sem þjónusta embættisins snýr að.

Framkvæmdastjórn ÍSÍ ákvað á fundi sínum 26. ágúst sl. að skipa starfshóp til að skoða ferla, vinnubrögð og heimildir til aðgerða þegar upp koma ásakanir um brot innaníþróttahreyfingarinnar.

75. Íþróttaping ÍSÍ

Á fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ 16. september, var formlega skipað í hópinn og í honum starfa Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir formaður, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Eva Halldórsdóttir, Hörður Oddfríðarson og Haukur Örn Birgisson. Hópurinn mun einnig hafa samráð við samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs.

Að auki má nefna að KSÍ hefur skipað starfshóp sem vinnur að umbótum varðandi vinnulag, tengingu við samskiptaráðgjafa og fræðslu til allra hagaðila KSÍ. Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir stýrir einnig þeim hópi.

Starf hópanna er í þágu allrar íþróttahreyfingarinnar og verða afurðirnar sem koma úr starfi þeirra aðgengilegar öllum og nýttar til að bæta starfið í öllum einingum innan íþróttahreyfingarinnar.

KSÍ óskað eftir því við ÍSÍ að settur yrði á stofn nefnd til að gera úttekt á viðbrögðum og málsmeðferð KSÍ vegna kynferðisofbeldismála sem tengst hafa leikmönnum í landsliðum Íslands.

Nú hefur sú nefnd verið skipuð og í henni eiga sæti Dr. Hafrún Kristjánsdóttir, sálfræðingur, Kjartan Bjarni Björgvinsson, héraðsdómari, sem jafnframt er formaður nefndarinnar og Rán Ingvarsdóttir, lögfræðingur. Úttektarnefnd ÍSÍ eins og hún nefnist er sjálfstæð og óháð í störfum sínum. KSÍ ábyrgist að nefndin fái aðgang að öllum þeim gögnum sem það hefur með höndum. Nefndin á að skila af sér til framkvæmdastjórnar ÍSÍ eigi síðar en í nóvember nk.

Við þurfum vissu um að við séum eins viðbúin óvæntum áföllum og atvikum og hugsast getur, búin bestu úrræðum sem hægt er að fá. Þátttakendur í okkar frábæra starfi þurfa líka vissu um að við séum í stakk búin að takast á við erfið og flókin mál, að við vitum alltaf leiðina þó að við séum ekki alltaf beinn úrlausnaraðili.

Við þurfum að hlúa að sjálfbóðaliðunum. Það hefur virkilega mætt á þeim öllum, ekki síst á COVID-19 tímum og það eru takmörk fyrir því hvað hægt er að ætlast til af frábærum sjálfbóðaliðum okkar í daglegu starfi. Tími allra er dýrmætur og við viljum geta verið til staðar fyrir alla í lífi okkar. Við erum einstaklega rík af góðu fólki og fyrir það er ég afar þakklátur. Sá mannauður hefur drifið starfið okkar áfram og vonandi náum við að laða áfram til okkar gott fólk sem er tilbúið að halda okkar góðu vegferð áfram veginn.

Ég hef ofurtrú á íþróttahreyfingunni, ég hef séð það sjálfur hvers hún er megnug og hennar mikla styrk á erfiðum tímum. Ég hlakka til að starfa með ykkur næstu fjögur árin og vona að við eigum hér góðar stundir saman í dag við þau stefnumarkandi störf sem okkur hefur verið falið að annast á Íþróttapingi ÍSÍ.

Þingforseti þakkaði Lárusi fyrir og nefndi upplýsingar um þráðlaust net hússins. Þar næst bauð hún Frímanni Ara Ferdinandssyni formanni Kjörbréfanefndar að koma í pontu til að fara yfir kjörbréfin.

Álit kjörbréfanefndar

Frímanni Ari kom í pontu og gerði grein fyrir hlutverki sínu sem væri að leggja fram upplýsingar um kjörbréfin sem samþykkt voru á fyrri hluta þingsins sem hann og gerði.

Þingforseti þakkaði Frímanni Ara fyrir og minnti þingheim á það að ekki þyrfti að samþykkja kjörbréfin aftur. Hann bauð svo Þóreyju Eddu fyrsta varaforseta ÍSÍ í pontu til að stýra afhendingu heiðursviðurkenning.

75. Íþróttaping ÍSÍ

Heiðursviðurkenningar

Íþróttaping ÍSÍ er æðsti vettvangur íþróttahreyfingarinnar og við hæfi að nýta tækifærið við þingsetningu að heiðra forystufólk í hreyfingunni, sem lagt hefur ómetanlegt starf af mörkum til íþróttastarfsins.

Á þinginu í maí síðastliðnum tók til starfa ný stjórn ÍSÍ. Þrír einstaklingar gáfu ekki kost á sér til endurkjörs. Þau verða öll heiðruð hér í dag og ætlum við að hefja afhendingu heiðursviðurkenninga með því að afhenda Gullmerki ÍSÍ til tveggja fráfaraðna meðstjórnenda úr síðustu stjórn ÍSÍ.

Það er okkur ánægja að framfylgja einróma samþykkt framkvæmda stjórnar ÍSÍ um að sæma Þráinn Hafsteinsson og Lilju Sigurðardóttur Gullmerki ÍSÍ.

Þórey bauð forseta og framkvæmdastjóra ÍSÍ upp á svið til að aðstoða við afhendingar viðurkenninga. Hún bauð síðan Þráni og Lilju upp á svið til að taka við gullmerki ÍSÍ. Lilja á að baki sex ára stjórnarsetu hjá ÍSÍ og Þráinn fjögurra ára stjórnarsetu en bæði hafa þau sinnt fjölbreyttum leiðtogastörfum innan íþróttahreyfingarinnar á vettvangi félaga, íþróttahéraða og sérsambanda svo eitthvað sé nefnt. Án efa mun ÍSÍ eiga þau áfram að sem bakhjarla í verkefnum framtíðarinnar.

ÍSÍ þakkar þeim báðum fyrir frábær störf í þágu íþróttahreyfingarinnar og óskar þeim alls góðs.

Næst taldi Þórey upp sex einstaklinga sem fengu heiðurskross ÍSÍ og það þá um að koma upp á svið.

Birna Björnsdóttir störf í þágu fimleika, Björgvin Þorsteinsson golfari, Engilbert Olgeirsson, HSK og var einnig lengi í framkvæmdastjórn ÍSÍ, Helga Guðrún Guðjónsdóttir UMFÍ, fyrst kvenna sem formaður, Sigríður Jónsdóttir Badminton og framkvæmdastjórn ÍSÍ í 25 ár. Valdimar Leó Friðriksson, UMSE, UMFA 1994-2005 og stjórn UMSK í 23 ár, þar af formaður í 20 ár.

Þórey Edda óskaði öllum til hamingju með viðurkenningarnar.

Þingforseti gaf Þóreyju Eddu orðið aftur.

Tillaga um heiðursfélaga

Þórey Edda taldi upp eftirtalda: Árni Þór Árnason, Guðmundur Á Yngvason, Helga Steinunn Guðmundsdóttir, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Jón Gestur Viggósson og Örn Andrésson.

Þingforseti bar þessi nöfn upp fyrir þingheim til samþykktar og voru þau samþykkt samhljóða.

Þórey Edda sagði einstaklingana alla hafa skilað framúrskarandi starfi í þágu íþróttar og tilkynnti að hefðu þau öll hlotið Heiðurskross ÍSÍ, æðstu heiðursviðurkenningu ÍSÍ. Þórey upplýsti þingheim einnig um það að allir aðilarnir hefðu átt sæti í framkvæmdastjórn ÍSÍ og sinnt fjölmörgum leiðtogastörfum fyrir ÍSÍ.

Þórey kallaði nýútnefnda heiðursfélaga ÍSÍ hvern á fætur öðrum á svið til að taka við viðurkenningunni úr höndum forseta og framkvæmdastjóra ÍSÍ. Sigríður Guðmunds dóttir tók við viðurkenningunni fyrir hönd föður síns Guðmundar Á Yngvasonar. Erna og Guðmundur, foreldrar Helgu Steinunnar tóku einnig við viðurkenningunni fyrir hönd dótturinnar.

Þórey óskaði nýkjörnum Heiðursfélögum ÍSÍ innilega til hamingju með heiðursviðurkenninguna og þakkaði þeim fyrir þeirra góðu störf í þágu íþróttanna.

Þórey minnti á myndatökur sem færu fram í þinghléi.

75. Íþróttaping ÍSÍ

Útnefning í Heiðurshöll ÍSÍ

Þingforseti bauð Lárusi Blöndal að taka við stjórninni. Lárus sagði það afar ánægjulegt verkefni að fá að útnefna þessa einstaklinga. Hann útskýrði að Heiðurshöll ÍSÍ væri óáþreifanleg höll afreksíþróttafólks og afreksþjálfara Íslands. Hann sagði framkvæmdastjórn útnefna í Heiðurshöllina og að Heiðursráð ÍSÍ væri ráðgefandi aðili við þessar tilnefningar. Lárus las upp að 21. og 22. einstaklingurinn í Heiðurshöll ÍSÍ væru tvíburabræðurnir og frjalsíþróttamennirnir Örn Clausen og Haukur Clausen. Þeir voru fæddir 1928 og voru eineggja tvíburar. Þeir voru einna fremstir íslenskra íþróttamanna á gullöld frjalsra íþrotta.

Elín Hrefna Thorarensen ekkja Hauks tók við viðurkenningu hans og Guðrún Erlendsdóttir ekkja Arnar tók við viðurkenningunni fyrir hans hönd. Þingheimur reis úr sætum af þessu tilefni og gaf dynjandi lófaklapp.

Þinghlé – Myndataka

Þingforseti minnti á þráðlausa netið í þingsal og minnti einnig á matinn um kvöldið og skráningu/miðakaup í hann.

Þingforseti óskaði eftir afbrigðum við dagskrá þingsins og samþykkti þingheimur afbrigðin með öllum greiddum atkvæðum gegn einu. Um var að ræða tvær kynningar sem voru á dagskrá þingsins undir önnur mál.

Þingforseti bað Sigurbjörgu Sigurpálsdóttur samskiptaráðgjafa um að koma í pontu og kynna embættið, hlutverk og verkefni þess.

Sigurbjörg þakkaði fyrir að fá að koma í pontu á þinginu til að kynna starf samskiptaráðgjafa. Hún minnti á að starfið hafi verið sett í lög og að markmiðið væri að íþróttir og æskulýðsstörf færu fram í öruggu umhverfi og að allir geti borið upp sínar kvartanir vegna atvika eða misgjörða án þess að þurfa að óttast afleiðingar þeirra. Hlutverkið er að upplýsa félög og samtök um það sem mögulega gæti misfarist í starfinu og leiðbeina þeim sem til ráðgjafans leita. Það mega allir innan íþrótt- og æskulýðsstarfs leita til samskiptaráðgjafa. Leiðbeiningin felst í því hvaða úrræði standi til boða og hvernig hægt er að bregðast við. Nú þegar er í vinnslu sameining áætlana, að allir fari eftir sama plani, fagþekking sé til staðar og málum sinnt. Ráðgjafinn á einnig að sinna fyrirbyggjandi aðgerðum. Hún nefndi að núna í nóvember sé fyrirhuguð kynningarferð um land allt um starf samskiptaráðgjafa. Hún þakkaði fyrir dyggan stuðning frá íþróttáhræðum og bað þau um að hvetja sín aðildarfélög til að mæta á kynningarnar. M.a. verður fjallað um uppflettingu í sakaskrá og samræmingu viðbragðsáætlana. Hún nefndi upplýsingar á heimasíðu ráðgjafans og að síminn væri oftast opin.

Þingforseti kynnti næst Kolbrúnu Hrund Sigurgeirsdóttur sem sæti á í framkvæmdastjórn ÍSÍ í pontu. Hún er formaður vinnuhóps ÍSÍ sem á að skoða ferla, vinnubrögð og heimildir til aðgerða þegar upp koma ásakanir um brot innan hreyfingarinnar.

Kolbrún kom í pontu og sagðist ætla að ræða um ofbeldi almennt. Kolbrún sagði að gustað hefði hart að undanfögnu og ekki síst um íþróttahreyfinguna. Hún sagði umræðuna hafa verið mjög háværa, oft og tíðum óvægna og sumum fyndist alveg nóg um. Alltaf þyrfti samt að muna að umræða væri sjaldnast úr lausu lofti gripin, eitthvað þyrfti að laga. Kolbrún sagði að þrátt fyrir margt sem hefði verið gert í þessum fræðum þá hefði tilkynningum um kynferðisbrot ekki fækkað. Þolendur væru að stíga fram í krafti fjöldans. Hún sagði að íþróttahreyfingin væri risastór samtök sem yrðu að láta til sín taka í þessum málum og aðilar yrðu að hjálpast að.

75. Íþróttaping ÍSÍ

Kolbrún sagði íþróttastarfið frábært og að það hefði t.d. mikið forvarnargildi fyrir börn. Hún minnti á að við yrðum að standa vörð um þetta starf, ofbeldi ætti þar ekki heima. Hún sagði þessi mál ekki leysast nema með því að hreyfingin taki höndum saman og geri enn betur.

Þingforseti þakkaði Kolbrúnu fyrir hennar framlag til þingsins.

Þingnefndir gera grein fyrir störfum sínum

Allsherjarnefnd

Þingforseti bauð Klöru Bjartmars um að koma í pontu og fylgja úr hlaði tillögum Allsherjarnefndar. Klara gerði grein fyrir störfum nefndarinnar og kynnti fyrstu tillögu um féлага-, iðkenda, og keppendatal (skráningarmál í íþróttahreyfingunni.

Þingforseti gaf orðið laust og bar svo upp tillöguna, samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 4

Tillaga um skráningarmál í íþróttahreyfingunni

75. Íþróttaping ÍSÍ, haldið 7. maí 2021, samþykkir að framkvæmdastjórn ÍSÍ endurskoði reglugerð um féлага-, iðkenda- og keppendatal.

Jafnframt skal framkvæma úttekt á skráningum iðkenda og félagsmanna í viðurkenndum íþróttagreinum innan vébanda ÍSÍ og safna upplýsingum um forsendur útreiknings á skiptingu lottóhagnaðar til aðildarféлага hvers íþróttahéraðs innan ÍSÍ.

Ný reglugerð skal kynnt eigi síðar en á Formannafundi ÍSÍ árið 2022 sem og þær úttektir sem framkvæmdar verða.

Klara kynnti tillögu nr. 5. um rafíþróttir. Hún þakkaði þeim fjölmörgu sem komu á fund nefndarinnar og sagði að skoðanir hefðu verið skiptar en meirihluti væri sammála um að fella fyrstu málsgrein út og gera breytingu á 2. málsgrein. Nefndin gerir ekki tillögu um breytingar á 3. og 4. málsgrein tillögunnar.

Þingforseti sagði orðið laust um þingskjal nr. 5 um rafíþróttir.

Viðar Garðarsson úr framkvæmdastjórn ÍSÍ kom í pontu og þakkaði Klöru fyrir góða stjórnun á fundi allsherjarnefndar. Hann sagðist vera á þeirri skoðun að megininntak tillögunnar hafi breyst mikið í meðförum nefndarinnar og lagði fram breytingartillögu. Hann fór yfir breytingartillögu sína og nefndi sem rök að með þessu væri þetta í samræmi við Alþjóða Ólympíuhreyfinguna.

Gunnar Gestsson UMSS kom í pontu og kynnti sig, sagðist hafa setið með allsherjarnefnd og hafa átt þátt í breytingum nefndarinnar á tillögunni. Hann sagðist óttast að ekki væri almennur skilningur á hugtakinu rafíþróttir. Hann sagði það sinn skilning að hugtakið rafíþróttir væri í raun regnhlífarhugtak. Setja verði sambærilega skilgreiningu á hugtakið rafíþróttir eins og allar aðrar íþróttir. Að undir rafíþróttir falli þær greinar sem hægt er að iðka án þess að hafa raftækið í höndunum.

75. Íþróttaping ÍSÍ

Hörður Oddfríðarson SSÍ kom í pontu og taldi ekki skipta öllu máli hvort yfirstrikuð málsgrein verði inni í tillögunni eða ekki en rétt sé þó að fara eftir skilgreiningu alþjóða Ólympíuhreyfingarinnar.

Ingvar Sverrisson formaður ÍBR sagðist taka undir orð Gunnars Gestssonar. Hann telur tillöguna svona breytta vera í lagi og leggur til að þingið hafni því að yfirstrikuð málsgrein fari inn í tillöguna aftur.

Þingforseti bar breytingartillöguna upp til samþykktar, þar kemur fyrsta málsgreinin inn aftur. Felld með þorra atkvæða. Þá var þingskjalið frá nefndinni borið upp og var samþykkt með miklum meirihluta.

Þingskjal nr. 5

Tillaga um skilgreiningu á rafíþróttum

75. Íþróttaping ÍSÍ samþykkir að innan íþróttahreyfingarinnar verði hugtakið rafíþróttir notað um rafræna íþróttaleiki, bæði sýndaríþróttaleiki (hermileiki) og aðra íþróttaleiki sem byggja á viðurkenndum íþróttagreinum innan íþróttahreyfingarinnar.

Í þeim tilfellum sem rafíþróttir eru skilgreindar innan viðkomandi alþjóðasér sambanda eru það viðkomandi sér sambönd ÍSÍ sem fara með forræði þeirra hér á landi, enda byggja þær á viðurkenndum íþróttagreinum innan ÍSÍ.

Aðilar innan vébanda ÍSÍ eru hvattir til að virða útgefin aldursmörk þeirra leikja sem spilaðir eru á vettvangi þeirra, auk þess að tryggja að inntak leikjanna sé í samræmi við siðareglur og gildi viðkomandi félags og þeirra samtaka sem þau tilheyra.

Laganefnd

Þingforseti bauð Hauk Örn Birgisson um að gera grein fyrir störfum nefndarinnar í gegnum fjarfundabúnað. Haukur Örn fór yfir beiðni um formennsku við laganefnd frá því vor en sagðist vera með Covid-19 og staddan á Flúðum. Hann vonaðist til að þessi staða hans hefði ekki áhrif á þessa kynningu hans. Hann nefndi þá aðila sem voru í laganefnd og sagði að um 10 manns hefðu tekið þátt í störfum nefndarinnar. Hann nefndi tillögurnar þrjár sem lágu fyrir laganefnd og sagði þær allar hafa verið samþykktar en sumar með smá breytingum sem hann gerði grein fyrir. Haukur vakti athygli á grein 4.1.k í fyrsta kafla.

Þingforseti sagði orðið laust um breytingar á 1. kafla.

Gígja Gunnarsdóttir ÍBR kom í pontu og nefndi kafla f þar sem felld hefði verið burt að ofbeldi hefði verið bannað. Hún spurði af hverju og hvort þessi efnisliður væri þá kominn inn annarsstaðar.

Þingforseti opnaði fyrir frekari umræður sem ekki voru.

Haukur svaraði fyrirspurn Gígju á þá leið að hann fyndi hvergi í lögum ÍSÍ að ofbeldi væri í raun bannað og erfitt væri að segja það hvað varðar sumar íþróttagreinar. Hann taldi því rétt að fella þetta út enda skýrt tekið fram að í íþróttum eigi að ríkja drengskapur.

75. Íþróttaping ÍSÍ

Þingforseti sagði orðið laust um 1. kafla.

Hörður Oddfríðarson SSÍ kom í pontu og sagðist hafa hnotið um þessa breytingu líka. Hann sagði það sína skoðun að erfitt væri að banna ofbeldi í lögum þar sem innan okkar raða væru íþróttagreinar sem innhalda ofbeldi. Hann sagði það tillögu sína að bæta þessu efnisatriði aftur inn í kaflann og það um pappír til að skrifa það niður og skila inn.

Guðríður Adnegaard HSK kom í pontu og sagðist líka hafa hnotið um þetta atriði og sagði að sér hefði verið bent á að þetta væri tekið fyrir í i-lið greinarinnar.

Hörður sagðist þá draga sína tillögu til baka.

Þingforseti kom i pontu og þakkaði Guðríði fyrir að koma þingheimi aftur á réttan stall.

Gígja kom aftur í pontu og sagði það sína skoðun að strika ætti liðinn út þar sem orðið drengskapur kæmi fyrir þar sem það væri barn síns tíma.

Andri Stefánsson kom í pontu og sagði að líklega hafi þetta hugtak komið inn fyrir margt löngu og væri líklega vond þýðing úr fairplay. Hann lagði fram breytingartillögu og að hugtakið heiðarleiki yrði sett inn í stað hugtaksins drengskapur.

Þingforseti bar upp tillöguna um orðið heiðarleiki, sem var samþykkt samhljóða. Hann bar svo upp 1. kaflann sem samþykktur var samhljóða.

Haukur fór þá yfir 2. kafla laganna og vakti athygli á grein 5.a. Hann sagði að óheimilt yrði þá að ráða til starfa aðila sem væru með börn og unglinga sem hefðu hlotið dóm fyrir ávana- og fíkniefnabrot. Hann nefndi einnig breytingu á lið 5e. Hann nefndi líka grein 5.6 um tímabundið samstarf félaga, sameiginlegt keppnislið. Síðasta málsgreinin (síðustu tvær setningarinnar) falla út frá upphaflegri tillögu nefndarinnar. Hann útskýrði tilkomu tillögunnar, bæði þá jákvæðu þætti sem svona samstarf hefur og einnig þá neikvæðu. Hann sagði semsagt tímarammann hafa verið fjarlægðan en þetta kalli á ákveðnar skyldur.

Þingforseti opnaði umræður um breytingar á þessum kafla.

Frímami Ari ÍBR kom í pontu og það um skýringar á lið 5.2e. Hann hafði áhyggjur af hugtakinu eftirlit sem íþróttahéruðin ættu þá að hafa.

Klara Bjartmars kom í pontu og sagðist hafa áhyggjur af grein 5a. Hún telur að verið sé að veikja heimildir til að takmarka rétt þess fólks sem hlotið hefur dóm til að taka að sér t.d. þjálfarahlutverk. Hún spyr hvort hún sé að skilja þetta rétt?

Haukur útskýrði fyrir Klöru að sú efnislega breyting hefði orðið á greininni að nú væri sagt að ef viðkomandi hefur hlotið dóm fyrir t.d. kynferðisbrot þá mætti viðkomandi aðili ekki starfa með börnum að 18 ára aldri. Þetta væri í raun í takt við landslög.

Haukur svaraði Frímami og sagði að hann í raun svarað fyrirspurninni sjálfur og sagði að hugtökin eftirlit eða að fylgjast með væru álík hugtök að hans mati og sagði að hér væri ekki verið að fara dýpra í þessum efnun.

75. Íþróttapening ÍSÍ

Sólveig Jónsdóttir FSÍ kom í pontu og sagðist vilja benda á muninn á 2. kafla í grein 5a hvað varðar orðalag.

Gígja Gunnarsdóttir kom í pontu og sagði m.a. að hún teldi meira en blæbrigðamun á hugtökunum fylgjast með og eftirlit.

Þingforseti bar upp 2. kafla til samþykktar og féllu atkvæði þannig, 42 samþykkir, á móti 33. Hann er þ.a.l. ekki samþykktur þar sem 2/3 atkvæða þarf til lagabreytinga.

Lárus Blöndal kom í pontu og ræddi um breytingar kaflans og lagði til að þingið héldi því inni að þeir sem hlotið hefðu dóma í ávana og fíkniefnamálum yrðu ekki ráðnir til starfa í hreyfingunni. (5gr.a). Breytingartillaga frá Lárusi.

Þingforseti las tillögu Lárusar og sagði orðið laust.

Sólveig Jónsdóttir kom í pontu og taldi eðlilegt að endað væri á punkti á eftir orðunum „fimm árum“.

Magnús Ingólfsson frá DSÍ leggur til að tekið verði út úr greininni; „Ákvæði þetta nær einnig til þeirra sem falin er umsjón með börnum og ungmennum undir 18 ára aldri á grundvelli sjálfböðastarfs.“

Þingforseti útskýrði með Hauk á skjánum hvað stæði og hvað félli út af grein 5a.

Hann bar tillöguna upp og hún var samþykkt samhljóða. Hann fór yfir viðauka við 5. grein þar sem óheimilt væri að velja og/eða ráða til starfa innan íþróttahreyfingarinnar sem o.s.frv.

Haukur taldi þetta engu breyta þar sem hugtakið velja tæki yfir hugtakið ráða, gæti staðið fyrir hvort tveggja.

Þingforseti bar upp nýja breytingartillögu frá Magnúsi þar sem óheimilt væri að velja og/eða ráða til starfa einstaklinga sem hlotið hafa refsidóma vegna o.s.frv. Þingforseti telur þessari tillögu vera vísað frá vegna samþykktar fyrri tillögu. Hann las upp þá grein sem hann taldi hafa verið borin upp og samþykkt.

Þingforseti útskýrði lið 5.2.e og sagði vera komna breytingartillögu við þann lið.

Hafsteinn Pálsson kom í pontu og lagði fram breytingartillögu um að fylgst sé með viðkomandi félagi af hlutaðeigandi héraðssambandi/íþróttabandalagi.

Þessi breytingartillaga borin upp til samþykktar, samþykkt samhljóða.

Greinin borin upp í heild sinni, samþykkt samhljóða.

2. kafli borinn upp í heild, samþykkt.

Þingforseti gaf Hauki aftur orðið. Hann fór yfir breytingar á 3. aflu, vakti athygli á grein um iðkendatal, útskýrði líka grein um að skoðunarmenn reikninga væru ekki sjálfkjörnir til þátttöku á Íþróttapeningi o.fl. Hann nefndi líka grein 13.1, c um dagskrá Íþróttapings, lagt er til að „kosnir verði

75. Íþróttaping ÍSÍ

skoðunarmenn“ falli út. Loks ræddi hann um að 19. grein. eftir hugtakið stoðsvið falli burtu en ÍSÍ muni halda áfram að sjá um störf þeirra sviði sem áður báru þau verkefni.

Þingforseti sagði orðið laust.

Hörður Oddfríðarson vildi vekja athygli á því að í grein 12.1 þar væri verið að gera þeim sem væru stærri hærra undir höfði gagnvart þeim sem minni væru.

Gunnar Svavarsson FRÍ kom í pontu og sagðist langa til að koma fram með breytingartillögu en sagðist ekki gera það. Hann minnti á að nefndarstörfin væru til þess að ljúka eins og mögulegt væri störfum varðandi tillögur.

Gunnar Gestsson kom í pontu og lagði til að ábending Harðar Oddfríðarsonar yrði að tillögu (lagði hana fram) um að þessi breyting sem þar er kveðið á um verði strikuð út úr tillögunni.

Lárus Blöndal kom í pontu og sagðist taka undir tillögu Gunnars Gestssonar.

Þingforseti taldi að greinin, 12.1 yrði felld út, þ.e. breytingarnar sem áætlaðar voru frá laganefnd. Hann bar það upp til samþykktar og þær voru samþykktar samhljóða. Kaflinn (3.) var svo borinn upp í heild og var hann samþykktur samhljóða.

Haukur fór næst yfir lagabreytingar á 4. kafla sem mest væru lítt efnislegar, kærufrestir væru rýmkaðir, lokuð þinghöld gætu farið fram og heimild væri veitt dómsvaldinu til að leita sátta eins og gert væri hjá almennum dómstólum landsins, héraðsdómi og landsrétti. Hann nefndi að tvær tillögur frá Sigurði Albert Ármannssyni hefðu borist nefndinni en þær breyttu í raun ekki efnislega þeim lagagreinum sem fyrir lægju. Seinni tillagan barst reyndar of seint og var því ekki tekin fyrir hjá nefndinni.

Þingforseti gaf orðið laust.

Sigurður Albert Ármannsson kom í pontu og áréttaði það að við heyrðum oft áhugaverða framsetningu hjá þingforsetum s.s. hverjir eru samþykkir og hverjir eru á móti, þetta var reyndar til gamans gert hjá Sigurði Albert. Hann sagðist hafa komið í pontu fyrir líklega 8 árum og rætt um líkamsáras á Laugardalsvelli. Hann sagðist ítrekað hafa komið að lokuðum dyrum hvað varðar það mál á sínum tíma. Sigurður Albert kom með viðaukatillögu við grein 23 sem er svohljóðandi; „Það gildi einnig um forystumenn félaga, sjálfboðaliða á vegum félaga, framgöngu þjálfara og verklag þeirra í öllum samskiptum við iðkendur o.s.frv“

Þingforseti gaf Hauki orðið.

Haukur sagði þetta hafa verið rætt í nefndinni í gær og áleit alla verið sammála um það að tillögur Sigurðar væru að mörgu leyti góðar. Hann sagði að umræðum um þessi mál væri hvergi nærri lokið. Hann heldur að texti tillögunnar engan vegin eiga heima undir grein 20.3, það væri grein um allt önnur mál. Hann sagði tillögu Sigurðar efnislega góða en eðlilegra væri að taka umræður um hana undir annan lið á dagskrá.

Þingforseti bar upp tillögu Sigurðar Alberts og var henni hafnað með öllum atkvæðum nema tveimur. Hann bar kaflann upp í heild og var hann samþykktur samhljóða.

75. Íþróttaping ÍSÍ

Haukur fór yfir breytingar á 5. kafla, þar sem eingöngu væri um breytingar á lyfjamálum að ræða, breytingar á 6. kafla, i-liður þar sem eingöngu væri verið að gera tillögu um það sem þegar væri inni í h-lið. Í 7. kafla, 48c, er ný grein um stuðning sérsambands við héraðssambönd og íþróttabandalög varðandi eftirlit, og í 8. 9. og 10. kafla væri bara verið að færa til númer greina.

Liður 47.3.c, þingforseti gerir tillögu um að breyta hugtaki í samræmi við fyrri breytingar og nota hugtökin „að fylgjast með“ í stað hugtaksins „eftirlit“.

Þingforseti bar upp kaflana til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða.

Hann bar öll löginn upp svo breytt og var það samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 2

Tillaga um breytingar á lögum ÍSÍ

75. Íþróttaping ÍSÍ, haldið 9. október 2021, samþykkir eftirfarandi breytingar á lögum ÍSÍ.

LÖG ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBANDS ÍSLANDS

1. grein

- 1.1. Sambandið heitir Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, skammstafað ÍSÍ. Það er æðsti aðili frjálsrar íþróttastarfsemi í landinu, sbr. ákvæði íþróttalaga.
- 1.2. Varnarþing og heimili sambandsins er í Reykjavík.
- 1.3. Íþrótt er ástundun líkamlegrar þjálfunar til keppni og heilsuræktar.
- 1.4. ÍSÍ starfar sjálfstætt og ber að hafna öllum þrýstingi, hvort sem hann er af pólitískum, trúarlegum eða efnahagslegum toga, svo sem kveðið er á um í Ólympíusáttmálanum.
- 1.5. Sem landssamband á Íslandi, er nýtur viðurkenningar Alþjóðaólympíunefndarinnar (the International Olympic Committee – IOC) og heyrir Ólympíuhreyfingunni til, tekst ÍSÍ á hendur að sínu leyti og fyrir hönd framkvæmdastjórnar sinnar og allra sambandsaðila að virða Ólympíusáttmálann, reglur IOC og Alþjóðalyfjareglurnar og að hlíta ákvörðunum aðalfunda Alþjóðaólympíunefndarinnar.
- 1.6. Í samræmi við tilgang sinn og markmið sem landssamband heitir ÍSÍ því að leggja lið aðgerðum í þágu friðar og vinna að því að efla stöðu kvenna í íþróttum og íþróttamálum á grundvelli jafnréttis. Einnig heitir ÍSÍ því að styðja og efla virðingu siðareglna í íþróttum, að berjast gegn lyfjamisnotkun, hagræðingu úrslita í íþróttum og að sýna ábyrgu umhyggju gagnvart málefnum á sviði umhverfisverndar, er á reynir í sambandi við iðkun íþróttar.
- 1.7. Aðilar sem falla undir lög þessi skulu setja sér reglur sem leggja bann við veðmálum þeirra sem taka þátt í leikjum, með beinum eða óbeinum hætti, í tengslum við eigin leiki eða eigin mót. Þá skulu reglurnar leggja bann við því að heimilt sé að veita upplýsingar um íþróttir í þeim tilgangi að hafa áhrif á veðmál og fela í sér fjárhagslegan vinning.

75. Íþróttaping ÍSÍ

2. grein – Sambandsaðilar

- 2.1. ÍSÍ er landssamband héraðssambanda/íþróttabandalaga og sérsambanda.
- 2.2. Aðilar að héraðssamböndum/íþróttabandalögum eru félög sem hafa iðkun íþróttá stefnuskrá sinni.
- 2.3. Aðilar að sérsamböndum eru héraðssamböndin/íþróttabandalögin.

3. grein – Héraðssambönd/íþróttabandalög - Sérsambönd

- 3.1. Héraðssambönd/íþróttabandalög eru mynduð eftir legu og aðstöðu til samvinnu um iðkun íþróttá.
- 3.2. Sérsambönd eru mynduð um ákveðnar íþróttagreinar og eru landsamtök allra héraðssambanda/íþróttabandalaga, sbr. kafla 6, sem hafa iðkun þeirrar íþróttagreinar á stefnuskrá sinni.
- 3.3. Þau félög innan hvers héraðssambands/íþróttabandalags sem leggja stund á sömu íþróttagreini, geta myndað sérráð sbr. kafla 8.
- 3.4. Aðeins má viðurkenna eitt sérsamband fyrir hverja íþróttagreini. Er þá við miðað, að það samband verði eða geti orðið aðili að alþjóðasérsambandi fyrir þá íþróttagreini, er njóti viðurkenningar Alþjóðaólympíunefndarinnar.
- 3.5. Ólympísk sérsambönd eru þau sambönd, er eiga aðild að viðurkenndu alþjóðasérsambandi fyrir íþróttagreinar, sem eru á dagskrá Ólympíuleikanna. Ber þessum samböndum að halda uppi virkri starfsemi á sviði íþróttagreinar sinnar heima fyrir og á alþjóðavettvangi, einkum með því að skipuleggja og taka þátt í keppnismótum og sjá fyrir kerfisbundinni þjálfun íþróttamanna.

4. grein – Tilgangur og markmið

- 4.1. Tilgangur sambandsins er að:
 - a) Efla, samræma og skipuleggja íþróttastarfsemi, sbr. íþróttalög.
 - b) Stuðla að þróun afreksíþróttá svo og almenningsíþróttá (íþróttá fyrir alla).
 - c) Annast samstarf um íþróttamál við ríkisvaldið og aðrar lögmætar stofnanir að þeirri viðleitni að virkja íþróttir í þágu mannkyns.
 - d) Vera fulltrúi Íslands í íþróttamálum almennt gagnvart öðrum þjóðum.
 - e) Kynna grundvallaratriði Ólympíuhugsjónarinnar á vettvangi íþróttaiðkunar hér á landi og stuðla með öðrum hætti að útbreiðslu hennar, meðal annars með kynningu hugsjónarinnar innan vébanda íþróttakennslu og skólaíþróttá og fyrir tilstuðlan stofnana, er helgi sig fræðslu um Ólympíuhreyfinguna. Ennfremur með því að hlutast til um stofnun Ólympíuakademíu og Ólympíusafns og aðra menningarstarfsemi, sem tengd er Ólympíuhreyfingunni.
 - f) Tryggja að Ólympíusáttmálinn sé virtur á Íslandi.
 - g) Mynda, skipuleggja og leiða sendinefndir Íslands á Ólympíuleikum og á svæðaleikum, álfuleikum og fjölíþróttahleikum, sem haldnir eru undir vernd Alþjóðaólympíunefndarinnar. ÍSÍ tekur ákvörðun um þátttöku íþróttamanna, sem tilnefndir hafa verið af viðkomandi sérsamböndum. Það tilnefnið fararstjóra og ber ábyrgð á hegðun þeirra, sem sendir eru til leikanna.
 - h) Stuðla að þjálfun leiðtoga í íþróttum með skipulagningu námskeiða, er taki mið af grundvallaratriðum Ólympíuhugsjónarinnar.
 - i) Berjast gegn hvers kyns mismunun og ofbeldi í íþróttum, hvort sem um er að tefla mismunun vegna kynþáttar, trúarbragða, stjórnmálaskoðana, kynferðis, kynhneigðar eða af öðrum toga.

75. Íþróttaping ÍSÍ

- j) Berjast gegn notkun hvers kyns efna og aðferða sem bönnuð eru af IOC eða alþjóðasársamböndum. Gera ráðstafanir sem hafa að markmiði að koma í veg fyrir að heilsu íþróttamanna sé stefnt í hættu, í samræmi Alþjóðalyfjareglurnar.
 - k) Samþykkja og framkvæma Alþjóðalyfjareglurnar og tryggja með því að stefnur, Alþjóðalyfjareglur og lyfjareglur Lyfjaeftirlits Íslands, aðildar- og/eða fjármögnunarkröfur og verklagsreglur um meðferð niðurstaðna séu í samræmi við Alþjóðalyfjareglurnar og virði öll hlutverk og ábyrgðarsvið íþróttasamtaka sem eru skráð í Alþjóðalyfjareglurnar.
 - l) Í íþróttum ríki heiðarleiki.
 - m) Taka þátt í starfsemi Ólympíusamhjalparinnar.
 - n) Afla tekna er gera sambandinu kleift að halda fullu sjálfstæði. Tekjuöflun skal þó fara fram í samræmi við Ólympíusáttmálann og með þeim hætti að ekki rýri virðingu eða sjálfstæði ÍSÍ.
- 4.2. Sem landssamband innan Ólympíuhreyfingarinnar hefur ÍSÍ það markmið að tryggja framgang og verndun Ólympíuhreyfingarinnar hér á landi, í samræmi við Ólympíusáttmálann. Að þessu skal meðal annars unnið með því að halda uppi góðu samstarfi við stjórnvöld og við önnur frjáls samtök eða stofnanir. Aldrei má ÍSÍ þó tengjast við starfsemi eða athafnir, sem brjóta myndu í bága við Ólympíusáttmálann.
- 4.3. ÍSÍ hefur eitt heimild til að koma fram af Íslands hálfu á Ólympíuleikunum og á svæðaleikum, álfuleikum og öðrum fjölíþróttahleikunum, sem haldnir eru undir verndarvæng Alþjóðaólympíunefndarinnar. Jafnframt ber ÍSÍ skylda til að taka þátt í sumarólympíuleikum með því að senda þangað íþróttamenn.

2. KAFLI RÉTTINDI OG SKYLDUR FÉLAGA

5. grein – Starfsskilyrði í íþróttahreyfingunni

- 5.a) Óheimilt er að velja einstaklinga sem vitað er til að hafi hlotið refsidóma vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 til starfa innan íþróttahreyfingarinnar. Þetta gildir bæði um þá einstaklinga sem starfa sem sjálfboðaliðar og launþegar. Sama gildir um þá sem hlotið hafa refsidóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum.
- 5.1. Félag verður aðili að ÍSÍ með inngöngu í hlutaðeigandi éraðssamband/íþróttabandalag.
- 5.2. Skilyrði fyrir inngöngu í héraðssamband/íþróttabandalag eru að:
- a) Félagið hafi iðkun íþróttar sem samþykkt hefur verið af framkvæmdastjórn ÍSÍ á stefnuskrá sinni.
 - b) Félagið standi ekki fyrir iðkun íþróttar eða stundi þjálfun sem er ekki samþykkt af Alþjóðaólympíunefndinni eða Alþjóðaólympíunefnd fatlaðra og framkvæmdastjórn telur að geti vegna eðli íþróttarinnar/þjálfunarinnar valdið heilsutjóni.
 - c) Rekstur íþróttafélags sé einskorðaður við hagsmuni þess og þeirrar starfsemi sem tengist iðkun íþróttar og sé ekki í hagnaðarskyni.
 - d) Lög félagsins gangi hvorki í berhöggi við lög og reglur ÍSÍ né hlutaðeigandi héraðssambands/íþróttabandalags og hafi hlotið staðfestingu þeirra. Allar síðari lagabreytingar skulu staðfestar af stjórn hlutaðeigandi héraðssambands/íþróttabandalags og framkvæmdastjórn ÍSÍ.
 - e) Fylgst sé með viðkomandi félagi af hlutaðeigandi héraðssambandi/íþróttabandalagi. Ef málefni sem þarfnast skoðunar er á forræði sérsambands ÍSÍ, þá skal leita ráðgjafar hjá sérsambandi viðkomandi íþróttar.

75. Íþróttaping ÍSÍ

- f) Félagsaðild sé ávallt öllum frjáls og ekki séu aðrar takmarkanir á þátttöku í félagsstarfi en þær sem ytri aðstæður, t.d. þjálfunaraðstæður, leyfa. Skráning félagsaðildar tekur gildi þegar viðkomandi hefur verið skráður í sameiginlegu félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ og að sama skapi tekur úrsögn gildi þegar viðkomandi hefur verið skráður úr félagakerfinu. Það er á ábyrgð félagsmanns að ganga úr skugga um að skráning/afskráning hafi átt sér stað í félagakerfinu.
- g) Félagsmenn hafi allir sama rétt, þ.m.t. atkvæðisrétt um málefni félagsins, sbr. þó 7. gr.
- h) Nafn félagsins samrýmist íslensku máli og málvenju. Leitast skal við að velja ekki nafn á félagið sem er þegar í notkun hjá félagi/félögum á Íslandi.
- i) Félagið sé óháð erlendum samtökum um allt annað en alþjóðaíþróttareglur enda gangi þær hvorki í berhögg við lög ÍSÍ né reglur Alþjóðaólympíunefndarinnar, IOC.
- 5.3. Með inntökubeiðninni skal félagið senda lög og aðrar samþykktir sínar, félagatal, ásamt upplýsingum um stjórn, helstu nefndir og um stofndag félagsins.
- 5.4. Hafi félagið á stefnuskrá sinni iðkun íþróttar, sem hefur ekki áður verið stunduð innan aðildarfélags ÍSÍ skal viðkomandi héraðssamband/íþróttabandalag vísa umsókninni til ákvörðunar framkvæmdastjórnar ÍSÍ.
- 5.5. Hafi félagið á stefnuskrá sinni fleiri en eina íþróttagrein er félaginu heimilt að stofna deild um hverja þeirra, samanber lög viðkomandi félags. Stofnun deilda skal tilkynna til viðkomandi héraðssambands-/íþróttabandalags og viðkomandi sérsamband. Aðalstjórn félags fer með æðsta vald í félaginu milli aðalfunda og ber ábyrgð á starfi og fjárhag félagsins í heild.
- 5.6. Félögum er heimilt að eiga tímabundið samstarf um sameiginlegt keppnislið og skal það þá koma fram í heiti sameiginlega liðsins. Gera skal skriflegan samning um slíkt samstarf, þar sem m.a. skal kveða á um ábyrgð samstarfsfélaganna og hvernig skráningu iðkenda er háttað innan félaga. Slík keppnislið skulu ekki vera með skráða iðkendur eða stjórnarmenn, heldur skulu þeir einungis vera skráðir í samstarfsfélögin.

6. grein – Synjun á aðild

- 6.1. Neiti héraðssamband/íþróttabandalag félagi um inngöngu, má skjóta máli því til úrskurðar framkvæmdastjórnar ÍSÍ.

7. grein – Kjörgengi - kosningaréttur

- 7.1. Kjörgengi og kosningarétt til íþróttapings og til ársþinga sambandsaðila ÍSÍ hafa allir lögráða félagsmenn.

8. grein – Skýrslur

- 8.1. Fyrir 15. apríl árlega skulu sambandsaðilar ÍSÍ skila starfsskýrslu síðasta árs, sem meðal annars inniheldur félaga- og iðkendatal síðasta almanaksárs í gegnum félagakerfi íþróttahreyfingarinnar sem ÍSÍ leggur til. Aðili, sem ekki skilar skýrslum í tæka tíð missir rétt til þátttöku í íþróttapingi, svo og í opinberum íþróttamótum þar til skýrslum hefur verið skilað eða samið við framkvæmdastjórn um stuttan frest til þess. Við beitingu þessarar greinar skal leitast við að refsingu sé beitt gagnvart þeim aðila, deild, félagi eða sambandi sem ábyrgð bera á því að skýrslu er ekki skilað.

9. grein – Úrsögn sambandsaðila

- 9.1. Sambandsaðili sem segir sig úr ÍSÍ, telst ganga úr sambandinu frá upphafi næsta reikningsárs. Úrsögn er því aðeins gild, að hún hafi verið samþykkt með 4/5 hluta atkvæða viðstaddra atkvæðisbærra fulltrúa á lögmeðu ársþingi viðkomandi sambandsaðila.

75. Íþróttapening ÍSÍ

3. KAFLI – STJÓRN ÍSÍ

10. grein

- 10.1. Íþróttta- og Ólympíusambandi Íslands er stjórnað af:
- Íþróttapeningi
 - framkvæmdastjórn ÍSÍ
 - framkvæmdaráði
- 10.2. Reikningsár ÍSÍ er almanaksárið.

11. grein – Íþróttapening

- 11.1. Íþróttapening er æðsta vald um málefni ÍSÍ.
- 11.2. Íþróttapening skal haldið annað hvert ár, á tímabilinu 1. mars til 1. júní. Skal það auglýst með þriggja mánaða fyrirvara og ítrekað síðar. Framkvæmdastjórn ákveður fundarstað. Kjör eða tilnefning fulltrúa til setu á Íþróttapeningi fer sérstaklega fram fyrir hvert þing.
- 11.3. Eigi síðar en 2 vikum fyrir Íþróttapening skal senda aðilum dagskrá þingsins, reikninga, fjárhagsáætlun, tillögur sem borist hafa ásamt þeim tillögum sem framkvæmdastjórn hyggst leggja fyrir þingið.
Framlagning gagna fyrir og á Íþróttapeningi má vera á rafrænu formi, verði því við komið.
- 11.4. Tillögur sem óskast tekur fyrir á Íþróttapeningi, skulu hafa borist framkvæmdastjórn 4 vikum fyrir þingsetningu.
- 11.5. Á Íþróttapeningi skal kjósa 5 manna kjörnefnd og tvo til vara, sem starfar til loka næsta þings. Tilkynningar um framboð skulu berast kjörnefnd eigi síðar en 3 vikum fyrir Íþróttapening. Hafi ekki nægilegur fjöldi gefið kost á sér á þeim tíma, er kjörnefnd heimilt að framlengja framboðsfrestinn enda sé það tryggilega tilkynnt sambandsaðilum. Hafi, þrátt fyrir það, eigi borist næg framboð skal kjörnefnd hlutast til um að afla nauðsynlegs fjölda framboða. Til að tilkynning um að framboð teljist löglegt skal eitt ólympískt sérsamband og eitt héraðssamband eða íþróttabandalag hafa lýst yfir stuðningi við það. Kjörnefnd er eftirlitsaðili með kosningum.

12. grein

- 12.1. Á Íþróttapeningi eiga sérsambönd fulltrúa samkvæmt eftirgreindum reglum og iðkendafjölda síðastliðins almanaksárs:
- Sérsamband sem hefur 1.499 iðkendur eða færri á 2 fulltrúa, 1 frá stjórn sérsambands og 1 sem kjósa skal á sambandsþingi viðkomandi sambands.
- Sérsamband sem hefur 1.500 - 5.999 iðkendur á 3 fulltrúa, 1 frá stjórn sérsambands og 2 sem kjósa skal á sambandsþingi viðkomandi sambands.
- Sérsamband sem hefur 6.000 - 11.999 iðkendur á 5 fulltrúa, 1 frá stjórn sérsambands og 4 sem kjósa skal á sambandsþingi viðkomandi sambands.
- Sérsamband sem hefur 12.000 iðkendur eða fleiri á 7 fulltrúa, 2 frá stjórn sérsambands og 5 sem kjósa skal á sambandsþingi viðkomandi sambands.
- Hvert sérsamband skal kjósa jafnmarga varamenn og nemur fulltrúatölu þess.
- Sambandsþingum sérsambanda er heimilt að vísa vali á fulltrúum á Íþróttapening til stjórna sambanda enda sé það samþykkt af 4/5 þingfulltrúa.
- Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar er sérsambandi heimilt að hafa í lögum sínum ákvæði þar sem kveðið er á um að stjórn sambands velji fulltrúa á Íþróttapening ÍSÍ.

75. Íþróttaping ÍSÍ

- 12.2. Héraðssambönd og íþróttabandalög eiga samanlagt jafn marga fulltrúa á Íþróttapingum og sérsambönd fá samkvæmt grein 12.1. Skiptast fulltrúar á héraðssamböndin og íþróttabandalögin í hlutfalli við fjölda félagsmanna samkvæmt félagatali síðastliðins almanaksárs fyrir Íþróttaping. Þó skal hvert héraðssamband og íþróttabandalag fá að lágmarki 1 fulltrúa á Íþróttaping. Héraðssamband/íþróttabandalag sem hefur einungis einn fulltrúa á Íþróttapingi, á rétt á að auki einum áheyrnarfulltrúa sem hefur tillögurétt og málfrelsi en ekki atkvæðisrétt. Hvert héraðssamband/íþróttabandalag skal kjósa jafnmarga varamenn og nemur fulltrúatölu þess.
- Frá héraðssamböndum og íþróttabandalögum sem hafa færri en 10.000 félagar skal einn fulltrúi koma frá stjórn viðkomandi sambands/bandalags, tveir ef félagsmenn eru á bilinu 10.000 til 19.999, þrír ef félagsmenn eru á bilinu 20.000 til 29.999 og fjórir ef félagsmenn eru 30.000 eða fleiri. Aðrir fulltrúar skulu kosnir á fundi sambandsins/bandalagsins.
- Sambandsþingum héraðssambanda/íþróttabandalaga er heimilt að vísa vali á fulltrúum á Íþróttaping til stjórna héraðssambanda/íþróttabandalaga enda sé það samþykkt af 4/5 þingfulltrúa. Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar er héraðssambandi/íþróttabandalagi heimilt að hafa í lögum sínum ákvæði þar sem kveðið er á um að stjórn héraðssambands/íþróttabandalags velji fulltrúa á Íþróttaping ÍSÍ.
- 12.3. Á Íþróttapingi skulu þessir fulltrúar einnig eiga sæti með atkvæðisrétt: Fulltrúar Alþjóðaólympíunefndarinnar á Íslandi, ef um er að ræða. Fulltrúi, sem kjörinn er til setu í nefndinni á grundvelli þess, að hann eigi ríkisfang og búsetu eða aðalbækistöð sína á Íslandi, skal einnig eiga sæti í framkvæmdastjórn ÍSÍ, sbr. gr. 17.1.
- Kjörinn fulltrúi í Alþjóðaólympíunefndinni, heiðursfélagi hennar eða félagi, sem nefndin hefur heiðrað með aðild, má ekki eiga sæti á Íþróttapingi eða í framkvæmdastjórn ÍSÍ, hafi honum verið vísað úr nefndinni.
- Tveir fulltrúar íþróttamannanefndar ÍSÍ.
- 12.4. Allir fulltrúar skulu vera tilgreindir á kjörbréfi frá viðkomandi sambandsaðila og skal kjörbréfum skilað inn til framkvæmdastjórnar eigi síðar en 2 vikum fyrir Íþróttaping.
- 12.5. Rétt til setu á Íþróttapingi með málfrelsi og tillögurétt hafa:
- framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóri
 - heiðursforseti og heiðursfélagar
 - formaður dómstóls ÍSÍ og forseti áfrýjunardómstóls ÍSÍ
 - formenn fastanefnda.
 - Auk þess getur framkvæmdastjórn boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til.
- 12.6. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála nema annað segi í lögum þessum um tiltekin mál eða málaflokka. Þegar teknar eru ákvarðanir varðandi ráðstöfun lottótekna, þarf samþykki 2/3 hluta viðstaddra atkvæðisbærra fulltrúa. Enginn fulltrúi getur farið með fleiri en þrjú atkvæði og þá eingöngu fyrir það samband/bandalag sem hann er fulltrúi fyrir á þinginu.
- 12.7. Við afgreiðslu á málum er tengjast Ólympíuleikum, Ólympíuleikum ungmenna, Smáþjóðaleikum, Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar, Evrópuleikum, Heimsstrandarleikum ANOC og Ólympíusamhjálpinni gilda aðeins atkvæði ólympísku sérsambandanna, enda hafi meirihluti ólympískra sérsambanda samþykkt það. Komi slík krafa fram skulu ólympísku sérsamböndin greiða um það atkvæði áður en mál er tekið til afgreiðslu.
- Við atkvæðagreiðslur hefur hvert ólympískt sérsamband eitt atkvæði og fara sömu fulltrúar ólympískra sérsambandanna og lýst geta yfir stuðningi við framboð skv. gr. 11.5. með atkvæði sérsambandanna.

75. Íþróttaping ÍSÍ

Komi ekki fram krafa um að ólympísku sérsamböndin greiði ein atkvæði eða hafi slík krafa ekki hlotið stuðning meirihluta ólympísku sérsambandanna skulu gilda sömu reglur um meðferð þessara mála og um önnur mál. Verði ágreiningur um það hvort mál tengist ofangreindum ólympísku málaflokkum skal þingforseti úrskurða um það. Bera má úrskurð þingforseta undir Íþróttapingið og við þá atkvæðagreiðslu skulu fulltrúar ólympísku sérsambandanna fara með meirihluta atkvæða.

- 12.8. Það samræmist ekki stöðu ÍSÍ sem samtaka á sviði frjálsrar íþróttastarfsemi, að opinber stjórnvöld tilnefni fulltrúa á Íþróttaping með atkvæðisrétti. Á hinn bóginn er sambandsaðilum frjálst að kjósa menn, er gegna stjórnunarstörfum í þágu ríkis eða sveitarfélaga, sem fulltrúa sína á Íþróttapingi. Hið sama á við um kjör eða tilnefningu fulltrúa samkvæmt gr. 12.3.
- 12.9. Fulltrúar á Íþróttapingi skulu ekki þiggja laun af neinu tagi vegna starfa sinna. Þessi meginregla hefur þó ekki áhrif á laun manna, sem gegna stjórnunarstörfum á sviði íþróttar.

13. grein – Dagskrá Íþróttapings

13.1. Dagskrá Íþróttapings skal vera eftirfarandi:

1. Forseti setur þing.
2. Kjörnir 1. og 2. þingforseti.
3. Kjörnir 1. og 2. þingritari.
4. Kosning 5 manna kjörbréfanefndar.
5. Kjör Heiðursfélaga ÍSÍ
6. Ávörp gesta.
7. Lögð fram skýrsla framkvæmdastjórnar.
8. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.
9. Umræður og samþykkt reikninga.
10. Kosning þingnefnda:
 - a) Fjárhagsnefnd 5 manna.
 - b) Allsherjarnefnd 5 manna.
 - c) Laganefnd 5 manna.
 - d) Afreksnefnd 5 manna
 - e) Aðrar nefndir skv. ákvörðun þings hverju sinni.
11. Stofnun nýrra sérsambanda.
12. Lagabreytingatillögur.
13. Móta- og keppendareglur ÍSÍ.
14. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði.
15. Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið og þingmeirihluti leyfir.
16. Þingnefndir starfa.
17. Kjörnefnd kynnir framboð.
18. Þingnefndir gera grein fyrir störfum sínum.
19. Tillögur fjárhagsnefndar.
20. Kosningar:
 - a) Framkvæmdastjórn sbr. 17. gr.
 - b) Staðfesting fulltrúa Íþróttamannanefndar ÍSÍ í framkvæmdastjórn, sbr. grein 17.1. c-lið.
 - d) Sex dómara í dómstól ÍSÍ og sex dómara í áfrýjunardómstól ÍSÍ.

75. Íþróttaping ÍSÍ

e) Kjörnefnd 5 manna og tveir til vara, sbr. grein 11.5

Allar kosningar gilda fram að kosningu á næsta Íþróttapingi að undanskilinni kosningu til framkvæmdastjórnar er gildir til fjögurra ára. Þær skulu vera skriflegar nema aðeins sé stungið upp á jafnmörgum og kjósa skal.

20. Þingslit.

14. grein – Aukaping

- 14.1. Aukaping skal kalla saman með a.m.k. mánaðar fyrirvara:
 - a) Eftir ákvörðun Íþróttapings.
 - b) Þegar a.m.k. helmingur sambandsaðila óskar þess.
- 14.2. Tillögur um málefni sem óskast tekin fyrir á aukapingi skulu hafa borist framkvæmdastjórn ÍSÍ 15 dögum fyrir þingsetningu.
- 14.3. Eigi síðar en 10 dögum fyrir aukaping skal senda aðilum dagskrá þingsins.
- 14.4. Á aukapingi má ekki gera breytingar á lögum eða öðrum reglum ÍSÍ né kjósa í stjórn þess, nema bráðabirgðastjórn, ef meiri hluti framkvæmdastjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum ástæðum, eða stjórnin að eigin dómi hefur orðið óstarfhæf.
- 14.5. Fulltrúar á aukapingi eru þeir sömu og kjörnir voru til næsta reglulegs þings á undan og gilda sömu kjörbréf. Kjósa má nýja fulltrúa í stað þeirra sem eru látnir, veikir eða hættir afskiptum af starfi þeirra sambandsaðila sem þeir voru fulltrúar fyrir.
- 14.6. Að öðru leyti gilda um aukaping sömu ákvæði og um reglulegt Íþróttaping.

15. grein – Formannafundur

- 15.1. Forseti skal boða til formannafundar á tímabilinu október til desember ár hvert. Formannafundur skal boða með minnst mánaðar fyrirvara, og dagskrárliðir kynntir eigi síðar en tveimur vikum fyrir fund. Formannafundur er ráðgefandi samkoma og er heimilt að álykta um málefni tengd starfsemi ÍSÍ og skulu þær ályktanir vera í samræmi við lög og stefnu sambandsins.
- 15.2. Formannafundur sækja:
 - a) Framkvæmdastjórn ÍSÍ
 - b) Formenn og framkvæmdastjórar héraðssambanda/íþróttabandalaga
 - c) Formenn og framkvæmdastjórar sérsambandaÍ forföllum formanna héraðssambanda/íþróttabandalaga og sérsambanda taka varaformenn sæti í þeirra stað. Að öðrum kosti stjórnarmenn samkvæmt ákvörðun hlutaðeigandi stjórnar. Að auki getur framkvæmdastjórn boðið öðrum aðilum að sitja fundi ef hún telur ástæðu til.
- 15.3. Skylt er að boða til formannafundar ef helmingur formanna óskar þess skriflega.
- 15.4. Ferðakostnaður fundarmanna greiðist af ÍSÍ.

16. grein – Dagskrá formannafundar

- 16.1. Dagskrá formannafunda skal vera eftirfarandi:
 1. Fundarsetning.
 2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
 3. Skýrsla framkvæmdastjórnar um liðið ár.
 4. Fjármál ÍSÍ.
 5. Umræður um skýrslu og fjármál.
 6. Tillögur til kynningar um stofnun nýrra sérsambanda.
 7. Framtíðarsýn.

75. Íþróttaping ÍSÍ

8. Mál sem framkvæmdastjórn leggur fyrir formannafund hverju sinni.
9. Önnur mál.
10. Fundarslit.

17. grein – Framkvæmdastjórn

- 17.1. Í framkvæmdastjórn ÍSÍ eiga sæti:
 - a) Fulltrúi Alþjóðaólympíunefndarinnar (IOC) á Íslandi, hafi hann verið kjörinn í nefndina á grundvelli ríkisfangs og búsetu eða aðalbækistöðvar hér á landi.
 - b) 15 menn kosnir á Íþróttapingi.

Kosning fari þannig fram:

 1. Forseti
 2. 14 meðstjórnendur. Kosning skal fara þannig fram að kjörtímabil er fjögur ár og skal helmingur meðstjórnenda kjörinn á hverju Íþróttapingi.
 - c) Einn meðstjórnandi er tilnefndur af Íþróttamannanefnd ÍSÍ, skv. Reglugerð ÍSÍ um Íþróttamannanefnd ÍSÍ og samþykktur af Íþróttapingi ÍSÍ.
 - d) Stjórnin velur sér 1. varaforseta, 2. varaforseta og gjaldkera úr sínum hópi. Falli forseti frá eða hættir á kjörtímabilinu tekur 1. varaforseti sæti hans fram að næsta Íþróttapingi. Sé forsetakjör ekki á dagskrá þess þings skal þrátt fyrir það kjörinn nýr forseti til tveggja ára. Hætti meðstjórnandi störfum eða falli hann frá skal kosinn meðstjórnandi í hans stað á næsta Íþróttapingi og skal kjörtímabil hans vera það sama og þess sem hann kemur í stað.
- 17.2. Framkvæmdastjórnin heldur fundi eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Milli funda annast framkvæmdaráð, þar sem sitja forseti, 1. varaforseti, 2. varaforseti og gjaldkeri um erindi sem berast framkvæmdastjórn og afgreiðslu þeirra. Framkvæmdastjóri sér um daglegan rekstur sambandsins. Forseti boðar til funda í framkvæmdastjórn. Komi til atkvæðagreiðslu á fundi framkvæmdastjórnar og atkvæði falla jöfn, þá skal atkvæði forseta ráða úrslitum.
- 17.3. Þeir sem kjörnir eru í framkvæmdastjórn, mega ekki gegna formennsku í sérsambandi eða héraðssambandi/íþróttabandalagi. Hið sama gildir um formann Afrekssjóðs ÍSÍ.
- 17.4. Þinggerðir Íþróttapings, er lúta að kosningu til framkvæmdastjórnar, skulu sendar Alþjóðaólympíunefndinni í endurriti, sem forseti og framkvæmdastjóri ÍSÍ staðfesta fyrir þess hönd. Breytingar á skipan framkvæmdastjórnar á kjörtímabili hennar skulu tilkynntar með hliðstæðum hætti.

18. grein – Störf framkvæmdastjórnar

- 18.1. Helstu störf framkvæmdastjórnar eru þessi:
 - a) Að fylgja eftir samþykktum Íþróttapings.
 - b) Að stýra málefnum ÍSÍ milli Íþróttapinga.
 - c) Að annast rekstur sambandsins.
 - d) Að sjá um viðskipti við innlenda og erlenda aðila um mál, sem ekki heyra undir sérsambönd.
 - e) Að fylgjast með störfum sérsambanda og héraðssambanda/íþróttabandalaga. Skal framkvæmdastjórn í þessu skyni:

75. Íþróttaping ÍSÍ

- f) Hafa fullan aðgang að bókhaldi og fylgiskjöllum sambandsaðila og ef ástæða þykir til getur framkvæmdastjórn tilnefnt sérstakan endurskoðanda fyrir sérsamband eða héraðssamband/íþróttabandalag og fyrirskipað ítarlega rannsókn á fjárreiðum viðkomandi sambandsaðila. Sambandsaðili getur krafist þess að bókhaldsgögn fari eingöngu um hendur löggilts endurskoðanda. Fylgjast með því að lögum og reglum ÍSÍ og sambandsaðila þess sé hlýtt. Fylgjast með því að þing/aðalfundur sambandsaðila séu haldnir og ef þörf krefur, annast um boðun og framkvæmd þeirra. Úrskurða í deilum á milli sambandsaðila.
- g) Að sjá til þess að samdar séu almennar reglur, er gilda skuli fyrir allar íþróttagreinir.
- h) Að semja og gefa út reglugerðir um störf nefnda.
- i) Að gegna hlutverki sérsambandsstjórnar í þeim íþróttagreinum, þar sem sérsamband hefur ekki verið stofnað.
- j) Að banna heimsóknir erlendra keppenda hingað til lands, telji framkvæmdastjórnin þær miður heppilegar fyrir hagsmuni heildarsamtakanna.
- k) Að staðfesta lög sambandsaðila.

19. grein – Skipun fastanefnda

- 19.1. Í upphafi starfstíma síns skipar framkvæmdastjórn fastanefndir og ráð sem sitja fram að næsta íþróttapingi.
Þær fastanefndir sem skipa skal eru: Stjórn Afrekssjóðs, Heilbrigðisráð, Fjármálaráð, Laganefnd, Heiðursráð, Upplýsinga- og fjölmiðlanefnd og Alþjóðanefnd.
Að auki telst Íþróttamannanefnd ÍSÍ til fastanefnda en í hana er valið samkvæmt Reglugerð ÍSÍ um Íþróttamannanefnd ÍSÍ.
Aðrar nefndir eru skipaðar eftir því sem tilefni gefst til að mati framkvæmdastjórnar. ÍSÍ skal m.a. annast afreks- og Ólympíumál, þróunar- og fræðslumál, og málefni almenningsíþróttar. Ráðgjafahópa skal skipa eftir þörfum.

4. KAFLI – DÓMSTÓLAR ÍSÍ

4.1 Dómstólaskipan og sameiginleg ákvæði

20. grein – Dómstigin

- 20.1. Dómstig dómstóla Íþróttar- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) eru tvö, Dómstóll ÍSÍ og Áfrýjunardómstóll ÍSÍ. Nefnast þau einu nafni dómstólar ÍSÍ.
- 20.2. Dómstólar ÍSÍ hafa aðsetur í höfuðstöðvum ÍSÍ.
- 20.3. Dómstólar ÍSÍ hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan íþróttahreyfingarinnar og sem varða lög og reglur Íþróttar- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ), sérsambanda, héraðssambanda, íþróttabandalaga, aðildarféлага eða einstakra iðkenda eftir því sem við á.
- 20.4. Dómstóll ÍSÍ er fyrsta dómstig í málum sem upp koma innan íþróttahreyfingarinnar sbr. þó grein 20.6 og er Áfrýjunardómstóll ÍSÍ æðsti dómstóll innan íþróttahreyfingarinnar.
- 20.5. Dómstólar ÍSÍ byggja niðurstöður sínar á lögum og reglum ÍSÍ og sambandsaðila þeirra sem og meginreglum íþróttaréttar.
- 20.6. Þrátt fyrir grein 20.3 er sérsamböndum innan Íþróttar- og Ólympíusambands Íslands heimilt að ákveða í lögum sínum að viðkomandi sérsamband hafi sérstaka dómstóla, undirdómstig og áfrýjunardómstig, innan viðkomandi sambands.
Málefni sérsambanda heyra undir dómstóla ÍSÍ þar til lagabreyting sem tiltekur að viðkomandi sérsamband hafi tekið upp eigið dómstólakerfi með undirdómstigi og áfrýjunardómstigi, hefur verið staðfest af framkvæmdastjórn ÍSÍ. Dómstólar þeirra sérsambanda sem taka upp eigið dómstólakerfi skulu lúta dómstólareglum viðkomandi

75. Íþróttaping ÍSÍ

sérsambands og skulu öll ágreiningsmál er varða þá íþróttagrein rekin fyrir viðkomandi sérsambandsdómstólum. Lög ÍSÍ um dómstólaskipan skulu þó standa þeim til fyllingar, eftir því sem við getur átt.

ÍSÍ skal á skrifstofu sinni halda skrá yfir þau sérsambönd sem hafa eigin dómstóla og skulu sérsambönd tilkynna án tafar allar breytingar sem verða á dómstólaskipan sinni.

20.7 Dómstóll ÍSÍ er þó ávallt fyrsta dómstig er varða brot á 2. grein og 10. grein í lyfjareglum Lyfjaeftirlits Íslands.

21. grein – Almenn hæfisskilyrði

21.1. Kjörnir dómarmar dómstóla ÍSÍ skulu fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

- a) að vera svo á sig komnir andlega og líkamlega að þeir geti gegnt embættinu,
- b) að hafa lokið embættisprófi í lögum
- c) að hafa náð 25 ára aldri,

21.2. Meðdómarmar sem taka sæti í dómstól ÍSÍ skulu hafa almenna þekkingu á íþróttalögum og málefnum íþróttahreyfingarinnar, eða aðra þá sérþekkingu sem nauðsynleg telst í viðkomandi máli.

22. grein – Vanhæfi

22.1. Dómari, þar á meðal meðdómari, er vanhæfur til að fara með mál ef:

- a) hann er aðili að málinu eða fyrirsvarsmaður aðila.
- b) hann hefur gætt réttar aðila varðandi sakarefnið eða veitt aðila leiðbeiningar um það, umfram skyldu sem dómarmar hafa.
- c) hann hefur borið eða verið kvaddur til að bera vitni um atvik málsins af réttmætu tilefni eða verið mats- eða skoðunarmaður um sakarefnið.

d) hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.

e) hann tengist eða hefur tengst fyrirsvarsmanni eða málflytjanda með þeim hætti er segir í d-lið.

f) hann tengist eða hefur tengst vitni í málinu með sama hætti og segir í d-lið.

g) hann hefur komið að úrlausn málsins á fyrri stigum þess.

h) fyrir hendi eru önnur atvik eða aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa, m.a. ef dómari eða nánin skyldmenni eru félagsbundin aðila máls.

22.2. Verði allir dómarmar dómstóls vanhæfir til setu í dómsmáli skal framkvæmdastjórn ÍSÍ skipa dómara á stjórnarfundum sínum sem uppfyllir hæfisskilyrði til að fara með málið. Sé um fjölskipaðan dóm að ræða skal sá sem skipaður er af framkvæmdastjórn velja aðra dómara.

4.2 Dómstóll ÍSÍ

23. grein – Skipan dómsins

23.1. Dómarmar dómstóls ÍSÍ skulu vera sex, kosnir á reglulegu íþróttapingi til setu í dómnum til næsta reglulega þings.

23.2. Á fyrsta dómarafundi eftir reglulegt íþróttaping skulu dómarmar koma saman og kjósa dómsformann. Náist ekki niðurstaða með kosningu hver skuli kosinn formaður dómsins skal varpað hlutkesti milli þeirra sem flest atkvæði fá í kosningu. Þá skal kosinn fyrsti og annar varaformaður dómsins með sama hætti.

75. Ípróttaping ÍSÍ

- 23.3. Dómurinn skal hafa starfsaðstöðu á skrifstofu ÍSÍ. Allar kærur skulu berast á skrifstofu dómsins. Formaður ákveður hver af hinum reglulegu dómurum fer með það mál sem er til meðferðar. Mál skal rekið þar sem hagkvæmast er fyrir aðila hverju sinni.
- 23.4. Einn dómari skal fara með hvert mál.
- 23.5. Í málum sem varða meint brot á 43. gr. laga ÍSÍ og þegar fram koma varnir af hálfu kærða ber dómara að kalla til tvo meðdómara í dóminn og skal a.m.k. annar þeirra hafa lokið háskólaprófi í læknisfræði eða öðrum lífvísindum. Nú telur dómari þörf á meðdómurum, þrátt fyrir að varnir hafi ekki komið fram, og er honum þá einnig heimilt, í samráði við formann dómsins, að kalla til tvo meðdómara. Meðdómarar þurfa ekki að vera löglærðir.

24. grein – Kærufrestur

- 24.1. Kærufrestur til dómstóls ÍSÍ er sjö virkir dagar og skal talið frá og með deginum eftir að atvik það, sem kært er bar við eða ástandi lauk ef um ástandsbrot er að ræða séu ekki skemmri frestir ákveðnir í lögum viðkomandi sérsambands. Í málum er varða brot á 43. grein laga ÍSÍ skal kærufrestur þó vera fjórar vikur frá því að öll gögn málsins berast ákærunefnd Lyfjaeftirlits Íslands.
- 24.2. Dómstóll ÍSÍ getur veitt leyfi til að mál sé höfðað eftir að kærufrestur er liðinn ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.
- 24.3. Sé máli vísað frá dómi hefur kærandi frest í fimm virka daga til að skjóta málinu aftur fyrir dómstólinn. Frestur skal byrja að líða þegar frávísun berst kæranda og almennir frídagar skulu ekki telja með.

75. Íþróttaping ÍSÍ

25. grein – Meðalganga og upplýsingagjöf

- 25.1. Telji aðili að mál varði mikilsverða hagsmuni hans, er honum heimilt að beina þeirri kröfu til dómsins að hann verði aðili málsins. Krafa þessi þarf að koma fram svo fljótt sem verða má og eigi síðar en við aðalflutning málsins.

26. grein – Form og efni kæru

- 26.1. Kæra skal vera skrifleg. Dómstóll ÍSÍ skal láta útbúa sérstakt eyðublað sem nota má sem kæru. Eyðublað þetta skal liggja frammi á skrifstofu ÍSÍ.
- 26.2. Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í kæru:
- Nafn, kennitala og heimilisfang kæranda.
 - Nafn kærða, kennitala og heimilisfang.
 - Nafn fyrirsvarsmanns kæranda, heimilisfang hans, símanúmer, númer myndsendis og netfang.
 - Greinargóð lýsing á því hvaða kröfur eru gerðar í málinu.
 - Lýsing helstu málavaxta.
 - Tilvísun til þeirra lagareglna sem við eiga.
 - Lýsing á helstu röksemdum aðila málsins.
 - Lýsing á þeim gögnum sem kærandi byggir mál sitt á, ásamt ljósriti af þeim gögnum.
 - Upptalning á þeim vitnum sem kærandi mun kalla til skýrslutöku.
- 26.3. Kæra, ásamt fylgigögnum, skal send dómnum í tveimur eintökum.

27. grein – Málsmeðferð

- 27.1. Mál telst höfðað með því að kæra berst á skrifstofu ÍSÍ. Kærandi á rétt á því að fá kvittun fyrir móttöku kærunnar.
- 27.2. Formaður dómsins skal svo fljótt sem hægt er taka afstöðu til þess hvort einhverjir formgallar samkvæmt 26. gr., eða skortur á aðild/aðildarhæfi, geri að verkum að málið sé ekki tækt til meðferðar. Séu slíkir gallar á málinu skal dómsformaður vísa málinu frá dómi með úrskurði.
- 27.3. Telji dómsformaður að málið sé réttilega höfðað og innan kærufrests skal hann innan tveggja virkra daga ákveða hvaða dómari skuli fara með málið.
- 27.4. Sé dómsformaður forfallaður skulu varaformenn annast þau verkefni sem til falla í þeirri röð sem þeir eru kosnir.
- 27.5. Dómari sem fær mál til meðferðar skal án tafar senda kærða (varnaraðila) áskorun um að halda uppi vörnum í málinu ásamt afriti af kærinni. Áskorunina skal senda með ábyrgðarbréfi eða á annan sannanlegan hátt. Almennt skal frestur til að skila greinargerð ekki vera lengri en ein vika. Greinargerð varnaraðila skal uppfylla þau skilyrði er koma fram í 26. grein, eftir því sem við getur átt.
- 27.6. Hver aðili skal hafa rétt á túlki við skýrslugjöf ef dómstóllinn telur þörf á því. Dómstóllinn metur hverju sinni á hvorn aðila kostnaður af slíkri þjónustu fellur.
- 27.7. Dómari getur óskað eftir skriflegum athugasemdum frá sérsambandi eða öðrum þeim sem málið varðar.
- 27.8. Þegar dómari hefur mótttekið greinargerð varnaraðila, skal hann boða til þinghalds, þingfesta málið og ákveða framhald þess, þ.m.t. hvort málið skal flutt munnlega eða skriflega. Ef mál er ekki munnlega flutt skal aðilum gefinn stuttur frestur til að skila skriflegum athugasemdum. Dómari getur ákveðið annan hátt á málsmeðferð eftir þingfestingu.

75. Íþróttaping ÍSÍ

- 27.9. Dómur skal kveðinn upp innan 10 virkra daga frá því að málflytningi lauk eða málið var tekið til efnismeðferðar/úrskurðar. 27.10. Birta skal aðilum dóm eða úrskurð á ábyrgðarbréfi eða á annan sannanlegan hátt, ef þeir eru ekki viðstaddir dómsuppsögn og skal þá jafnframt greint frá heimild aðila til áfrýjunar, áfrýjunarfresti og hvert áfrýja megi.
- 27.10. Tilkynna skal alla dóma um óhlutgengi félagi hins dómfellda og viðkomandi héraðssambandi/íþróttabandalagi og viðkomandi sérsambandi, ef um einstakling er að ræða, en hlutaðeigandi samtökum íþróttahreyfingar-innar, ef dómþoli er félag.

28. grein Lokað þinghald

- 28.1 Þinghald skal háð í heyranda hljóði. Hvort sem aðili krefst þess eða ekki getur dómari ákveðið að þinghald fari fram fyrir luktum dyrum, telji hann það nauðsynlegt:
- til hlífðar aðila eða öðrum sem málið varðar.
 - af velsæmisástæðum.
- 28.2 Ákvörðun skal tilkynnt málsaðilum svo fljótt sem auðið er og greint frá því af hverri ástæðu hún var tekin ásamt rökstuðningi þess efnis. Ákvörðun þessi verður ekki endurskoðuð af æðri dómstól nema að kröfu aðila við áfrýjun máls sbr. grein 28.4.
- 28.3 Hafi dómari samkvæmt grein 28.1. lokað þinghaldi skal niðurstaða dómstólsins aðeins birt hafi persónuupplýsingar og aðrar viðkvæmar upplýsingar sem fram koma í málinu verið afmáðar úr dómnum. Við sérstakar aðstæður er dómara heimilt að ákveða að aðeins verði birtur útdráttur úr dómi með helstu málsatvikum og niðurstöðu ef afmáning persónuupplýsinga dugir ekki til að halda viðkvæmum persónuupplýsingum leyndum sem almennt skuli fara leynt með.
- 28.4 Sé máli skotið til Áfrýjunardómstóls ÍSÍ hefur áfrýjunardómstóllinn heimild til að endurmeta ákvörðun dómara dómstóls ÍSÍ um lokað þinghald enda krefjist aðili þess fyrir æðri dómstól að þinghald sé opið.

29. grein – Flýtimeðferð máls

- 29.1. Telji formaður dómsins augljóst við skoðun á kæru sem honum berst, að brotið hafi verið gegn lögum og reglum íþróttahreyfingarinnar, er honum heimilt að beina þeirri kröfu til gagnaðila, að hann upplýsi innan sólarhrings hvort hann hyggst hafa varnir uppi í málinu og hverjar þær varnir séu. Komi í ljós að engar varnir verða hafðar uppi í málinu eða ef framkomnar varnir eru bersýnilega tilgangslausar er honum heimilt með úrskurði að dæma kæranda í hag.
- 29.2. Heimilt er að skjóta úrskurði samkvæmt gr. 29.1. til Áfrýjunardómstóls ÍSÍ. Fer um það skv. 35. gr.

30. grein – Tilnefning talsmanns fyrir dómi

- 30.1. Hver málsaðili á rétt á málssvara á eigin kostnað við meðferð málsins fyrir dómstólum ÍSÍ. 30.2. Telji dómurinn að hætta sé á að málsstaður annars málsaðila verði fyrir tjóni vegna þess að hann er ekki fær um að koma sínum sjónarmiðum að í málinu, getur formaður dómsins upplýst framkvæmdastjóra ÍSÍ um slíkt. Framkvæmdastjóri ÍSÍ skal þá skipa aðila til að gæta hagsmuna viðkomandi málinu.

31. grein – Kæururéttur

- 31.1. Rétt til kæru hefur hver sá, einstaklingar, félag og félagasamtök, sem misgert er við og hagsmuni hafa af niðurstöðu máls.

75. Íþróttaping ÍSÍ

- 31.2. Sér sambönd, héraðssambönd/íþróttabandalög og félög geta höfðað mál vegna allra atriða er varða viðkomandi sér samband, héraðssamband/íþróttabandalag eða félag.
- 31.3. Framkvæmdastjórn ÍSÍ, getur höfðað mál vegna allra brota á reglum ÍSÍ.
- 31.4. Lyfjæftirlit Íslands getur höfðað mál vegna brota á 45. grein.

32. grein - Sættir

- 32.1 Dómari leitar sátta ef aðilar fara með forræði á sakarefni nema hann telji víst að sáttatilaun verði árangurslaus vegna eðlis málsins, afstöðu aðila eða annarra ástæðna.
- 32.2 1) Dómari getur synjað aðilum um að gera dómssátt ef hann telur ólöglegt að gera hana, efni hennar óljóst eða ómögulegt að efna hana. Dómari kveður upp úrskurð um þetta ef þess er krafist.
2) Dómssátt má gera um hluta máls. Verður það þá rekið áfram að öðru leyti. Ef sátt tekst um annað en málskostnað skal hann ákveðinn með úrskurði.
3) Sátt má gera um kröfur þótt þær hafi ekki verið gerðar fyrir dómi.
- 32.3 Dómssátt fyrir dómi skal birt eins og aðrar úrlausnir dómstólsins.

4.3 Áfrýjunardómstóll ÍSÍ

33. grein – Skipan dómsins

- 33.1. Í áfrýjunardómstól ÍSÍ skulu eiga sæti sex dómáram kosnir af reglulegu Íþróttapingi til setu í dómnum til næsta reglulega þings.
- 33.2. Forseti dómsins og varaforseti skulu kosnir á fyrsta dómárafundi eftir reglulegt Íþróttaping. Verði atkvæði jöfn við kosningu, skal varpað hlutkesti milli þeirra sem flest atkvæði fá í kosningu.

34. grein – Fjöldi dómara

- 34.1. Þrjú dómáram skulu dæma hvert mál fyrir dómstólnum. Forseti dómsins skal ákveða hverju sinni hvaða þrjú dómáram skuli fara með mál. Forseti, eða varaforseti í forföllum hans, skal úrskurða um hæfi einstakra dómenda.

35. grein – Áfrýjun

- 35.1. Heimilt er að skjóta til áfrýjunardómstóls ÍSÍ, dómum og úrskurðum dómstóls ÍSÍ.
- 35.2. Þar sem sér samband ákveður að hafa sérstaka dómstóla þá verður málum þeirra ekki skotið til áfrýjunardómstóls ÍSÍ. Þó er heimilt að áfrýja þeim málum áfrýjunardómstóla sér sambanda sem varða Ólympíusáttmálann eða túlkun á honum. Áfrýjunardómstóll ÍSÍ ákveður í þessum tilvikum hvort kæruatriði séu þess eðlis að hann eigi um þau að fjalla. Ef áfrýjunardómstóllinn hafnar kæruatriðum áfrýjanda er málinu endanlega lokið.
- 35.3. Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstólsins skal vera ein vika frá því að aðila máls var fyrst kunnugt um niðurstöðu málsins, en þó eigi síðar en 4 vikum eftir að dómur undirréttar var upp kveðinn.
- 35.4. Sá sem hyggst áfrýja máli skal senda áfrýjunardómstólnum sérstaka greinargerð þar sem lýst er þeim sjónarmiðum sem áfrýjandi byggir á ásamt gögnum málsins.

75. Íþróttaping ÍSÍ

35.5. Eftirtaldir aðilar hafa áfrýjunarrétt í málum er varða brot á 2. gr. í lyfjareglum Lyfjaeftirlits Íslands af hálfu íþróttamanns :

- a) hinn ákærði
- b) ákærunefnd Lyfjaeftirlits Íslands
- c) Alþjóða Lyfjaeftirlitsstofnunin World Anti-Doping Agency, WADA
- d) viðkomandi alþjóðlegt sérsamband
- e) annar framkvæmdaraðili lyfjaeftirlits, sem hefði getað farið fram á refsingu yfir ákærða samkvæmt eigin reglum
- f) Alþjóðaólympíunefndin eða eftir atvikum Alþjóðaólympíunefnd fatlaðra

36. grein – Ný gögn og málsmeðferðarreglur

36.1. Ný gögn skulu ekki lögð fram fyrir áfrýjunardómstól. Vitna og aðilaskýrslur skulu ekki fara fram.

36.2. Dómstólnum er heimilt að víkja frá ákvæði 1.mgr. þegar sérstaklega stendur á.

36.3. Málsmeðferðarreglur kafla 4.2 laganna skulu gilda um áfrýjunardómstól ÍSÍ eftir því sem við á.

4.4 Almenn ákvæði

37. grein – Tegundir brota

37.1. Undir dómstóla ÍSÍ heyra öll brot á lögum ÍSÍ, sérsambanda, héraðssambanda/íþróttabandalaga og félaga samkvæmt þeim lögum og reglum er um það gilda sbr. þó 2. ml. 1. mgr. 20. gr. og auk þess:

1. Brot gegn móta- og leikreglum.
 - a) Að láta skrá íþróttamann til keppni gegn vilja hans eða að honum forspurðum.
 - b) Að koma ekki til leiks án löglegra forfalla, ef hlutaðeigandi íþróttamaður hefur látið skrá sig til keppni.
 - c) Að blekkja eða reyna að blekkja starfsmann í leik eða óhlýðnast fyrir mælum sem hann gefur stöðu sinni samkvæmt.
 - d) Að koma ósæmilega fram við eða ögra starfsmanni meðan á móti eða sýningu stendur eða síðar sakir atvika, sem þar gerðust.
 - e) Að taka þátt í keppni eða sýningu með eða undir forsjá aðila, félags eða einstaklings, sem úrskurðaður hefur verið óhlotgengur, enda hafi óhlotgengisúrskurðurinn verið birtur samkvæmt grein 27.10 og 27.11.
 2. Brot gegn íþróttasamtökum.
 - a) Að bera yfirvöld, einstaklinga eða félög innan íþróttahreyfingarinnar röngum sökum eða kæra þau að ástæðulausu.
 - b) Að blekkja eða reyna að blekkja yfirvald innan íþróttahreyfingarinnar með röngum skýrslum, eða villandi upplýsingum.
 - c) Að koma ósæmilega fram við, ögra eða hafa í hótunum við yfirvald innan íþróttahreyfingarinnar vegna atvika sem standa í sambandi við trúnaðarstörf yfirvaldsins fyrir íþróttahreyfinguna.
 3. Brot gegn áhugamannareglum sérsambanda ÍSÍ.
 4. Brot út á við, sem valda íþróttahreyfingunni álitshnekki.
 - a) Að koma svo fram, að íþróttunum sé álitshnekkir að.
 - b) Brot gegn hegningarlögunum, sem hafa í för með sér sviptingu borgaralegra réttinda.
 5. Brot gegn reglum ÍSÍ um keppnisferðir.
-

75. Íþróttaping ÍSÍ

38. grein – Dómsniðurstöður

- 38.1. Dómstólar ÍSÍ geta í dómsorði auk efnisniðurstöðu m.a. kveðið á um eftirfarandi réttindi og skyldur til aðila málsins:
- a) Dæmt mót ógild og eftir atvikum dæmt að mót skuli endurtekið.
 - b) Dæmt leiki ógilda, látið endurtaka þá eða dæmt um úrslit þeirra.
 - c) Ákvarðað dagsektir gagnvart aðildarfélögum, héraðssamböndum/íþróttabandalögum og sérsamböndum en ekki einstaklingum. Dagsektir renni til ÍSÍ.
 - d) Ákveðið sektir á félög og sérsambönd.
 - e) Málskostnað, ef málsgrundvöllur telst vera tilefnislaus.
- 38.2. Þær refsingar sem dómstólar ÍSÍ geta beitt eru:
- a) Áminning.
 - b) Vítur.
 - c) Óhlutgengi
 - i) útilokun frá þátttöku í æfingum, keppnum og sýningum innan íþróttahreyfingarinnar, tímabundið eða ævilangt
 - ii) svipting réttar til að gegna trúnaðarstörfum innan íþróttahreyfingarinnar (hefur ekki í för með sér missi almennra félagsréttinda eða keppnisréttar) tímabundið eða ævilangt.
 - d) Aðrar refsingar er lög eða reglur sérsambanda, héraðssambanda/íþróttabandalaga og félaga tiltaka.
- 38.3. Ef verulegar líkur eru til að ætla að íþróttamaður verði úrskurðaður óhlutgengur skv. grein 38.2. c-lið og brýna nauðsyn ber til, er dómstól ÍSÍ heimilt að úrskurða um bráðabirgðabann við þátttöku hans í æfingum, keppnum og sýningum á vegum sambandsaðila ÍSÍ eða félaga eða deilda innan þeirra og við því að hann gegni trúnaðarstörfum innan íþróttahreyfingarinnar, enda hafi komið fram rökstudd krafa um það frá aðila sem kærurétt hefur skv. 31. gr. Meðferð slíkra mála skal vera skv. 29. gr. Bráðabirgðabannið tekur gildi frá þeim tíma sem íþróttamanninum er tilkynnt um það. Hafi ekki verið ákært og dæmt í málinu þegar fjórar vikur eru liðnar frá þeim tíma, skal dómstóll ÍSÍ taka ákvörðun um hvort bráðabirgðabannið verður framlengt eða fellt úr gildi. Heildarlengd bráðabirgðabanns má þó aldrei verða meiri en lengd þess refsitíma sem ætla má að lokadómur í hverju máli kveði á um. Útgáfa, framlenging eða niðurfelling bráðabirgðabanns skal tilkynnt skriflega íþróttamanninum, félagi hans og sérsambandi því er hann heyrir undir, með sannanlegum hætti. Hafi íþróttamaður verið úrskurðaður í bráðabirgðabann áður en hann er dæmdur til refsingar skv. gr. 38.2.c-lið skal lengd þess koma til frádráttar þeim refsitíma sem lokadómur í málinu kveður á um.

39. grein – Þingbækur/Dómabækur

- 39.1. Við dómstóla ÍSÍ skulu vera haldnar sérstakar þingbækur, sem mega vera á rafrænu formi. Við fyrirtöku máls skal rita skýrslu í þingbók um það sem fram fer, hvaða gögn eru lögð fram, hverjir mæta í máli og hvað er afráðið um rekstur máls. Í þingbók skal jafnframt færa þær ákvarðanir sem teknar eru í málinu. Efni þingbókar skal að jafnaði ekki birt almenningi.
- 39.2. Við dómstóla ÍSÍ skal haldin sérstök dómabók, sem má vera á rafrænu formi, sem hefur að geyma uppkveðna dóma og úrskurði. Dómabók skal vera aðgengileg á heimasíðu ÍSÍ.

75. Íþróttaping ÍSÍ

40. grein – ÍSÍ sérsamband

40.1. Framkvæmdastjórn ÍSÍ í þeim greinum, sem ÍSÍ er sérsamband fyrir, og stjórnir sérsambanda, í sínum greinum, geta kveðið upp óhlutgengisúrskurði yfir íþróttamönnum, sem brotlegir eru, en skylt er að skjóta slíkum úrskurðum til Dómstóls ÍSÍ sem ber þegar að taka slík mál fyrir.

41. grein – Niðurfelling refsingar

41.1. Íþróttapingi er heimilt með minnst 2/3 greiddra atkvæða að fella niður refsingu eða veita dæmdum aðila full réttindi að nýju innan íþróttahreyfingarinnar.

5. KAFLI HEILBRIGÐIS- OG LYFJAMÁL

42. grein – Heilbrigðisráð

42.1. Framkvæmdastjórn ÍSÍ skipar 5 menn í Heilbrigðisráð ÍSÍ til tveggja ára í senn og skal amk. einn þeirra vera læknir.

42.2. Hlutverk Heilbrigðisráðs ÍSÍ er:

- a) Að vera framkvæmdastjórn og sambandsaðilum til ráðgjafar varðandi heilbrigðismál íþróttamanna.
- b) Að vera til ráðgjafar varðandi fræðslu er lýtur að heilbrigðismálum íþróttamanna.
- c) Að vera ráðgefandi vegna skipulags á heilbrigðisþjónustu við íþróttamenn og hópa sem taka þátt í alþjóðlegum mótum á vegum ÍSÍ eða njóta styrkja úr Afrekssjóði ÍSÍ.

43. grein – Lyfjæftirlit Íslands

43.1. Framkvæmdastjórn ÍSÍ skipar tvo menn í stjórn Lyfjæftirlits Íslands til tveggja ára í senn.

44. grein

44.1. Lyfjæftirlit Íslands skipuleggur og fer með eftirlit með lyfjamisnotkun íþróttamanna, ásamt því að fara með ákærvald í málum er varða brot á lyfjareglum Lyfjæftirlits Íslands.

45. grein

45.1 Lyfjareglur Lyfjæftirlits Íslands skulu byggðar á Alþjóðalyfjareglunum (World Anti Doping Code), sem gefnar eru út af Alþjóðalyfjæftirlitinu (World Anti Doping Agency, WADA).

6. KAFLI HÉRAÐSSAMBÖND OG ÍÞRÓTTABANDALÖG

46. grein

46.1. Samkvæmt íþróttalögum er landinu skipt í íþróttahéruð. Í hverju íþróttahéraði skal vera eitt héraðssamband/íþróttabandalag allra íþróttafélaga í héraðinu til að vinna að hinum ýmsu hagsmunamálum þeirra.

46.2. Hlutverk héraðssambanda/íþróttabandalaga er:

- a) Að stjórna sameiginlegum íþróttamálum héraðsins og vera þar fulltrúi ÍSÍ, en sérráð, er stofnuð eru, fara með stjórn sérgreinamála innan héraðsins.
- b) Að annast samstarf um íþróttamál við sveitar- og bæjarstjórnir og aðra opinbera aðila innan héraðs.
- c) Að varðveita og skipta milli félaganna því fé, sem til þess hefur verið veitt í því skyni.

75. Íþróttaping ÍSÍ

- d) Að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttamóta í héraði.
- e) Að hafa frumkvæði um eflingu íþróttastarfs innan héraðs.
- f) Að staðfesta lög/lagabreytingar aðildarfélaga og halda utan um staðfest lög félaga og skila yfirliti til ÍSÍ yfir lög aðildarfélaga í lok hvers árs.
- g) Að tilkynna ÍSÍ og viðkomandi sérsambandi um stofnun nýrra félaga og deilda.
- h) Að fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild. Í því skyni skal héraðssamband/íþróttabandalag hafa fullan aðgang að bókhaldi og fylgiskjöllum aðildarfélaga/sérráða sinna og ef ástæða þykir til getur stjórn viðkomandi héraðssambands/íþróttabandalags tilnefnt sérstakan skoðunarmann reikninga fyrir félagið og fyrirskipað ítarlega rannsókn á fjárreiðum viðkomandi aðildarfélags/sérráðs. Aðildarfélag/sérráð getur krafist þess að bókhaldsgögn fari eingöngu um hendur löggilts endurskoðanda.

- 46.3. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund á tilsettum tíma, skal stjórn héraðssambandsins/íþróttabandalagsins, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.
- Árþvingi héraðssambands/íþróttabandalags er heimilt, hafi íþróttafélag ekki farið að lögum og/eða fyrirmælum þess, að ákveða að víkja félaginu úr héraðssambandinu/íþróttabandalaginu.
- Ákveði árþving héraðssambands/íþróttabandalags að víkja félagi úr því er héraðssambandinu/íþróttabandalaginu skylt að tilkynna það til ÍSÍ og viðkomandi sérsambands/sérsambanda.

47. grein

- 47.1. Héraðssambandi/íþróttabandalagi er stjórnað af:
- a) Héraðsþingi
 - b) Héraðsstjórn
- 47.2. Lög héraðssambands/íþróttabandalags og lagabreytingar, sem gerðar kunna að verða, skulu lagðar fyrir framkvæmdastjórn ÍSÍ til staðfestingar.
- 47.3. Héraðsþing skal halda ekki sjaldnar en á tveggja ára fresti. Þing héraðssambanda/íþróttabandalaga er ekki heimilt að halda á sömu dögum og Íþróttaping eða formannafundur ÍSÍ fara fram.
- 47.4. Í lögum héraðssambanda/íþróttabandalaga skulu vera ákvæði um eftirfarandi:
- a) Héraðsþing séu boðuð með auglýsingu og/eða tilkynningu með eigi minna en eins mánaðar fyrirvara.
 - b) Hvert aðildarfélag og sérráð eigi rétt á að tilnefna fulltrúa á Héraðsþing skv. nánari reglum þar um í lögum héraðssambandsins/íþróttabandalagsins.
 - c) Val fulltrúa miðist við félagsmenn samkvæmt félagatali síðastliðins almanaksárs.
 - d) Ákvæði um dagskrá þingsins.
 - e) Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir Héraðsþing skuli senda aðildarfélögum, sérráðum og öðrum sem rétt eiga til þingsetu með eigi minna en einnar viku fyrirvara.
 - f) Við atkvæðagreiðslu almennra mála og í kosningum ráði einfaldur meirihluti atkvæða viðstaddra atkvæðisbærra fulltrúa en til lagabreytinga þurfi 2/3 hluta sömu fulltrúa.

75. Íþróttaping ÍSÍ

7. KAFLI SÉRSAMBÖND

48. grein

- 48.1. Sérsamband er samband héraðssambanda/íþróttabandalaga í hlutaðeigandi íþróttagrein. Sérsamband hefur heimild til að hafa bein boðskipti við þau félög sem hafa iðkun íþróttagreinar viðkomandi sérsambands á stefnuskrá sinni.
- 48.2. Sérsamband er æðsti aðili innan ÍSÍ um sérfræðileg málefni íþróttagreinar sinnar.
- 48.3. Sérsamband skal senda ÍSÍ árlega starfsskýrslu.
- 48.4. Hlutverk sérsambanda er í meginatriðum:
- Að vinna að stofnun nýrra sérráða og efla á annan hátt viðkomandi sérgrein í landinu.
 - Að setja nauðsynlegar reglur, löggilda dómara, ráðstafa landsmótum og staðfesta met.
 - Að veita héraðssamböndum og íþróttabandalögum stuðning við að fylgjast með aðildarfélögum þeirra, ef málefni sem þarfnast skoðunar heyra undir viðkomandi sérsamband.d) Að vera fulltrúi íþróttagreinar sinnar gagnvart erlendum aðilum og sjá um að reglur varðandi greinina séu í samræmi við alþjóðareglur.

49. grein

- 49.1. Sérsambandi er stjórnað af:
- Sérsambandsþingi.
 - Sérsambandsstjórn.
- 49.2. Sérsambandsþing skal halda ekki sjaldnar en á tveggja ára fresti. Óheimilt er að halda þau á sömu dögum og Íþróttaping eða formannafundur ÍSÍ fara fram.
- 49.3. Í lögum sérsambanda skulu vera ákvæði um eftirfarandi:
- Sérsambandsþing séu boðuð með auglýsingu og/eða tilkynningu með eigi minna en eins mánaðar fyrirvara. Fundarboð skal senda þeim aðilum sem eiga rétt á fulltrúa/fulltrúum á þingið samkvæmt lögum viðkomandi sérsambands.
 - Val fulltrúa á sérsambandsþingi miðist við fjölda iðkenda, félaga eða keppenda eða eftir annarri aðferð sem viðkomandi sérsamband ákveður og framkvæmdastjórn ÍSÍ samþykkir. Stjórn hvers héraðssambands/íþróttabandalags, sem hefur viðkomandi íþróttagrein innan sinna vébanda, skal þó eiga rétt á a.m.k. einum áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétt á sérsambandsþing til viðbótar við fulltrúa félaga innan viðkomandi héraðssambands/-íþróttabandalags.
 - Dagskrá sérsambandsþings sé ákveðin í lögum.
 - Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir sérsambandsþing, skuli senda viðkomandi aðilum með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara.
 - Við afgreiðslu almennra mála og í kosningum ráði einfaldur meirihluti atkvæða viðstaddra atkvæðisbærra fulltrúa, en til lagabreytinga þurfi 2/3 hluta sömu fulltrúa.

50. grein

- 50.1. Skyld er framkvæmdastjórn ÍSÍ að hafa forgöngu um stofnun sérsambands, ef a.m.k. fimm héraðssambönd/íþróttabandalög þar sem viðkomandi íþróttagrein er stunduð, æskja þess og iðkendafjöldi í íþróttagreininni er yfir 250.
- 50.2. Heimilt er framkvæmdastjórn ÍSÍ að hafa forgöngu um að leggja niður sérsamband ef íþróttagreinin er ekki stunduð a.m.k. innan þriggja héraðssambanda/íþróttabandalaga.

75. Íþróttaping ÍSÍ

- 50.3. Þegar stofnun sérsambands er ákveðin, skal framkvæmdastjórn ÍSÍ tilkynna það öllum héraðssamböndum/íþróttabandalögum og félögum þar sem viðkomandi íþróttagrein er stunduð og boða þessa aðila til stofnþings. Hvert héraðssamband/íþróttabandalag og hvert félag skal eiga kost á einum fulltrúa á stofnþingi. Eftir stofnun sérsambandsins heyra öll sérgreinamál íþróttarinnar undir stjórn þess.
- 50.4. Þegar niðurlagning sérsambands er ákveðin skal framkvæmdastjórn ÍSÍ tilkynna viðkomandi héraðssamböndum/íþróttabandalögum það bréflega.
- 50.5. Lög sérsambands og lagabreytingar, sem gerðar kunna að verða, skulu lagðar fyrir framkvæmdastjórn ÍSÍ til staðfestingar.

8. KAFLI SÉRRÁÐ

51. grein

- 51.1. Sérráð er samband þeirra félaga og félagsdeilda í íþróttahéraði, sem hafa iðkun sömu íþróttar á stefnuskrá sinni. Það fjallar um sérfræðileg málefni íþróttagreinar innan héraðsins. Um önnur mál er sérráð háð hlutaðeigandi héraðssambandi/íþróttabandalagi.

52. grein

- 52.1. Þar sem tvö eða fleiri íþróttafélög hafa iðkun sömu íþróttagreinar á stefnuskrá sinni, má héraðssamband/íþróttabandalag stofna sérráð.
- 52.2. Héraðssambönd/íþróttabandalög skulu setja starfsreglur um sérráð sem kynna þarf sérsambandi í viðkomandi íþróttagrein.

53. grein

- 53.1. Sérráði er stjórnað af sérráðsstjórn, sem skipuð er af stjórn viðkomandi héraðssambands/íþróttabandalags eða eftir annarri aðferð sem kveðið er á um í starfsreglum viðkomandi sérráðs.

9. KAFLI ALMENNINGSÍÞRÓTTIR

54. grein

- 54.1. Almenningsíþróttasvið í umboði framkvæmdastjórnar ÍSÍ er æðsti aðili varðandi almenningsíþróttir. Skal sviðið leggja áherslu á að efla þennan þátt í starfsemi íþróttahreyfingarinnar, bæði með verkefnum á sínum vegum en einnig skulu sambandsaðilar ÍSÍ sinna þessum þætti eftir föngum. 10. KAFLI ÝMIS ÁKVÆÐI

55. grein – Merki ÍSÍ

- 55.1. Merki ÍSÍ skal sýna gjósandi eldfjall hvílandi á Ólympíuhringjunum. Þrjár rauðar eldtungur eru táknið innri krafts, hreysti og hins ólympíska elds. Fjallið er stílfært úr fimm röndum í íslensku fánalitunum, blá og hvít til hvorrar hliðar og ein rauð í miðju.
- 55.2. Fáni ÍSÍ er hvítur með merki ÍSÍ í miðju.
- 55.3. Komi til álita að breyta fána eða merki ÍSÍ skal ákvörðun um það af hálfu Íþróttapings borin undir framkvæmdastjórn Alþjóðaólympíunefndarinnar, enda ber að leita samþykkis hennar við fána, merki eða einkennislagi, sem ÍSÍ noti í starfsemi sinni, þar á meðal á Ólympíuleikunum.

75. Íþróttaping ÍSÍ

56. grein – Merki Alþjóðaólympíunefndarinnar, IOC

- 56.1. Alþjóðaólympíunefndin, IOC, hefur einkarétt á allri notkun Ólympíutáknsins, Ólympíufánans, Ólympíukjörorðsins og Ólympíuóðsins svo sem lýst er í Ólympíusáttmálanum. ÍSÍ hefur einkarétt á notkun þessara tákna hér á landi fyrir hönd IOC. ÍSÍ er ekki heimilt að nota táknið né fánann, nema með samþykki IOC.

57. grein – Heiðursforseti

- 57.1. Íþróttaping kýs heiðursforseta ÍSÍ og þarf samþykki 4/5 hluta viðstaddra þingfulltrúa til að kjörið teljist gilt.
- 57.2. Heiðursforseti ÍSÍ hefur rétt til setu á framkvæmdastjórnarfundum, formannafundum og á Íþróttapingum, með málfrelsi og tillögurétti.
- 57.3. Heiðursforseti kemur fram fyrir hönd sambandsins, þegar framkvæmdastjórn eða forseti fela honum það.

58. grein – Heiðursfélagar

- 58.1. Heiðursfélaga má kjósa á Íþróttapingi.
- 58.2. Heiðursfélagar ÍSÍ hafa rétt til setu á Íþróttapingum með málfrelsi og tillögurétti.

59. grein – Félagsslit

- 59.1. Í lögum allra aðila að sambandinu skulu vera ákvæði um félagsslit svo og um ráðstöfun eigna sambandsaðila, þegar samtök slíkra aðila leysast upp eða hafa hætt störfum, að dómi framkvæmdastjórnar.

60. grein – Slit ÍSÍ

- 60.1. ÍSÍ verður ekki slitið nema á Íþróttapingi og þá því aðeins, að 4/5 hlutar atkvæðisbærra fulltrúa, þeirra er rétt eiga til setu á Íþróttapingi, samkvæmt lögum þessum samþykki þá ráðstöfun.
- 60.2. Með slíkri samþykkt er störfum þess þings tafarlaust lokið, en fráfarandi stjórn skal sitja áfram með fullu umboði. Skal hún boða til annars Íþróttapings sex mánuðum síðar. Sé þá aftur samþykkt með atkvæðum a.m.k. 4/5 hlutum atkvæðisbærra fulltrúa að slíta sambandinu, skulu það heita lögleg sambandsslit.

61. grein – Ráðstöfun eigna

- 61.1. Sé ÍSÍ þannig löglega slitið, skulu allar eignir þess renna í einn sjóð.
- 61.2. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en 2/3 hlutum ársvaxta hans skal varið til styrktar uppeldis- og íþróttamálum eftir ákvörðun þriggja manna nefndar.
- 61.3. Nefnd þessi skal þannig skipuð, að einn nefndarmanna sé tilnefndur af fráfarandi stjórn, annar sé tilnefndur af ráðuneyti íþróttamála og sá þriðji sé tilnefndur af Hæstarétti, og sé hann jafnframt formaður.
- 61.4. Falli nefndarmaður frá, tilnefnir Hæstiréttur mann í staðinn, þannig að nefndin sé ávallt fullskipuð.

62. grein – Brottrekstur

- 62.1. Ekki er unnt að víkja sambandsaðila úr ÍSÍ nema með samþykki Íþróttapings og þá því aðeins, að 2/3 hlutar atkvæðisbærra fulltrúa, þeirra er rétt eiga til setu á Íþróttapingi samkvæmt lögum þessum, samþykki þá ráðstöfun.

75. Íþróttapening ÍSÍ

63. grein – Lagabreytingar

63.1. Lögum þessum verður ekki breytt nema á Íþróttapeningi og þá aðeins með a.m.k. 2/3 hlutum atkvæða viðstaddra atkvæðisbærra fulltrúa.

64. grein – Túlkun gagnvart Ólympíusáttmálanum

64.1. Lög ÍSÍ skulu jafnan vera í samræmi við Ólympíusáttmálann, að því leyti sem hann getur átt við, og skírskota til hans berum orðum. Breytingar á lögnum frá því, sem Alþjóðaólympíunefndin hefur staðfest, skulu sendar nefndinni til staðfestingar með sama hætti, í endurriti, sem forseti og framkvæmdastjóri ÍSÍ votta fyrir þess hönd.

64.2. Leiki einhver vafi á um gildissvið eða túlkun laga ÍSÍ eða gæti misræmis í ákvæðum þeirra við Ólympíusáttmálann, sem í gildi er á hverjum tíma, skal farið eftir Ólympíusáttmálanum um öll atriði sem hann nær yfir.

64.3. Sérhverri ákvörðun eða dómi, sem Áfrýjunardómstóll ÍSÍ kveður upp, má skjóta með áfrýjun til Íþróttadómstólsins (Court of Arbitration for Sport) í Lausanne, Sviss, sem leysir þá endanlega úr ágreiningsmálinu í samræmi við Reglur um gerðardómsmeðferð mála á íþróttasviði (Code of Sports-Related Arbitration). Áfrýjunarfrestur er 21 dagur frá því að málsaðili fær í hendur þá ákvörðun, sem áfrýjunin varðar.

65. grein – Reglugerðir

65.1. Framkvæmdastjórn ÍSÍ setur með reglum og reglugerðum nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Ákvæði reglna og reglugerða sem nú eru í gildi, halda gildi sínu að því leyti sem ákvæði þeirra fara ekki í bága við lög ÍSÍ.

66. grein – Gildistaka

66.1. Lög þessi öðlast gildi þegar eftir samþykkt þeirra og falla þá eldri lög úr gildi.

Samþykkt á 75. Íþróttapeningi ÍSÍ 9. október 2021.

Haukur útskýrði breytingar á þingsköpum, liður 13.5, þegar atkvæði eru greidd í kosningum til framkvæmdastjórnar ÍSÍ, að alltaf þurfi að kjósa jafn marga og áskilið er hverju sinni, annars er atkvæðið ógilt.

Þingforseti bar upp tillöguna, samþykkt samhljóða.

Haukur útskýrði þingskjal 10, tillögu um reglur vegna brota sem upp koma innan íþróttahreyfingarinnar. Haukur útskýrði málin í ítarlegu og nákvæmu máli ekki síst í ljósi þess að hugsanlega þætti einhverjum þingfulltrúum tillagan koma með einhverjum hætti aftan að þingheimi. Sú breyting varð á tillögunni að sett voru tímamörk inn í hana.

Þingforseti gaf orðið laust.

Sigurður Albert kom í pontu og sagði þessa viðbót um tímamörk hafa komið frá sér. Hann sagðist hafa vonað að ÍSÍ myndi stíga til jarðar og taka betur á þessum málum en svo væri greinilega ekki. Hann sagði að ekkert yrði gert í þessum málum næstu tvö ár.

75. Íþróttaping ÍSÍ

Gunnar Gestsson kom í pontu og sagðist sammála um verkferla en taldi ekki rétt að þeir eigi að skilgreina hvað væri afbrot og hvað alvarlegt afbrot. Hann gerði það að tillögu sinni að hugtakið „alvarleg“ yrði tekið út úr tillögunni og þar standi bara afbrot.

Breytingartillaga Gunnars var borin upp af þingforseta og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn tveimur. Tillagan var svo borin upp með áorðnum breytingum og var samþykkt samhljóða.

Haukur þakkaði kærlega fyrir sig.

Afreksnefnd

Þingforseti bauð Sólveigu Jónsdóttur í pontu sem formann afreksnefndar.

Þingforseti sagði að þingskjal 6 kæmi frá Afreksnefnd og tvö þingskjöl á heimasíðu ÍSÍ sem eru endurnefnd þ.e. þingskjal X fær nr. 11 og þingskjal Y fær nr. 12.

Sólveig fór yfir fulltrúa og starfsfólk starfsnefndar um afreksmál sem skipuð var 7. maí. Haldið var málþing þann 27. september til að ræða um afreksstefnuna og tóku þátt um 50 fulltrúar sérsambanda og íþróttahéraða ásamt starfsnefnd. Niðurstaðan var að afreksstefnan sé góð og ekki ástæða til að breyta henni að undanskildum tveimur orðalagsbreytingum. Heilbrigðisvísindi í stað læknávisindi og svo málfarsbreyting.

Þingskjal 6 borið upp af þingforseta, samþykkt samhljóða.

Sólveig lagði til tvær tillögur að ályktunum fyrir þingið. Þingskjal 11, tillaga um áherslur og forgangs röðun verkefna tengd stefnuyfirlýsingu ÍSÍ í afreksmálum. Starfsnefnd leggur til að tillaga ÍSÍ verði samþykkt. Sólveig fór yfir tillöguna.

Þingforseti gaf orðið laust, enginn kvaddi sér hljóðs, þingskjalið borið upp og samþykkt samhljóða.

Sólveig fór yfir þingskjal 12, aðstöðumál. Lögð er til ályktun fyrir þingið um aðgengi að íþróttamannvirkjum. Sólveig fór yfir ályktunina.

Þingforseti gaf orðið laust um ályktunina.

Ingvar Sverrisson kom í pontu og spurði um hvaða mannvirki væri að ræða.

Sólveig taldi upp nokkur mannvirki sem öll eru í Reykjavík s.s Skautahöllin í Laugardal, sundlaugar og Laugardalshöll. Hún minntist á aðstöðuleysi fyrir landsleiki hjá KKÍ og HSÍ sem mest hefur verið í umræðunni og fjölmiðlum.

Ingvar kom aftur í pontu og sagði að það vantaði inn í ályktunina að geta um fjármagn og að það sé tryggt að það komi til vegna þess sem mannvirkin verða fyrir vegna þessa. Ingvar lagði til breytingatillögu, aftan við ályktunina, um að ríkið tryggi mannvirkjum fjármuni til að koma til móts við tekjutap við að íþróttahreyfingin fái meira aðgengi að íþróttamannvirkjum.

75. Íþróttaping ÍSÍ

Þingforseti gaf orðið laust um breytingatillögu Ingvars.

Freyr Ólafson kom í pontu og studdi tillögu Ingvars.

Þingforseti bar upp breytingartillögu Ingvars sem var samþykkt samhljóða, tillagan svo borin upp til samþykktar með áorðnum breytingum og var hún samþykkt samhljóða.

Sólveig þakkaði nefndarfólki og öðrum þátttakendum fyrir ánægjuleg störf.

Fjárhagsnefnd

Þingforseti tilkynnti um þingskjöl frá Fjárhagsnefnd sem eru þingskjál 9b og þingskjál Ö sem breytist í nr. 13.

Þingforseti bauð formann Fjárhagsnefndar, Gunnar Svavarsson í pontu. Gunnar kynnti nefndarfólkið og gerði grein fyrir störfum nefndarinnar, ræddi um vinnuhóp sem fjallaði um tillögur og störf hans. Hann sagði að einhugur hafi ríkt hjá nefndinni og niðurstaðan sé þrjúþætt og lýtur að orðalagsbreytingu og táknrænni breytingu. Í fyrsta lagi orðalagsbreyting þar sem hugtakið íþróttahéruð kæmi í stað héraðssambanda og sé samheiti yfir héraðssambönd og íþróttabandalög. Í öðru lagi að skipta lottótekjum eftir íbúafjölda 18 ára og yngri og þessir fjármunir tengist aðallega starfi 18 ára og yngri. Í þriðja lagi að bætt sé við 5. grein að ÍSÍ lýsi því yfir að fjármunirnir fari eingöngu til íþróttagreina sem eru viðurkenndar af ÍSÍ og uppfylla þar með alþjóðlegar lyfjaeftirlitsreglur.

Þingforseti sagði orðið laust um þingskjál 9b. Enginn kvaddi sér hljóðs, þingskjalið borið upp og var það samþykkt samhljóða.

Gunnar kom aftur í pontu og byrjaði á að lofsama framlag þátttakenda á þinginu til íþróttahreyfingarinnar. Hann útskýrði tillöguna sem fjallar um að starfrækja áfram nefnd um endurskoðun á regluverki skiptingar tekna frá Íslenskri Getspá. Gunnar benti á að þegar er vinnuhópur til staðar skipaður hópi einstaklinga sem eru fulltrúar helstu sambandsaðila íþróttahreyfingarinnar og UMFÍ líkt og regluverk ÍSÍ kveður á um. Hann mælti með að sá vinnuhópur haldi áfram sínum störfum og verði nefndin sem fjallar um tillöguna. Markmið nefndarinnar er að ljúka störfum fyrir íþróttaping ÍSÍ árið 2023 með því að skila inn tillögu sem hlýtur kynningu á því þingi.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjál 13, enginn kvaddi sér hljóðs og skjalið borið upp til samþykktar, samþykkt samhljóða.

Önnur mál

Þingforseti bauð fulltrúum Sportablar þeim Pálma Blængssyni og Markúsi Mána Michaelsyni að koma í pontu og fara yfir kerfið stuttlega. Pálmi kynnti kerfið með glærum út frá fjölgreinafélagi en kerfið verður tilbúið til notkunar fyrir næstu skil sem eru í byrjun næsta árs.

Þingforseti bauð Andra Stefánssyni í pontu. Andri kynnti samstarfsverkefni ÍSÍ og UMFÍ í skipulögðu íþrótt- og tólmundastarfi og tengjast ástandinu í Covid-19. Félagsmálaráðuneytið veitti verkefnunum fjárstuðning. Andri kynnti myndband sem er eitt af samstarfsverkefninu, *Er barnið*

75. Íþróttaping ÍSÍ

Þitt búið að finna sína íþrótt? Andri minnti einnig á gildi Íslenskrar Getspár og hversu mikilvægt væri að standa vörð um hana. Andri sýndi einnig stutt myndband frá fyrirtækinu. Hann hvatti þingheim til að lyfta íþróttastarfinu á enn hærra plan.

Þingforseti bauð næst Hafsteini Pálssyni í pontu. Hann ræddi um hugtakið göfuglyndi og sagði slæmt að hann hafi gleymt þessu ágæta hugtaki þegar lagabreytingartillögur voru fluttar hér fyrr á þinginu. Hann vonast til að koma því hugtaki fyrir síðar.

Þingforseti bauð Valdimar Leó Friðrikssyni í pontu og nefndi hugtökin gull, reykelsi og myrru í tengslum við hugtakið smjörklípu. Hann notaði tækifærið og þakkaði fyrir heiðurskrossinn. Hann kom inn á KSÍ og þau mál sem þar hefðu verið í gangi, vildi hrósa fráfaramandi stjórn og starfsfólki sambandsins og minnti á mikilvægi þess að verja hreyfinguna.

Þingforseti lokaði mælendaskrá og þakkaði fyrir hönd þingforsetanna beggja fyrir samveruna og traustið sem þeim var sýnt. Þingforseti gaf Lárusi orðið.

Lárus Blöndal kom í pontu og taldi þingið hafa sýnt aflið og styrkinn hjá íþróttahreyfingunni, hópurinn sé mjög fjölbreyttur með fjölbreytta þekkingu. Hann sagði að mörg mikilvæg mál væru framundan og nefndi að það væri alls ekki einfalt mál fyrir vinnuhópana að koma með lausnir. Hann sagði styttest í Vetrarólympíuleika í Peking en í augnablikinu væri Kína algjörlega lokað land. Í lok október kemur út playbook þar sem fjallað verður betur um skipulag leikanna en þetta gæti samt orðið enn flóknara og fleiri takmörkum háð en í Japan. Hann sagði það sína skoðun að mikilvægt væri að taka fjármálaráðstefnu og fara yfir málin meðal annars á formannafundi í nóvember.

Lárus kallaði starfsfólk ÍSÍ fram á gólfið og þakkaði því fyrir frábær störf. Að lokum kallaði hann þingforsetana fram og afhenti þeim gjafir fyrir vel unnin störf. Hann þakkaði fyrir þingið og vonaðist eftir góðri mætingu yfir kvöldverði í kvöld og sleit svo þingi.

Brynja Guðjónsdóttir 1. þingritari

Viðar Sigurjónsson 2. þingritari